

ATLI VIÐAR ÞORSTEINSSON
Skemmtilegast að
bjarga prinsessum
 græjur
allt | MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
Misskilningur
um leynda galla
 Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÁBÆR
OPNUNARTILBOÐ
 PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 564 3500

Parki
 INTERIORS

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

12. mars 2007 – 70. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR


Bjart fram undan
hjá Bjarti
 Styttist í útgáfudaga gullkálfa bókaútgáfunnar.
FÓLK 30

Glæsilegur Georg
 Jón Gnarr skartar stórkostlegum skalla og skeggi í nýrri þáttaröð.
FÓLK 30

Yndislega óvið-
eigandi
 Krístrún Heiða Hauksdóttir gagnrýnir söngleikinn Leg eftir Hugleik Dagsson.
MENNING 21

Chelsea slapp fyrir horn
 Chelsea slapp með jafntefli gegn Tottenham eftir að hafa lent 3-1 undir í ensku bikarkeppninni í gær.
ÍÞRÓTTIR 26

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA SKÚRIR EÐA ÉL - Í dag verður breytileg átt, 5-13 m/s. Snýst smám saman í hæga norðlæga átt í kvöld. Skúrir eða él en úrkomulítið lengst af austan till. Hiti 0-8 stig, svalast á Vestfjörðum.
VEÐUR 4

Auðlindafrumvarp talið koma of seint

Rúm 66 prósent eru hlynt fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum sem gera ráð fyrir að auðlindir verði skilgreindar sem þjóðareign, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Fáir telja þó að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi.

SKOÐANAKÖNNUN Rúm 66 prósent eru hlynt fyrirhugaðri breytingu á stjórnarskrá sem gerir ráð fyrir að auðlindir landsins verði í þjóðareign. Einungis rúm 29 prósent telja hins vegar að Alþingi hafi nægan tíma til að afgreiða slíkt frumvarp áður en þing verður rofið. Samkvæmt áætlun þingsins mun Geir H. Haarde forsætisráðherra flytja frumvarpið á Alþingi í dag, fyrir hönd síns og Jóns Sigurðssonar, formanns Framsóknarflokksins.

Í frumvarpinu er lagt til að í nýrri 79. grein stjórnarskrárinnar komi fram að náttúruauðlindir Íslands verði í þjóðareign sem

beri að nýta til hagsbóta þjóðinni. Þetta ákvæði skuli þó ekki leiða til þess að brotið sé gegn réttindum einstaklinga eða lögaðila. Þá skuli ákvæðið ekki koma í veg fyrir að einkaaðilar geti fengið heimild til að nýta þessar auðlindir.

Nokkur munur er á afstöðu fólks eftir búsetu og eru íbúar utan höfuðborgarsvæðisins frekar hlyntir fyrirhuguðum stjórnarskrárbreytingum en íbúar innan þess. Tæpt 71 prósent íbúa landsbyggðarinnar er fylgjandi breytingunum en tæp 64 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru kjósendur Frjálslynda flokksins og Framsóknarflokksins


hlyntari stjórnarskrárbreytingunum en kjósendur annarra flokka. Þrír af hverjum fjórum stuðningsmönnum þessara tveggja flokka eru fylgjandi stjórnarskrárbreytingunni.

Konur eru svartsýnni á að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi en karlar. 77,8 prósent kvenna telja að tíminn fram að þingslitum sé ekki nægur, en 64,1 prósent karla.


Meirihluti stuðningsfólks allra flokka, utan Framsóknarflokks, telur að Alþingi hafi ekki nægan tíma fyrir þingslit til að afgreiða stjórnarskrárbreytingu.

- ss / sjá síðu 2 og 6

ERT ÞÚ HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) FYRIRHUGAÐRI Breytingu á Stjórnarskrá sem gerir ráð fyrir að auðlindir séu í þjóðareign?



TELUR ÞÚ AÐ ALÞINGI HAFI NÆGAN TÍMA TIL AÐ AFGREIÐA FRUMVARP UM STJÓRNARSKRÁRBREYTINGAR FYRIR ÞINGSLIT?



Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 10. mars.



EFNILEGAR STÚLKUR Þessar ungu blómarósir úr Breiðholti tóku opnun nýs gervigrasvallar ÍR fagnandi í gær enda er hann sá glæsilegasti á landinu. Vilhjálmsson afhenti völlinn formlega í tengslum við 100 ára afmæli Íþróttafélagsins. Völlurinn er um níu þúsund fermetrar og er allur flóðlýstur. Heildarlengd hitalagna í jörð er um 33 kílómetrar.
 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Chirac Frakklandsforseti: Ætlar ekki að bjóða sig fram

FRAKKLAND, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti ætlar ekki að bjóða sig fram í forsetakosningunum sem haldnar verða eftir hálfan annan mánuð.



JACQUES CHIRAC

Chirac hefur verið forseti Frakklands í tvö kjörtímabil, samtals í tólf ár. Hann er orðinn 74 ára en hefur verið þögull um áform sín þangað til í gær að hann tilkynnti ákvörðun sína í sjónvarpsávarpi. „Ég ætla ekki að biðja um atkvæði ykkar fyrir þriðja kjörtímabilið,“ sagði hann.

Samkvæmt skoðanakönnunum er Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra sigurstranglegastur í kosningunum.
 - gb

Eltihrellar notast í síauknum mæli við nútímatækni til ofsókna:

Stafrænt ofbeldi æ algengara

HEIMILISOFBELDI Nútímatækni á borð við sms-skeyti, tölvupóst og GPS-tæki eru meðal þeirra leiða sem ofbeldismenn nota í síauknum mæli til að elta uppi fyrirverandi eiginkonur, sambýliskonur eða kærustur. Í Danmörku eru kvennaathvörf komin í samstarf við lögreglu til að gera mönnum erfðara fyrir. „Með nútímatækni hefur ofbeldismönnum opnast fleiri dyr til að ná stjórn á konunum,“ segir Anne Mau, formaður landssamtaka kvennaathvarfa. Mennirnir koma nýsnaforritum fyrir í tölvum kvennanna, stela farsímum, senda hótanir í gegnum sms og tölvupóst og sumir koma jafnvel GPS-staðsetningartæki fyrir í fórum fyrirverandi maka til að fylgjast með ferðum þeirra.

Danska lögreglan hefur nú útbúið lista með fimmtán atriðum sem ofsóttum konum er ráðlagt að fara eftir. Þar er þeim bent á að skipta um símanúmer og nota fyrirfram greidd símakort; notast aðeins við tölvupóstforrit sem hægt er að nálgast úr hvaða tölvu sem er, til dæmis Gmail eða Hotmail, tala ekki í síma þar sem greina má umhverfisljóð í kring og skrá nafn sitt hvergi á netinu þar sem slíkt má rekja með leitarvélum.

Starfsmenn athvarfanna segjast þó stundum forviða, því jafnvel þótt ráðleggingunum sé fylgt í þaula finni ofbeldismenn sér sífellt nýjar leiðir til að hrella konurnar.

- mhg

Krónikan

ÁSKRIFTARTILBOÐ

Fritt út mars!

5. 414 9400 » kronikan.is



Setur hlutina í samhengi

OLYMPUS [®] **MYNDAVÉLAR FYRIR FERMINGARNAR**
OG Nikon [®] **ORMSSON**
 ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

ÍÐNÞING 2007



Farsæld til framtíðar

Á Íðnþingi Samtaka iðnaðarins, á Grand Hótel Reykjavík föstudaginn 16. mars, er efnt til umræðu um hvernig velsæld verður áfram tryggð á Íslandi.

Sjá dagskrá á www.si.is



Samtök iðnaðarins

SPURNING DAGSINS



Einar, voru þetta stjórnvitalausir menn?

„Miðað við hvernig þeir létu þá leit allt út fyrir það.“

Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Handknattleikssambands Íslands, reyndi að stöðva hópslagsmál sem brutust út á milli þriggja áhorfenda og öryggisvarða á leik Stjórnunnar og Fram í Laugardalshöll á laugardag.

Hufvudstadsbladet:

Íslendingum haldið góðum

FINNLAND Finniska dagblaðið Hufvudstadsbladet fjallaði um mál-efni finnska flugfélagsins Finnair í leiðara í gær og sagði að meirihlutaeign finnska ríkisins í Finnair sé hagsmunamál finnsku þjóðarinnar. Hins vegar skipti miklu máli að halda Íslendingunum góðum. „Af hverju að neita þeim um sæti í stjórninni?“

Björn Mánsson, leiðarhöfundur Hufvudstadsbladet, segir: „Annað mál er hversu skynsamleg eigendapólitik það er að halda íslensku minnihlutaeigendunum utan stjórnarinnar þó að þeir hafi fært stóran hluta af eignarhaldi sínu á milliári og eigi því ekki endilega lagalega kröfu á sæti í stjórninni.“

Væntanlega er mikilvægt að áhugi íslensku fjárfestanna haldist vinsamlegur.“ - ghs

Hópslagsmál í Höllinni:

Óeirðaseggir verði útilokaðir

ÓEIRÐIR Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir að óeirðaseggirnir sem stofnuðu til slagsmála á bikarúrslitaleik Stjórnunnar og Fram á laugardag, verði útilokaðir frá handboltaleikjum í framtíðinni. Af myndum víróist sem fimm stuðningsmenn Stjórnunnar hafi byrjað slagsmálin. Myndatökumaður Stöðvar tvö náði myndum frá upphafi handalögsmálanna og á þeim má sjá einn upphafsmananna slá meðlim öryggisgæslunnar ítrekað. Á myndunum sést einnig að einn meðlimur öryggisgæslunnar gekk lengra en aðrir. HSÍ hefur beðið Stöð 2 um afrit af þessum myndum og mun afhenda þær lögreglunni sem mun rannsaka málið frekar. - shá

Frumvarp formanna stjórnarflokkanna um auðlindaákvæði í stjórnarskrá:

Fyrsta umræða á Alþingi í dag

STJÓRNMÁL Frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá Íslands um að náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign verður tekið til fyrstu umræðu seinni partinn í dag. Bundnar eru vonir til að atkvæðagreiðsla verði annað kvöld.

Frumvarpinu verður síðan vísað til sérnefndar um stjórnarskrármál sem fjallar um efni frumvarpsins og álitamálið sem kunna að vakna. Önnur og þriðja umræða fara síðan fram seinna í vikunni. Þar sem um stjórnarskrárbindingu er að ræða tekur hún ekki gildi strax heldur kemur málið fyrir nýtt þing að loknum alþingiskosningum.

Ef frumvarpið er samþykkt óbreytt á nýju þingi verður það að ákvæði í stjórnarskrá. Hversu langan tíma ferlið tekur skýrist í umræðum í dag. - shá



FRUMVARPIÐ KYNNT Flutningsmenn eru Geir H. Haarde forsætisráðherra og Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stakk sér til morgunsunds í á:

Veiddur ölvaður úr sjónum

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á ferðsaldri stakk sér til sunds í Ósá við Bolungarvík á sjöunda tímanum í gærmorgun. Maðurinn, sem var alklaðdur, barst með ánni til sjávar við Ösvör þar sem lögreglumenn frá Ísafirði biðu hans. Þeir veiddu hann upp með því að binda reipi í lögreglubúfl og fara með það niður í fjöru til mannsins þar sem hann svamlaði í flæðarmálinu, þrekaður og bersýnilega í mjög annarlegu ástandi.

Aðstæður voru erfiðar í fjörunni, sleipt og stórgrýtt, en björgunin tókst og var maðurinn fluttur á sjúkrahús þar sem hlúð var að honum. - sh

Lendingarleyfi flugvélar var afturkallað

Lendingarleyfi farþegavélar Flugfélags Íslands var afturkallað á föstudag vegna vélar sem var fyrir á brautinni. Upplýsingafulltrúi Flugstöða telur að atvikið verði rannsakað. Farþegar og sjónarvottar upplifðu atvikið sem hættuástand.

FLUG Lendingarheimild var afturkolluð þegar Fokker-vél Flugfélags Íslands hugðist lenda á Reykjavíkurlflugvelli á föstudagskvöld. Farþegavél sem var nýkomin frá Kúlúsúk á Grænlandi var fyrir á flugbrautinni. Atvikið var ekki bókað þar sem ekki var talin hætt á ferðum en upplýsingafulltrúi Flugstöða telur líklegt að atvikið verði rannsakað. Atvikið hefði verið skráð á Keflavíkurlflugvelli, er mat flugumferðarstjóra.

„Það var búið að gefa lendingarheimild en þar sem vélin sem var fyrir á brautinni náði ekki að fara frá í tæka tíð þá var hún afturkolluð,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstöða. Hjördís segir að ástæðan fyrir því að atvikið var ekki bókað sérstaklega sé sú að ekki var talin hætt á ferðum.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefði atvik sem þetta verið fært til bókar á Keflavíkurlflugvelli. Hjördís segir að sömu reglur gildi um skráningu atvika á Reykjavíkurlflugvelli og í Keflavík. „Flugumferðarstjórn er alls staðar eins í heiminum þar sem ég þekki til.“ Aðspurð hvort lending Fokker-vél-



FOKKER Farþegavélar Flugfélags Íslands af þessari tegund hafa þjónað lengi og til stendur að endurnýja þær. Þær eru fimmtíu sæta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það var búið að gefa lendingarheimild en þar sem vélin sem fyrir á brautinni náði ekki að fara frá í tæka tíð þá var hún afturkolluð“

HJÖRÐÍS GUÐMUNDSDÓTTIR UPPLÝSINGAFULLTRÚI FLUGSTÖÐA

arinnar verði rannsökuð segir Hjördís að það sé líklegt en fullsnemmt að fullyrða um slíkt. „Það eru reglulega skoðaðir atburðir sem á einhvern hátt gætu verið

frávik.“ Hjördís minnir á að mikil áhersla sé lögð á störf rannsóknarnefndar flugslysa. „Þar starfa tveir menn en aðeins einn í rannsóknarnefnd umferðarslysa sem sýnir hvað öll atvik í flugi eru tekin alvarlega. Þar er reynt að koma í veg fyrir að hlutirnir gerist aftur og fólk má vita að aldrei er slakað á kröfunum þegar kemur að flugöryggi.“

Þorkell Ágústsson, forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa, segir að hvert atvik sé svo ólíkt að það verði að meta sérstaklega hverju sinni. „Ef allir vita um stöðuna, og breyta því sem átti að gera, er síður alvarlegt atvik. Svipað atvik þar sem menn vissu ekki af hvor öðrum og eithvað kemur í ljós myndum við ef til vill flokka sem alvarlegt flugatvik.“ Þorkell getur ekki lagt mat á atvikið á föstudagskvöldið en telur að sé hætt við landingu þari að tilkynna það til nefndarinnar. svavar@frettabladid.is

REGLUGERÐ UM TILKYNNINGARSKYLDU

- I. Viðauki** Lending eða tilraun til að lenda á lokaðri eða upptekinni flugbraut.
- II. Viðauki** Athugasemd 4. Tilkynningarskyld atvik eru atvik sem hafa eða hefðu getað teft öryggi í starfrækslu í tvisýnu eða skapað ótryggt ástand. Ef tilkynnandi telur að atvik hafi ekki teft öryggi í starfrækslu í tvisýnu en myndi gera það ef atvikið endurtæki sig við breyttar en sennilegar aðstæður ber honum að tilkynna atvikið.

Tólf voru handteknir í umfangsmestu fíkniefnaleit á Suðurnesjum fyrr og síðar:

Efni fundust við allar húsleitir

LÖGREGLUMÁL Tólf voru handteknir á Suðurnesjum í fyrrinótt í umfangsmikilli lögregluáðgerð gegn fíkniefnasölu og -dreifingu. Tæplega 40 lögreglumenn af Suðurnesjum og frá sérsveit og greiningardeild Ríkislögreglustjóra tóku þátt í aðgerðinni, auk tollvarða og fíkniefnahunda. Aðgerðin er sú víðamesta af þessu tagi sem gerð hefur verið á Suðurnesjum.

Farið var í fimm húsleitir samtímis snemma um kvöldið og voru níu handteknir. Um miðnætti var farið í eina húsleit til viðbótar og þrjár handteknir. Fíkniefni fundust á öllum stöðum.

Samtals var lagt hald á um 150 grömm af hassi, 65 grömm af hvítu efni og tíu e-töflur. Þá var gerð líkamsleit á 20 einstaklingum á skemmtistöðum og fannst amfetamín á einum þeirra. Öllum sem

handteknir voru var sleppt eftir yfirheyrslur.

Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, segir aðgerðina hafa heppnast framar vonum. „Við fórum í sex húsleitir og fundum efni alls staðar. Ég held að það hljóti að teljast afar góður árangur.“

Kvöldið og nóttina áður fór lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í áþekka aðgerð, þó aðeins á skemmtistöðum borgarinnar. Jóhann segir sameiningu lögregluembættanna hafa skilað meiri slagkrafti í aðgerðum sem þessum og að brotamenn um land allt megi fara að vara sig. „Þeir mega eiga von á ýmsum aðgerðum á næstunni.“ - sh

JÓHANN RAGNAR BENEDIKTSSON Sýslumaður á Keflavíkurlflugvelli.



BARACK OBAMA Bush sagður hafa ruglast á honum og Osama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama er ekki Osama:

Barack segist ekki móðgaður

BANDARÍKIN, AP „Ég varð nú ekkert mikið móðgaður út af þessum brandara,“ sagði Barack Obama, öldungadeildarþingmaður og hugsanlegur forsetaframbjóðandi í Bandaríkjunum. „Ég hef verið nefndur verri nöfnum.“

Roger Ails, yfirmáður fréttastöðvarinnar Fox, hafði gert sér mat úr því hve nafnið Obama er líkt nafni Al Kaída-leiðtoga Osama bin Laden. Á fundi bandarískra fréttastjóra sagði Ails að nú væri „Barack Obama á ferðinni. En ég veit ekki hvort það er satt að Bush forseti hafi hringt í Musharráf [forseta Pakistans] og sagt: „Hvers vegna getum við ekki haft uppi á þessum náungu?“ - gb

SJÁVARÚTVEGUR

Fisksala góð í febrúar

Alls voru seld rúmlega 11 þúsund tonn af fiski á fiskmörkuðum landsins í febrúarmánuði. Það er svipað magn og selt hefur verið í þessum mánuði undanfarin tvö ár. Mest var salan í febrúar 1996 er seld voru 18.028 tonn en af því magni var meira en helmingur löðna.

Listi yfir sjóræningjaskip

Greenpeace-samtökin hafa gefið út lista með nöfnum skipa sem þátt taka í ólöglegum og óskráðum veiðum á heimshöfunum. Á heimasíðu samtakanna kemur fram að útgerð þessara skipa stefni fiskstofnum í voða en talið er að verðmæti hins ólöglega afla sé um 9 milljarðar bandaríkjadala á ári.

BÍLL DAGSINS

TOYOTA RAV4 DIESEL

Nýskr. 11.05 - Beinskiptur - Ekinn 20 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

120 1886
2006



Einbeittu þér að þessari

Ekki láta hugmyndina um að eyða í sparnað tynast innan um allar hinar. Einbeittu þér að því að koma henni í framkvæmd, hún er svo einföld að þú klárar hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Farðu á landsbanki.is eða hringdu í 410 4000
- Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
- Byrjaðu að spara reglulega

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



Landsbankinn

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,09 67,41
Sterlingspund	129,52 130,14
Evra	88,20 88,70
Dönsk króna	11,839 11,909
Norsk króna	10,869 10,933
Sænsk króna	9,484 9,540
Japanskt jen	0,5706 0,5740

SDR	100,72	101,32
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,6374
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Yfir 150 björgunarsveitarmenn leituðu við erfiðar aðstæður þriggja vélsleðamanna í vonskuveðri í fyrrinótt: Sleðafólki hefði átt að vera hættan ljós

BJÖRGUN Veðurspáin fyrir sunnudagsnóttina gaf það skýrt til kynna hvernig færi ef menn myndu leggja af stað út í veðrið, segir Þorsteinn Þorkelsson hjá landsstjórn björgunarsveita, en mikið annrki í fyrrinótt var hjá björgunarsveitum sem leituðu týndra vélsleða- og jeppamanna. Milljónatjón varð á farartækjum sveitanna við leitina.

Á milli 150 og 200 björgunarsveitarmenn í 43 hópum leituðu í fyrrakvöld og -nótt að þremur vélsleðamönnum sem lögðu af stað frá Lyngdalsheiði kvöldið áður. Mennirnir fundust í góðu ásíggjumlagi á sjöunda tímanum í morgun í austanverðri Skjaldbreið. Verið var að kalla út fleira fólk þegar mennirnir fundust og þá var þyrlan TF-LÍF komin á loft og átti að aðstoða við fjarskipti.

Björgunarsveitarmennirnir voru flestir að koma úr öðru útkalli, þar sem leitað var að fimm jeppum á Langjökli. Sá hópur fannst síðar um nóttina.

„Það er hægt að læra það af þessari aðgerð að menn eiga alltaf að skoða veðurspá áður en haldið er af stað,“ segir Þorsteinn. „Veðurspáin í gær gaf alveg til kynna hvað mundi gerast ef menn legðu út í veðrið.“

Tveir snjóbílar, einn jeppi og tveir vélsleðar urðu fyrir tjóni við leitina. „Við aðstæður eins og voru þarna er það reyndar frekar regla heldur en hitt að það verði eitthvert tjón og við reiknum bara með því,“ segir Þorsteinn. - sh



NÆTURBJÖRGUN Tveir vélsleðar löskuðust við leitina en það þykir eðlilegt miðað við aðstæður. MYNDIN ÚR SAFNI.



DORNIER 328-100 Landsflug hefur nokkrar vikur til að bregðast við harðorðaðri skýrslu. FRÉTTABLAÐIÐ

Mistök í aðflugi á Hjaltdandi: Alvarlegt atvik hjá Landsflugi

FLUG Mikil hætta skapaðist þegar farþegaflugvél Landsflugs með tuttugu farþega um borð flaug nálægt klettabelti í aðflugi að Sumburgh-flugvelli á Hjaltdandseyjum. Þetta er niðurstaða lokaskýrslu Rannsóknarnefndar flugslysa á Bretlandi (AAIB) þar sem mælt er með að íslensk yfirvöld flugmála rannsaki atvik-ið sérstaklega. Um mannleg mistök flug-áhafnar vélarinnar er að ræða að mati AAIB.

Atvikið átti sér stað 11. júní árið 2006 og kemur fram í skýrslunni að í sjónflugi að flugvellinginum hafi veðurskiptir verið versnað skyndilega. Jarðvari um borð í vélinni gerði áhöfninni viðvart um aðsteðjandi hættu en flugstjórnin brást ekki við fyrir-mælum um að hækka flugið. - shá

SJÁVARÚTVEGUR

Togararalið hafið
Árleg stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum, eða togarall eins og verkefnið er kallað í daglegu tali, er hafið. Þrjú togarar taka þátt í verkefni- nu: Bjartur NK, Ljósafell SU og Páll Pálsson ÍS auk þess sem hafrannsóknaskipin tvö sinna rannsóknum í ralinu.

Klóakblandað vatn flæddi inn í bílana

Klóakblandað vatn flæddi inn í kjallara fjölbýlishúss við Sólvallagötu 80 til 84 í Reykjavík í gærmorgun. Slökkviliðið var búið að dæla vatni burt upp úr hádeg- inu. Íbúarnir voru óánægðir með mismunandi þjónustu tryggingafélaganna.

TJÓN Slökkviliðið var kallað í fjöl- býlishúsi við Framnesveg upp úr hálfniú í gærmorgun þar sem klóakblandað vatn hafði flætt inn í kjallara. Skömmu síðar kom í ljós að klóakblandað vatn hafði flætt inn í bílageymslu og kjallara á fjölbýlishúsinu við Sólvallagötu 80 til 84 og verslunina Byko við Hringbraut. Vatnshæðin var tveir til þrjú metrar þar sem mest var.

Íbúarnir við Sólvallagötu stóðu í ströngu ásamt vinum og ættingjum í gær. „Það var allt á floti þegar maður kom þarna niður,“ segir Björn Friðfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, um aðkomuna í gærmorgun. „Það flæddi upp í sætin á bílunum og svo í geymslu- na. Þar blotnuðu alls konar hlutir sem við erum að reyna að hreinsa og þurrka. Það tekur nokkra daga.“



ÞURRKAÐ OG HREINSAÐ EFTIR FLÓÐIÐ Slökkviliðið var kallað út í gærmorgun vegna flóðs í húsi við Framnesveg og síðan í bílajakjallara og geymslukjallara fjölbýlishússins við Sólvallagötu 80-84. Íbúarnir stóðu í ströngu fram eftir degi við að fara í gegnum eigur sínar, þurrka og hreinsa, eftir að bílar höfðu verið dregnir burt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



BARA BÍLA Í KASKÓ „Önnur trygginga- félög létu bara draga bíla í kaskótryggingu,“ segir Jón Sigurðsson, formaður húsfélagsins við Sólvallagötu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ALLT Á FLOTI „Það var allt á floti þegar maður kom þarna niður,“ segir Björn Friðfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri. ghs@frettabladid.is

Tjónið nemur líklega tugum milljóna en Björn telur þó ekki hægt að meta það því að skemmt hafi hlutir sem hafi meira minningargildi en verðgildi. „Tjónið er verulegt en mest er fjárhagstjónið á bílunum. Svo hafa skemmt myndir og málverk sem erfitt er að bjarga,“ segir hann og telur borgina skaðabótaskylda.

Jón Sigurðsson er formaður húsfélagsins. Hann fékk símhringingu snemma í gærmorgun frá nágranna sem tilkynnti honum að bílageymslan væri full af vatni. „Ég hefði kannski haldið að það væri verið að plata mig ef þetta hefði ekki verið íbúi í húsinu. Ég tók þessu því ekki sem lygi,“ segir Jón og bendir á að skemmdirnar séu mismiklar eftir bílum og

geymslum. Sumum bílunum hafi verið hægt að aka strax burt en aðra hafi þurft að draga. Eins hafi tryggingafélögin brugðist mis- jafnlega við.

„Mér fannst þeir bregðast vel við hjá TM. Þeir létu draga alla bíla burt til hreinsunar og þurrka- unar. Önnur tryggingafélög létu bara draga bíla í kaskótryggingu og það finnst mér lélegt. Þetta er ekki spurning um krónur og aura. Þetta er slys, atburður sem á sér

stað, og ekki vitað hver á að bæta þó að það sé væntanlega trygg- ingafélag borgarinnar. Þetta eru léleg viðbrögð,“ segir hann.

Þrjátíu og níu íbúðir eru í fjöl- býlishúsinu við Sólvallagötu 80 til 84 og um þrjátíu bílastæði í kjall- ara. Íbúarnir vestan megin í húsi- nu hafa geymslur í kjallara undir sjávarmáli en þar var aðeins lítið vatn þar sem eldvarnahurðir komu að mestu leyti í veg fyrir að lækki inn. ghs@frettabladid.is

Íslensk óperusöngkona: Syngur í Royal Albert Hall

TÓNLIST Sigríður Ósk Kristjáns- dóttir óperusöngkona syngur á morgun einsöng í einu virtasta tónleikahúsi í Englandi, Royal Albert Hall í London. Um er að ræða flutning á tónverkinu Ocean World eftir Peter Rose og Anne Conlon. Flytjendur verksins eru fimm einsöngv- arar og kór sem samanstendur af 1500 börnum við undirleik kammersveitarinnar English Chamber Orchestra.

Sigríður er messósópran sem stundar nám í óperusöng í Eng- landi og hefur tekið þátt í mörgum uppfærslum héraðs sem og í Bretlandi. Uppselt er á tónleikana á morgun. - sh



SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR

Erlendum íbúum fjölga: Þrefalt fleiri en fyrir tíu árum

FÉLAGSMÁL Erlendum ríkisborg- urum hefur fjölgað mikið hér á landi undanfarnin ár samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar.

Hlutfall íbúa með erlent rík- isfang hefur meira en þrefald- ast síðasta áratug. Í fyrra voru erlendir ríkisborgarar rúmlega átján þúsund en rúmlega fimm þúsund árið 1996.

Flestir þeirra útlendinga sem flytja hingað eru á aldrinum 30 - 50 ára. Talsvert fleiri karlar en konur flytjast til landsins. Árið 2001 var þessu öfugt farið.

Pólverjar eru fjölmennastir þeirra sem flytjast til landsins, um sex þúsund, en um þúsund Lítáar, Þjóðverjar og Danir búa hér. - hlh

Apótekarinn
-lyf á lægra verði!

Mjódd Akureyri
Smíðjuvegi Nóatúni 17

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	12°C heiðskirt	London	15°C hálfskýjað	Alicante	18°C hálfskýjað
Þórshöfn	7°C skúrir	Paris	14°C heiðskirt	Mallorca	16°C skúrir
Oslo	4°C skúrir	Frankfurt	13°C hálfskýjað	Algarve	19°C alskýjað
Stokkhólmur	7°C léttskýjað	Friedrichshafen	14°C léttskýjað	Krit	16°C heiðskirt
Gautaborg	5°C hálfskýjað	Berlin	15°C heiðskirt	Las Palmas	21°C heiðskirt

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Nýr valkostur

verslun fyrir bygginga-
og framkvæmdaaðila



2.439 kr.

málning



33.615 kr.

verð án blöndunartækja

handlaug

frá 690 kr./m²



plastparket

borvél

Porsche

29.900 kr.



7.990 kr.



borvél

sturtuhaus



4.990 kr.

flísar



1.290 kr./m²

hallamál

5.450 kr.



Verð er birt með fyrirvara um prentvillur.

Opnunartími: Mán. – fös. kl. 8-18.

MEST / Malarhöfða 10, Reykjavík
Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði / Hringhellu 2, Hafnarfirði
Hrísmýri 8, Selfossi / Leiruvogi 2, Reyðarfirði
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401 / mest@mest.is / www.mest.is

Komdu við í verslun MEST í Norðlingaholti.



– allt til bygginga

KJÖRKASSINN



Á að lækka virðisaukaskatt af lyffjum niður í sjö prósent?

Já 92%
Nei 8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu áhuga á að skipta um banka?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Nýr gervigrasvöllur:

Með betri völlum landsins

ÍPRÓTTIR Í gærmorgun afhenti Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri Íþróttafélagi Reykjavíkur nýjan gervigrasvöll til afnota. Afhendingin var gerð í tengslum við 100 ára afmæli ÍR og voru þar heiðursgestir og velunnarar félagsins samankomnir.

Gervigrasvöllurinn er 9 þúsund fermetrar og flóðlýstur með 18 m háum ljósamöstrum, en gervigrasið uppfyllir allar nýjustu kröfur frá UEFA um gervigras. Að sögn Jóns Halldórs Jónssonar, upplýsingastjóra framkvæmdasviðs borgarinnar, þykir völluminn afbragðsgóður og skipar sér í flokk með betri völlum landsins. -mhg



GOTT GERVIGRAS Grasið á nýja ÍR-vellinum uppfyllir allar nýjustu kröfur.

Árétting Framtíðarlandsins:

Skýrari umhverfisstefnu

UMHVERFISMÁL Samtökin Framtíðarlandið leggja áherslu á að samtökin séu ekki stjórnmálaflokkur og muni því ekki bjóða fram til Alþingis í maí. Í fréttatilkynningu frá samtökunum eru allir stjórnmálaflokkar hvattir til að auka áherslu á umhverfismál og náttúruvernd. Aukið fylgi við Vinstri hreyfinguna - grænt framboð telja þau að megi rekja til afdráttarlausrar umhverfisstefnu þeirra og benda um leið á að stjórnmálamenn úr öllum flokkum, auk forseta landsins, hafi haft á orði að ekkert liggi á í virkjana- og stóriðjumálum. -mhg



PÉTUR ÓSKARSSON Múgur og margmenni mætti á opnun kynningarskrifstofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sól í Straumi í Hafnarfirði:

Opnaði kosningaskrifstofu

ÍBÚAKOSNINGAR Hátíð var í bæ þegar Sól í Straumi opnaði í gær kynningarskrifstofu á Hótelu Víkingi í Hafnarfirði, að sögn Péturs Óskarssonar, talsmanns samtakanna Sól í Straumi. Hann segir að „múgur og margmenni“ hafi mætt á opnunina og ánægjulegt hafi verið að hitta félagi af Suðurlandi og Reykjanesi.

Fjáröflun Sól í Straumi byggist fyrst og fremst á framlögum frá einstaklingum og er hún á lokaspertinum. Pétur segir að í vikunni verði sent út prentað upplýsingaefni, í framhaldinu verði Hafnfirðingum boðið á Al Gore-myndina í bíó, á útitónleika á Thorsplani og baráttufund í lok mánaðarins auk þess sem fulltrúar samtakanna taki þátt í fundum og opinberri umræðu. -ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tveir á spítala eftir bílveltu

Tveir voru fluttir lítillega slasaðir á sjúkrahús á Ísafirði eftir bílveltu á Hnífsdalsvegi í fyrri nótt. Rekja má slysið til hálfu en nokkur krapi var á veginum og aðstæður til aksturs afar slæmar.

Hlynnt stjórnarskrárbreytingum en telja tímann ónægan

Meirihluti er fylgjandi stjórnarskrárbreytingu þess efnis að auðlindir séu skilgreindar sem þjóðareign, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Mikill meirihluti telur þó að Alþingi hafi ekki nægan tíma fram að þingslitum til að afgreiða frumvarpið. Stuðningsfólk Framsóknarflokksins telur þó tímann nægan.

SKOÐANAKÖNNUN Rúm 66 prósent segjast hlynnt fyrirhuguðum breytingum á stjórnarskrá sem gerir ráð fyrir að auðlindir séu í þjóðareign. Alls 33,6 prósent segjast því andvíg. Konur eru heldur hlynntari þessum breytingum á stjórnarskrá en karlar; 68,8 prósent kvenna eru hlynntar breytingunum en 64,5 prósent karla. Þá eru íbúar á landsbyggðinni heldur hlynntari breytingunum en íbúar á höfuðborgarsvæðinu og segjast 70,6 prósent íbúa á landsbyggðinni vera hlynnt stjórnarskrárákvæði um þjóðareign á auðlindum, en 63,7 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Ef afstaða fólks er skoðuð eftir því hvaða flokk þá myndi kjósa í kosningum kemur í ljós að kjósendur Frjálslynda flokksins, Framsóknarflokks, þeir sem eru óákveðnir eða neita að svara eru í meira mæli hlynntir stjórnarskrárbreytingunni en kjósendur annarra flokka. 75,0 prósent kjósenda Frjálslynda flokksins og 74,2 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn eru breytingunni samþykki, 70, prósent óákveðinna og 68,4 prósent þeirra sem neituðu að gefa upp hvaða flokk þeir myndu kjósa.

Minnstur er stuðningurinn meðal þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og segjast 62,4 prósent stuðningsfólks Sjálfstæðisflokksins vera stjórnarskrárbreytingunni hlynnt. Í sama streng taka 64,8 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Samfylkingu og 63,5 prósent þeirra sem segjast myndu kjósa Vinstri græn.

Einnig var spurt hvort svarendur teldu að Alþingi hefði nægan tíma til að afgreiða frumvarpið

fyrir þingslit. 70,6 prósent þeirra sem afstöðu tóku töldu að ekki yrði nægur tími til að afgreiða stjórnarskrárfumvarpið á þessu þingi. 29,4 prósent töldu tímann nægan. Konur eru líklegri til að telja að tíminn verði ónógur, eða 77,8 prósent þeirra. 64,1 prósent karla telja hins vegar að of skammt sé til þingslita. Þá telja 72,6 prósent íbúa á landsbyggðinni að tíminn sé ekki nægur, en 69,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.


Ef lítið er til svara eftir því hvaða flokk fólk myndi kjósa eru það einungis stuðningsfólk Framsóknarflokksins sem telja að nægur tími sé fram að þingslitum til að afgreiða stjórnarskrárbreytinguna, eða 53,8 prósent þeirra. 32,9 prósent stuðningsfólks Sjálfstæðisflokksins telur tímann nægan og 31,3 prósent stuðningsfólks Vinstri grænna.

70,8 prósent stuðningsfólks Frjálslynda flokksins telur tímann hins vegar ekki vera nægan, 76,5 prósent stuðningsfólks Samfylkingar og 75,9 prósent óákveðinna.


Deir sem eru andvígir stjórnarskrárbreytingunni eru heldur svartsýnni á að það náist að afgreiða frumvarpið fyrir þingslit, eða 77,8 prósent þeirra. En 65,1 prósent þeirra sem eru hlynntir breytingunni telja tímann of stuttan.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 10. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Ert þú hlynnt(ur) eða andvíg(ur) fyrirhugaðri breytingu á stjórnarskrá sem gerir ráð fyrir að auðlindir séu í þjóðareign? og tóku 66,6 prósent afstöðu til spurn-

ERT ÞÚ HLYNNT(UR) EÐA ANDVÍG(UR) FYRIRHUGAÐRI BREYTINGU Á STJÓRNARSKRÁ SEM GERIR RÁÐ FYRIR AÐ AUÐLINDIR SÉU Í ÞJÓÐAREIGN?



TELUR ÞÚ AÐ ALÞINGI HAFI NÆGAN TÍMA TIL AÐ AFGREIÐA FRUMVARP UM STJÓRNARSKRÁRBREYTINGAR FYRIR ÞINGSLIT?



Skv. skoðanakönnun Fréttablaðsins 10. mars.

ingarrinnar. 26,9 prósent voru óákveðin. Einnig var spurt; Telur þú að Alþingi hafi nægan tíma til að afgreiða frumvarp um stjórnar-

skrárbreytingar fyrir þingslit? og tóku 84,3 prósent afstöðu til þeirrar spurningar. 13,1 prósent var óákveðið. svanborg@frettabladid.is

Viltu stofna fyrirtæki?



Hnitmiðað námskeið um félagaform, skattlagningu fyrirtækja, frádráttarbæran rekstrarkostnað, ábyrgð stjórnenda o.fl.

Námskeiðið skiptist í þrjú hluta og verður kennt 15., 22. og 26. mars kl. 17-20 að Hallveigarstíg 1, Reykjavík. Verð 25.000 kr.

Leiðbeinandi er Anna Linda Bjarnadóttir, héraðsdómslögmaður, LL.M Sjá námskeiðslýsingu á www.lexista.is

Nánari upplýsingar og skráning í síma 894 6090 eða á alb@isjuris.is

Borgarráð hefur samþykkt sölu á fasteignum fyrir 1,2 milljarða króna:

Leiga á Höfðatorgi samþykkt

REYKJAVÍK Borgarráð Reykjavíkur hefur samþykkt samning um sölu á fasteignunum að Borgartúni 1, Borgartúni 3, Skúlatúni 2 og Hverfisgötu 14-14a og leigu á skrifstofuhúsnæði að Borgartúni 10-12 fyrir framkvæmdasvið, skipulags- og byggingasvið, umhverfissvið og fleiri starfseiningar. Borgarráðsfulltrúar Vinstri grænna og F-lista létu bóka að vinnubrögðin við undirbúning málsins vektu tortryggni.

Í svari borgarstjóra við fyrirspurn frá síðasta fundi kom meðal annars fram að hann teldi engan grundvallarmun á þeirri aðferð sem nú væri höfð við sölu og leigu húsnæðisins en var þegar málið var í vinnslu hjá Reykjavíkurlistanum 2004 en gengið sé lengra í verðsamkeppni nú en þá.

„Það skýtur því skökku við að þeir kjörnu fulltrúar sem stóðu þannig að málum,“ segir í svari, „lýsi nú nánast sambærilegum vinnubrögðum sem forkastanlegum,“ segir í svari borgarstjóra.

HÖFÐATORG Borgarráð hefur samþykkt fasteignaviðskiptin við Eykt á Höfðatorgi.

Í svarbókun sinni bentu borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar á að um algeran útúrsmúning á staðreyndum málsins væri að ræða í svari borgarstjóra. Ekki væri til dæmis svarað „með beinum hætti hver tók þá ákvörðun að ræða beint við Eykt en draga má þá ályktun að það hafi verið borgarstjóri.“

-ghs



KAUPÞING VEX MEÐ ÞÉR AÐ NÁMI LOKNU

NÝTT!

Fyrstu 5 árin borgar þú **BARA** vextina af Íbúðaláni Kaupþings

Hvort sem þú hyggst fara beint út á vinnumarkaðinn eftir útskrift, halda áfram að mennta þig eða skoða heiminn, aðstoðar Kaupþing þig við að láta draumana verða að veruleika.

Eftirfarandi er meðal þess sem bankinn getur boðið þér upp á þegar þú útskrifast úr háskólanámi eða sambærilegu námi:

- **80% lán til íbúðakaupa – fyrstu 5 árin borgar þú bara vextina***
- **20% Viðbótarlán til íbúðakaupa**
- **Námslokalán – allt að 3 milljónir****
- **Fjármálaráðgjöf**
- **Gullkreditkort**
- **Persónulegur þjónustufulltrúi**
- **Tryggingar**
- **Lífeyrissparnaður**

Námslokatilboð Kaupþings gildir í eitt ár frá útskrift. Kynntu þér nánar á kaupthing.is eða í síma 444 7000.

Kaupþing vex með þér



*Fyrstu fimm árin eru einungis greiddir vextir af 80% íbúðaláninu, en eftir þann tíma er einnig greitt af höfuðstól.
Gildir einungis fyrir útskriftarnema úr háskóla eða sambærilegu námi. ** Að því gefnu að umsækjandi standist mat bankans.

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvert er vinnuheiti flokksins sem Margrét Sværisdóttir og Ómar Ragnarsson hafa verið að vinna að?
- 2 Hvar þjósnuðust jeppamenn á uppgræddu landi um helgina?
- 3 Hvaða þrjú ráðuneyti koma til greina í eitt atvinnuvegaráðuneyti?

SVÖR Á BLS. 30

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingiskona um nýju lyfjastefnuna:

Jafnt aðgengi verði tryggt

LYFJAMÁL Samhljómur virðist vera meðal alþingismanna um lyfjastefnuna sem Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, kynnti í lok síðustu viku. Í lyfjastefnunni er meðal annars stefnt að lækun virðisaukaskatts í sjö prósent og samstarfi um útboð og innkaup lyfja auk auðveldari innflutnings á ódýrum samheitalyfjum.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingiskona segir að mikilvægt sé að hafa lyfjastefnu og tryggja gott aðgengi landsmanna að nauðsynlegum lyfjum. Ekki megi gerast að ákveðin lyf séu ekki til í landinu eins og hafi hent. Tryggja



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

ÁSTA MÖLLER

þurfi öryggi, gæði, virkni og góða þjónustu og að lyfin séu notuð skynsamlega og á hagkvæman hátt.

„En ég tel líka mjög mikilvægt að fólk hafi jafnt aðgengi að lyfjum og það fari ekki eftir efnahag hvort fólk hafi aðgang að lyfjum eða ekki.

Mér finnst að það þurfi að koma til móts við þá sem geta ekki borgað þau lyf sem þeir þurfa vegna bágs efnahags. Mér finnst það ekki koma nægilega fram að það megi ekki mismuna fólki eftir því hvort það er ríkt eða fátækt,“ segir hún.

Ásta Möller alþingiskona telur að það sé til bóta að setja fram lyfjastefnuna „því þá vitum við eftir hvaða prinsippum við erum að vinna“, segir hún.

- ghs

Verðlaunaskóli heimsóttur:

Forsetahjón í Ártúnsskóla

MEINTUN Ártúnsskóli hlaut Íslandsmenntaverðlaunin árið 2006 í flokki skóla sem vel hafa sinnt nýsköpun og farsælu samhengi í fræðslustarfi. Af þessu tilefni heimsækja forsetahjónin skólann í dag.

Nemendur munu flytja tónlist en forsetahjónin munu svo fara um skólann, kynna sér kennsluhætti og aðbúnað nemenda. Forsetinn mun einnig ávarpa nemendur og svara spurningum þeirra.

Ánægja foreldra með skólann hefur mælst hæst meðal grunnskóla, en yfir 92% foreldra eru sáttir.

- mhg



HRINGSKONUR Konur í Kvenfélaginu Hringnum hafa stutt Barnaspítalann rausnarlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Barnspítali Hringins:

Hringskonum þakkað fyrir

HEILBRIGÐISMÁL Konur í Kvenfélaginu Hringnum var þakkað formlega á Barnspítala Hringins fyrir rausnarlegar gjafir á tækjum á föstudaginn.

Gjafirnar eru meðal annars þrjú fullkomnir hitakassar fyrir nýbura og fyrirbura, síblástursvélur til öndunaraðstoðar, sem ætlaðar eru fyrirburum með óþroskuð lungu, og mælitæki. Áætlað verðmæti gjafa frá kvenfélaginu, sem teknar hafa verið í notkun á undanförunu ári, er um 18 milljónir króna.

Í um 50 ára sögu Barnspítala Hringins hefur hann notið afar mikils stuðnings frá Kvenfélaginu sem hefur átt drjúgan þátt í uppbyggingu hans.

- kdk

LÖGREGLUFRÉTTIR

Róleg helgarnótt í borginni

Aðfaranótt sunnudags var róleg hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og er líklegt að veðrið hafi átt stóran þátt í því. Þó voru sex manns teknir fyrir ölvunarakstur, eitt umferðaróhapp var tilkynnt og tvær líkamsrásir kærðar.

Kona rændi þriggja daga gömlu barni

Rúmlega tvítug kona var handtekin í Nýju-Mexíkó í gær, grunuð um að hafa rænt barni daginn áður. Konan þóttist vera hjúkrunarfræðingur og hafði áður sagt móðurinni að hún þyrfti að fara með barnið í rannsóknir.

LUBBOCK, AP Fjögurra daga gamalt barn fannst snemma í gærmorgun heilt á húfi í heimahúsi í Nýju-Mexíkó, daginn eftir að því var rænt af fæðingardeild á sjúkrahúsi í Texas.

Barninu, sem er drengur og hefur fengið nafnið Mychael Dart-hard-Dawodu, var rænt aðfaranótt laugardagsins á sjúkrahúsi í bænum Lubbock. Barnsræninginn var kona sem þóttist vera hjúkrunarfræðingur. Hún hafði komið nokkrum sinnum inn á sjúkrahúsi þar sem móðir drengsins lá ásamt drengnum og sagst þurfa að fara með drenginn vegna þess að gera þyrfti rannsóknir á honum.

Á eftirlitsmyndavélum má sjá barnsræningjann ganga út úr sjúkrahúsinu, klædd í bláar sjúkrahúsbuxur og gráa dúnúlu með hettu yfir höfðinu. Barnið virðist hafa verið í handtösku sem hún hélt á út í rauða bifreið sem ekið var burt.

Barnið þjádust af gulu sem ekki er óalgengt hjá nýfæddum börnum og var strax flutt á sjúkrahús í Clovis, bænum þar sem það fannst.

Tuttugu og eins árs gömul kona er í varðhaldi hjá lögreglunni í Clovis. Talið er að karlmaður hafi verið í vitorði með henni og hann hafi ekið rauðu bifreiðinni frá sjúkrahúsinu eftir að barninu var rænt.

Mikil leit hafði verið gerð að barninu bæði í Texas og Nýju-Mexíkó, og höfðu lögreglunni borist fjölmargar vísbendingar frá fólki í báðum ríkjum.

Stjórnendur sjúkrahússins í



BARNSRÆNINGINN Á eftirlitsmyndböndum má sjá konuna ganga út af sjúkrahúsinu með barnið í handtösku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



LITLI DRENGURINN Mychael Darthard-Dawodu heitir sá litli.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lubbock sögðu allt starfsfólk bera nafnspjöld, en ekki var vitað hvort barnsræninginn var með nafnspjald þegar ránið var framið.

„Ég held að starfsfólkið hjá

okkur hafi aldrei séð hana,“ sagði Gwen Stafford, einn af yfirmönnum sjúkrahússins. Konan gekk út af sjúkrahúsinu með barnið klukkan 1.20 aðfaranótt laugardags. Innan fimmtán mínútna var móðirin búin að láta vita að barnið væri horfið.

Þetta er í annað skiptið á innan við ári sem barni er rænt frá sjúkrahúsi í Lubbock. Í júní á síðasta ári var fjögurra daga gömlu stúlkubarni rænt frá móður sinni á öðru sjúkrahúsi. Barnsræninginn þá var einnig kona, en hún hafði komið í heimsókn til móðurinnar. Lögreglunni bærust fljótlega ábendingar sem leiddu til þess að ræninginn náðist daginn eftir og var barnið heilt á húfi.

gudsteinn@frettabladid.is

Loftleiðir til Taílands:

Ferðir hefjast í nóvember

SAMGÖNGUR Móðurfélag Heimsferða, Primera Travel Group, hefur samið um leigu á breiðbotu af gerðinni Boeing 767-300 af Loftleiðum Icelandic.

Vélin, sem verður mönnum íslenskrir áhöfn, mun hefja ferðir í nóvember og liggur leiðin frá Norðurlöndum til Taílands og fleiri í jarlægra áfangastaða. Gert er ráð fyrir um 35.000 farþegum í fyrstu vetraráætlun. Árið 2006 ferðuðust um 500.000 manns með Primera Travel Group og var velta fyrirtækisins 35 milljarðar króna. Loftleiðir Icelandic, sem er dótturfélag Icelandair Group, annast leiguflygþjónustu fyrir flugfélög víða um heim.

- mhg

Lán í óláni hjá öikumanni:

Ók bílnum inn í svefnherbergi

SLYS Betur fór en á horfðist þegar 37 ára gamall maður ók tíu metra inn í íbúðarhúsi í Tirstrup í Danmörku í fyrrinótt. Til allrar hamingju var enginn heima þegar slysið átti sér stað, en maðurinn endaði í svefnherbergi hússins. Þar sem byggingin var gerð úr hleðslugrjóti átti lögreglan í töluverðum vandræðum með að ná manni og bíl út úr húsinu, en það hefði hugsanlega getað hrundið. Bílstjórinn slapp ómeiddur en lögreglu grunar hann um að hafa verið undir áhrifum áfengis.

- mhg

LÖGREGLUFRÉTT

Slasaðist í bílveltu

Karlmaður fékk höfuðverka þegar bíll hans valt á Grundartanga í gærmorgun. Bíll mannsins fór í gegnum veggrind við veginn, lenti á kyrrstæðum bíl á bílastæði og valt. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús á Akranesi og voru meiðsli hans ekki talin alvarleg.

EINFALT OG FLJÓTLEGT AÐ KAUPA PRENTVERK

Verð á yfir 1000 prentlausnum!

PRENTLAUSNIR 2007



Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • Pantaðu eintak á www.odd.is

HARÐIR PAKKAR FRÁ NÝHERJA



Canon EOS 400 D 18-55mm linsa - 1GB minniskort

Heimurinn verður þinn eigin leikvöllur

Myndavélin sem hefur slegið í gegn hjá áhugasömum ljósmyndurum. Yfirburða 10.1 milljón punkta CMOS myndflaga og innbyggður rykhreinsibúnaður færa þér aðalsmerki EOS sem felast í skörpum og hreinum myndum.

Verð: **99.900 kr.**

Lenovo N100 fartölva

Hljóðlát og hröð

Glæsileg fartölva sem sinnir öllum þörfum unga fólksins, hvort sem það er fyrir skólann, tónlistina, kvikmyndirnar eða spjallið.

- Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 15,4" TFT breiðtjaldsskjár - Vibrant View tækni
- DVD+/-RW Dual Layer brennari
- Bluetooth
- Fingrafaralesari

Verð: **129.900kr.**



Bose SoundDock

Stílhrein gæði

Bose SoundDock er stílhrein og flott lausn til að hlusta á upphaldstónlistina þína í einstökum gæðum. Þú einfaldlega smellir iPod í Bose SoundDock og upplifunin er þín.

Verð: **39.900 kr.**

My Book 320 GB flakkari

Flottur og þægilegur

Stílhreinn flakkari með 320GB hljóðlátum hörðum disk. Ekkert vesen, setur hann í samband og byrjar strax að setja kvikmyndirnar, tónlistina og ljósmyndirnar inn á hann. Hugbúnaður frá Google fylgir.

Verð: **18.900 kr.**



Canon PowerShot A550

stafræn myndavél

Afkastamikil smávél

Nett myndavél með 7.1 megapixla myndflögu og 4x optical zoom. ISO 800 gerir hana tilvalda í myndatökur í lágum birtuskilyrðum án þess að nota flass auk þess sem það dregur úr hættu að myndirnar verði „hreyfðar“.

Verð: **24.900 kr.**



Bose IN EAR

Tær snilld

Einstaklega létt og þægileg heyrnatól sem sitja föst á sínum stað á meðan þau veita þér hinn fullkomna tón að hætti Bose. Heyrnatól sem henta við hvaða afþreyingu sem er.

Verð: **15.900 kr.**

MobileEdge Express bakpoki

Allt á einum stað

Rúmgóður bakpoki með öllu sem þarf. Sérstakt pláss fyrir fartölvuna, bækurnar, MP3 spilarann, vatnsflöskuna og allt hitt sem þú þarft að nota yfir daginn. Styður vel við bakið, sama hversu mikið þú setur í hann. Kemur einnig í svörtu/sílfur og svörtu/rauðu.

Verð: **6.900 kr.**




NÝHERJI



HLEYPUR Á GLÓANDI KOLUM
Ungur þátttakandi í árlegri vorhátíð við Takao-fjall í Japan í gær lét sig ekki muna um að hlaupa eins og aðrir yfir glóandi kol.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ísraelskur fræðimaður segir flest sund lokuð í friðarferlinu:

Vald Bandaríkjanna ofmetið

MID-AUSTURLÖND Máttur Bandaríkjanna til þess að leysa deilumál Ísraels og Palestínnumanna er oft stórlega ofmetinn, bæði af Bandaríkjamönnum sjálfum og einnig í Evrópuríkjum.

Þetta er mat ísraelska fræðimannsins Mark Heller, sem á föstudag flutti fyrirlestur á vegum Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands um þá valkosti sem Ísraelar standa nú frammi fyrir gagnvart Palestínnumönnum.

„Bandaríkin eru ekki almáttug, þótt auðvitað mættu þau reyna meira,“ sagði Heller, sem er yfirmáður rannsóknna við Öryggismálastofnun Tel Aviv-háskóla.



DR. MARK HELLER Fjallaði í fyrirlestri sínum um valkosti Ísraels gagnvart Palestínnumönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í fyrirlestri sínum sagði hann stöðuna nú vera þannig að nánast

öll sund væru lokuð þeim sem vildu koma raunverulegu friðarferli af stað á ný milli Palestínnumanna og Ísraels. Þess í stað eru Palestínnumenn og Ísraelar að byrja að feta annað ferli pólitískra samskipta, sem gætu bætt lífsskiptir bæði Palestínnumanna og Ísraels og síðar meir jafnvel breytt andrúmsloftinu þannig að hugsanlega verði hægt að reyna eiginlegar friðarviðræður á ný.

„En þetta er alveg á frumstigi,“ sagði Heller í viðtali við Fréttablaðið. „Og allt er það komið undir því að Palestínnumenn myndi nýja þjóðstjórn og hún fari að viðmiðunarreglum fjórveldanna.“ - gb

Ökumaðurinn einskis var:

Datt í hálfu og varð fyrir bíl

LÖGREGLUMÁL Ungur maður beinbrotnaði þegar ekið var á hann á sveitabæ í Mývatnssveit á fjórða tímanum í fyrrinótt. Slysið varð með þeim hætti að ökumaður bílsins var að skutla mönnum heim á sveitabæinn og einn þeirra hrasaði í hálfu fyrir aftan bílinn og datt. Ökumaðurinn varð þess ekki var, bakkaði af stað og ók á öxl þess sem féll.

Ökumaðurinn ók því næst af stað en áttaði sig stuttu síðar á því sem gerst hafði. Sá sem ekið var á var fluttur með sjúkrabíl á sjúkrahús á Akureyri, og er talinn vera upphandleggs- eða axlarbrotinn.

- sh

Ný tækifæri til atvinnuþátttöku

Ráðstefna ÖBÍ og Vinnumálastofnunar í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Haldin í Gullhömrum, fimmtudaginn 22. mars 2007.

Dagskrá

Fundarstjóri. Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytinu

- 09.00 Skráning.
- 09.30 Setning ráðstefnu. Hr. Geir H. Haarde, forsætisráðherra.
- 09.45 Laila Gustavsen, ráðuneytisstjóri í Arbeids- og inkluderingsdepartementet í Noregi. „*Arbeid, Velferd og Sosial Inkludering i Norge.*“
- 10.30 Kaffi.
- 10.50 Gunnar Kr. Guðmundsson, endurhæfingarlæknir. „*Starfsendurhæfing nútíð og framtíð – nýjar áherslur.*“
- 11.30 Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. „*Helstu niðurstöður Örkumatsnefndarinnar.*“
- 12.00 Hádegishlé.
- 13.00 Toril Dale, Research Manager, department of research and development. „*Vocational multidisciplinary rehabilitation – improving and increasing a field of knowledge.*“
- 13.40 Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ. „*Endurskoðun samningsbundinna veikinda- og slysaréttinda í ljósi nýrra viðhorfa til endurhæfingar.*“
- 14.00 Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. „*Aðkoma atvinnurekenda að starfsendurhæfingarmálum í ljósi skýrslu Örkumatsnefndar.*“
- 14.20 Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða. „*Starfsendurhæfing – besta fjárfestingin!*“
- 14.40 Kaffi.
- 15.00 Sigursteinn Músson, formaður ÖBÍ. „*Nýtt hlutverk stjórnkerfis í samfélagi sem byggir á virkni og þátttöku.*“
- 15.20 Pallborðsumræður: Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra, Ragnar Gunnar Þórhallsson, ÖBÍ, Sigurður Pétur Sigmundsson, Vinnumálastofnun, Hannes G. Sigurðsson, SA og Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ.
- 15.50 Ráðstefnulok. Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra.

Skráning fer fram á heimasíðu ÖBÍ, www.obi.is og www.congress.is Þátttökugjald er 4.000 kr. Innifalið er hádegismatur og kaffi.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS



ÍÐJUPJÁLFUN Í HÆTTU Íðjubjálfunin er mikilvægur þáttur í endurhæfingu geðsjúklunga en íðjubjálfunardeild Geðdeildar verður lokað 1. maí verði ekkert að gert. Jórunn Dögg Stefánsdóttir og Helena Kolbeinsdóttir mæta á morgnana í íðjubjálfun á Geðdeild LSH.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sjúklingar vilja bjarga deildinni

Sjúklingar á íðjubjálfunardeild berjast fyrir deildinni með undirskriftasöfnun, greinaskrifum og viðtölum. Fólk fæst ekki til starfa vegna lágra launa og er áætlað að loka deildinni 1. maí.

HEILBRIGÐISMÁL Sjúklingar og starfsmenn íðjubjálfunardeildar geðdeildar hafa tekið höndum saman í baráttunni fyrir því að bjarga starfsemi íðjubjálfunardeildar á Geðdeild LSH en deildinni verður lokað vegna manneklu 1. maí verði ekkert gert. Fólk fæst ekki til starfa vegna lélegra launa á deildinni.



MAGNÚS PÉTURSSON

„Íðjubjálfunin hjálpar mér að hafa rúttinu á mínu lífi. Ef ég væri ekki í íðjubjálfun væri ég sofandi inni í herbergi heima. Íðjubjálfunin verður til þess að ég fer á fætur og út á meðal fólks en ég er mjög lokuð og á það til að einangra mig,“ segir Helena Kolbeinsdóttir, sem hefur sótt íðjubjálfun á Geðdeild LSH í tvö ár.

Helena hefur verið að velta fyrir sér að fara út á vinnumarkaðinn en finnst hún ekki tilbúin til þess alveg strax. „Ef íðjubjálfunin fellur niður þá veit ég ekki hvað ég geri. Maður fær aðhald í gegnum þessa deild, það er fylgst með og tekið meira tillit til veikindanna þegar maður er kominn út á vinnumarkaðinn,“ segir hún.

Jórunn Dögg Stefánsdóttir sækir líka íðjubjálfunina. „Ég er með geðhvörf og lenti í alvarlegum veikindum 2005. Íðjubjálfun-

” Ef ég væri ekki í íðjubjálfun væri ég sofandi inni í herbergi heima.

HELENA KOLBEINSDÓTTIR, SJÚKLINGUR Á ÍÐJUPJÁLFUNARDEILD GEÐDEILDAR LSH.

in hefur hjálpað mér að ná mér upp og efla sjálfstraustið,“ segir Jórunn Dögg. „Hún er mikilvægur þáttur í endurhæfingunni, að hjálpa manni að takast á við lífið og komast aftur út á vinnumarkaðinn.“

Sjúklingar í íðjubjálfun halda úti bloggsíðu og eru að safna undirskriftum til stuðnings starfsemi deildarinnar.

Sylviane Pétursson-Lecoultré, stjórnandi deildarinnar, hefur skrifað æðstu stjórnendum LSH bréf til að gera grein fyrir stöðunni og óska eftir svörum um þjónustuna við Hringbraut og hversu miklu máli það skipti LSH að hafa áfram íðjubjálfun.

„Við höfum auðvitað áhyggjur af þessari stöðu,“ segir Magnús Pétursson, forstjóri LSH. „Þetta er deila um kjör og við fylgjum þeim samningum sem í gildi eru. Við munum auðvitað skoða hvað hægt er að gera en það eru ekki margir kostir í þessari stöðu. Ef fólk fæst ekki til starfa þá er erfitt um vik en auðvitað vonar maður að þetta leysist með einhverju lagi. En það er ekki hægt að brjóta kjarasamninga. Það liggur í augum uppi.“

ghs@frettabladid.is

Styrktarfélag krabbameinssjúkra:

Unglingar gefa unglungum fé

STYRKUR Félagsheimilið Seljó gaf unglungahópi Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna fimmtíu þúsund krónur síðastliðinn miðvikudag. Styrkurinn verður notaður til þess að efla enn frekar það starf hópsins sem hefur verið einstaklega fjörukt í vetur, að því er segir í tilkynningu.

Forsvarsmenn hópsins sem lét fé af hendi rakna sögðu að krakkana í félagsheimilinu hefði langað að láta gott af sér leiða og helst að það rynni til unglunga-starfs. Ólafur Einarsson og Þórir Valdimarsson tóku við styrknum fyrir hönd styrktarfélagsins. - sps

Abdullah Jórdaníukonungur ávarpaði Bandaríkjaþing og hvatti þingmenn til að skapa aðstæður fyrir frið:

Finna þarf lausn án tafar á þessu ári

WASHINGTON, AP Abdullah Jórdaníukonungur sagði enga von til þess að lausn finnist á deilu Ísraels og Palestínúanna nema Bandaríkin beiti sér af alefli í málinu.

Abdullah ávarpaði Bandaríkjaþing á fimmtudagskvöldið og hvatti þingmenn til að skapa þær aðstæður að hægt verði að koma á varanlegum friði í Mið-Austurlöndum.

„Við væntum þess að þið takið að ykkur sögulegt hlutverk,“ sagði hann á fundi sameinaðs þings í Washington, og bætti við að árangur verði að sjást „ekki eftir eitt ár eða fimm ár heldur á þessu ári.“

Ræðu sína flutti hann á lýta-lausri ensku og þurfti nokkrum

sinnnum að gera hlé á máli sínu vegna lófataks áheyranda.

Hann lagði áherslu á að bæði Ísraelar og Palestínúmenn hafi gengið í gegnum miklar þjáningar, en minnst hvorki á innbyrðis deilur Palestínúanna né tilraunir Condoleezza Rice til að koma friðarferlinu af stað á ný.

„Markmiðið hlýtur að vera friður sem allir hafa ávinning af,“ sagði hann.

Áður en hann hélt til Washington hafði Abdullah gagnrýnt Ísrael harðlega og sagði meginábyrgðina á ástandinu liggja hjá Ísrael. Í ræðunni forðaðist hann þó að beina spjótum sínum beint að Ísrael. - gb



JÓRDANÍUKONUNGUR Í RÆÐUSTÓL Abdullah fjallaði í ræðu sinni á Bandaríkjaþingi nánast eingöngu um deilur Ísraels og Palestínúanna. Á bak við hann sitja þau Dick Cheney varaforseti og Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirlaunakerfið í Þýskalandi:

Eftirlaunaaldur hækkir í 67 ár

ÞÝSKALAND, AP Eftirlaunaaldur í Þýskalandi verður hækkaður upp í 67 ár samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem neðri deild þýska þingsins samþykkti með miklum meirihluta á föstudag.

Þessari lagabreytingu er ætlað að draga úr kostnaði þýskra stjórnvalda við að sjá fyrir öldruðum Þjóðverjum sem fer sífjögandi. Gert er ráð fyrir að hækkunin taki gildi smám saman á tímabilinu 2012 til 2024.

Fastlega er búist við því að efri deildin samþykki frumvarpið síðar í þessum mánuði. Ríkisstjórnarflokkarnir tveir eru með mikinn meirihluta í báðum þingdeildum. - sdg



RÚSTIR KONUNGSHALLARINNAR Börn að leika skammt frá Kabúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Æðstaráð gegn sakaruppgjöf:

Væri brot gegn lögum íslams

AFGANISTAN, AP Æðstaráð múslimakerka í Afganistan hafnar kröfu þjóðþings landsins um að Afgön-um, sem grunaðir eru um stríðs-glæpi, verði veitt sakaruppgjöf. Ráðið segir að virða beri rétt fórnarlambanna og vísar þar í íslömsk lög.

Báðar deildir þjóðþingsins í Afganistan höfðu samþykkt ályktun um sakaruppgjöf stríðsmanna, sem börðust gegn hernámi Sovétríkjanna á niunda áratug síðustu aldar eða í borgarastríðinu sem geisaði í landinu á tíunda áratugnum. Sakaruppgjöfin myndi þó aðeins ná til þeirra sem viðurkenna núverandi stjórn landsins. - gb

LÖGREGLUMÁL

Bíll fór á flot á Stokkseyri

Musso-jeppi og bátakerja fóru í sjóinn við fjöruna á Stokkseyri á föstudagsmorgun. Ökumaður bílsins bakkaði kerrunni út í flæðarmálið til að koma motorbát upp á hana; gríðarleg alda kom upp á land með þeim afleiðingum að bíllinn fór á flot. Ökumaðurinn náði að koma bílnum upp í fjöruna áður en lögreglan kom á vettvang.

SIMPLY CLEVER



AFL OG HAGKVÆMNI SAMEINAST

TÆKNIUNDRIÐ TDI® DÍSILVÉLIN EYÐIR AÐEINS 4,9 LÍTRUM



GullnaStýrið

Skoda Octavia hefur meðal annars hlotið Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.



Skoda Octavia

Skoda Octavia með 1,9 lítra TDI® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni getur farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Svo er Octavia TDI® einnig fánleg fjórhjóladrifin og meira en tilbúin í átök vetrarins. Hvort sem hindrunin er háir snjóskafar eða hátt eldsneytisverð þá ertu í toppmálum á Skoda Octavia TDI®.

Í ágúst 2006 tókst Stefáni Ásgrímssyni, ritstjóra FÍB blaðsins, að ná eyðslu bílsins í **3,63 lítra** þegar hann ók rúmlega hringveginn, alls 1.515 km, í áheitaakstri HEKLU fyrir Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Íslenska ánægjuvogin

Hátíðarfundur ánægjuvogarinnar verður haldinn 13. mars nk. á Nordica Hótel. Húsið opnar kl. 8.15 og hefst formleg dagskrá kl. 8.30.

DAGSKRÁ: SETNING:

Davíð Lúðvíksson, Samtökum iðnaðarins

KYNNING Á ÁNÆGJUVOGINNI OG HELSTU NIÐURSTÖÐUM ÁRSINS 2006
Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Capacent-Gallup

VIÐSKIPTAVINURINN Í FYRIRRÚMI

Guðmundur Hauksson sparisjósstjóri

VIÐURKENNINGAR ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGARINNAR Í EFTIRTÖLDUM FLOKKUM: Martha Árnadóttir, Stjórnvísir

1. Fjármálafyrirtæki
2. Tryggingafélög
3. Farsímafyrirtæki
4. Internetveitur
5. Raforkufyrirtæki
6. Gosdrykkjaframleiðendur
7. Smásöluverslanir

Það fyrirtæki sem hefur hæst heildarskor fær sérstaka viðurkenningu.

Hátíðin er sannkölluð uppskeruhátíð framsækinnra fyrirtækja sem setja viðskiptavininn í öndvegi.

Fundurinn er morgunverðarfundur og lýkur kl. 10.00.

Verð kr. 3.900,-
Skráning á www.stjornvisi.is



capacent
GALLUP

SI
Samtök iðnaðarins

STJÖRNVÍSIR
HÉLGAHÖFUDSVEGUR 10
101 KÖPENHAÐEN
TEL. 590 1000

Majar mótfallnir George Bush Bandaríkjaforseta:

Illir andar hraktir á brott

GVATEMALA, AP Leiðtogar Maja-indíána í Gvatemala eru ekki ánægðir með fyrirhugaða heimsókn Bush Bandaríkjaforseta til landsins.

Bush er nú á vikufélagi um Suður-Ameríku í þeim tilgangi að liðka til í samskiptum við lönd í álfunni. „Það er hrein móðgun við okkur og menningu okkar að maður eins og Bush fái að ferðast um heilög landsvæði innfæddra,“ er haft eftir talsmanni þeirra. Ráðgera Majarnir að fá presta til að „hrekja burt illa anda“ eftir að Bush Bandaríkjaforseti hefur átt þar leið um. Heimsókn Bush hefur víðar mætt andstöðu.



BUSH FÆR ÓBLÍÐAR MÓTTÖKUR FRÁ mótmælum í Gvatemala. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR Jóhanna segir ástæðu þess að stimpilgjaldið sé ekki afnumið vera þá að þau séu orðin mikilvæg tekjuöflun fyrir ríkissjóð. Tekjur hans vegna gjaldsins eru áætlaðar 6,2 milljarðar á þessu ári.

Stimpilgjöld óverjanleg skattlagning

Jóhanna Sigurðardóttir segir stimpilgjöld vera óverjanlega skattlagningu sem bitni illa á fyrirtækjum og einstaklingum. Fjármálaráðherra telur óskysamlegt að afnema þau nú vegna þenslu.

STJÖRNMÁL „Þetta er mjög ósanngjarn skattur, bæði gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, um 1,5 prósentu stimpilgjald sem samkvæmt lögum er skylt að greiða til ríkissjóðs af höfuðstóli allra lána. Samkvæmt ríkisreikningi námu tekjur ríkissjóðs árið 2005 af gjaldinu rúmum nfu milljörðum króna. Þær eru áætlaðar 6,2 milljarðar á þessu ári samkvæmt fjárlögum.

Jóhanna segir gjaldið sérstaklega ósanngjarn gagnvart íbúðareigendum. „Unga fólk er að spenna bogann alveg á fullu þegar það er að kaupa sér íbúð. Þá kemur ríkisvaldið með krumluna og hirðir hundruð þúsunda í stimpilgjöld. Hámarkslán íbúðalánasjóðs eru 18 milljónir þannig að stimpilgjöld af þannig láni er um 270 þúsund krónur.“

Ríkið ber ekki neinn kostnað vegna gjaldsins og því segir Jóhanna það ekki vera neitt annað en viðbótarskattheimtu. Auk þess lána bankarnir fólk fyrir gjaldinu og af því lánsfé þarf að greiða vexti og verðbætur út lánstímann. Þeir græða því líka á þessu fyrirkomulagi. „Það er mikill meirihluti fyrir því á Alþingi að afnema þessi gjöld. En þetta er orðin svo mikil tekjuöflun fyrir ríkissjóð að það er ekkert gert. Það getur hins vegar enginn varið þennan skatt. Hann er það óréttlátur.“

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, tekur í sama



ÁRNI MATHIESEN SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

streng og segir stimpilgjaldið hindra hreyfanleika neytenda á lánamarkaði. „Þetta gjald kemur í veg fyrir að þú farir með láni þín á milli banka því ef það er gert þá leggst stimpilgjaldið aftur ofan á lánið. Við lögðum fram þingsályktunartillögu í haust um að þetta yrði aflagt í áföngum til að sýna ábyrgð. En í sjálfu sér gæti ég alveg fallist á að þetta yrði strax tekið af að fullu.“

Báðir stjórnarflokkarnir hafa ályktað um það á landsfundum sínum að stimpilgjaldið skyldi afnumið. Samt hefur slíkt ekki verið gert. Árni Mathiesen fjármálaráðherra segist þó gjarnan vilja losna við stimpilgjaldið. „Það er einfaldlega ekki skysamlegt að gera það nú vegna þess að það er svo mikil þensla á fasteignamarkaðinum. Afnáms stimpilgjaldsins myndi leiða til enn meiri þenslu. En undir réttum kringumstæðum gæti þetta orðið beinlínis jákvæð efnahagsleg aðgerð.“ Ekki náðist í Jón Sigurðson, formann Framsóknarflokksins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

thorhur@frettabladid.is

Viðskiptahugbúnaður sem vex með þér!

Fullkominn
viðskiptahugbúnaður
fyrir aðeins
128.500 kr.*

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með þér og þínu fyrirtæki!

Við hjá Landsteinum Streng höfum mikla reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Nú höfum við sett saman tilboð sem er sérstaklega að þörfum minni fyrirtækja og tryggir þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án nokkurra takmarkana.

Tilboðið samanstendur af nokkrum grunneiningum úr Microsoft Dynamics NAV og uppfyllir allar helstu þarfir hvaða fyrirtækis sem er. Þessar einingar eru:

Fjárhagsbókhald

Sölureikningar

Bankareikningar

Viðskiptamanna- og sölubókhald

Lánardrottna- og innkaupakerfi

Birgðabókhald

Forðabókhald

Eignakerfi

Starfsmannahald

Tengslastjórnun (CRM)

Með þessum grunneiningum er þér tryggður viðskiptahugbúnaður sem hentar sérstaklega vel minni fyrirtækjum sem þurfa að halda utan um viðskipti sín á auðveldan en skipulagðan hátt. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum.

Þeim sem nýta sér þetta sérstaka tilboð býðst 50% afsláttur af Innheimtakerfi, Launabókhaldi og Tollakerfi.

Tryggðu þér traustan grunn og hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000.

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 atvinnuáhrifum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Boots stórmarkaði, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Alþenu árið 2004).



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.ls.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

*Verð er án vsk. og vélbúnaðar. **Gildir fyrir fyrirtæki með allt að fimm samtímanotendum.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.



Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsoynggi við tölvunotkun.

Helstu kennslugreinar

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og Windows XP
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist þáttakandanum í vinnu eða heima við.

Lengd: 84 stundir/57 klukkust. Verð: 74.900 staðgr.
Tímar: Morgunnámskeið hefst 24. apríl 2007.

Hagnýtt bókhaldsnám



Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tókum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi. Taktu þátt í námskeiði sem borgar sig strax.

Helstu kennslugreinar

- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjors og margt fleira

Hringdu núna og bókaðu sæti áður en það verður of seint. Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði námskeiðs (árs leyfi)!

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900 staðgr.
Tímar: Mætt þrisvar í viku 9:00-12:00 og hefst 14. mars 2007.

• Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500
Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900
Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900
Fingrasetning - tölvuvélritun • 6 stundir/verð: 6.900

• Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900
Access III: Fjölvar og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

• Word

Word 1a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900
Word 1b: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900
Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500
Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900
Töflur og eyðublað í Word • 4 stundir/verð 6.900
Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900
Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

• Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500
Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900
Excel IIb: Fjármál, bókh. og endursk. • 18 st./verð 34.500
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

• PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900
PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

• Outlook

Outlook: póstur, tímareíða og verkefni • 13 st./verð 16.900

• Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

• Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500
DreamWeaver vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900
DreamWeaver og Photoshop • 33 stundir/verð 49.900
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st./verð 24.900

• Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900
Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900
Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900
Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

• Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

• Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900
Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900
Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

Dreamweaver og Photoshop



Lærðu á tvö vinsælustu forritin fyrir vefsíðugerð og myndvinnslu á einu námskeiði. Faglega gerðar vefsíður og skemmtilega unnar myndir ráða úrslitum um góðan árangur.

Helstu kennslugreinar

- Meginatriði góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu
- Kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður með DreamWeaver
- Framúrskarandi ljósmyndir og myndvinnsla fyrir vef með Photoshop

Eitt námskeið sem kennir þér allt það mikilvægasta eða sitt hvort námskeiðið ef þú vilt það frekar.

Talaðu við okkur um greiðslukjör - allt að 3 ára raðgreiðslusamningur.

Lengd: 49 stundir/33 klukkust. Verð: 49.900
Tímar: Tveggja vikna námskeið, kl. 13:00-16:00, hefst 19. mars 2007

Photoshop: 22 st./14 klst. kl. 13:00-16:00 hefst 26.3.07 Verð: 26.900
DreamWeaver: 27 st./18 klst. kl. 13:00-16:00 hefst 19.3.07 Verð: 29.900

Skaraðu framúr!



Við bjóðum þér frábært úrval námskeiða sem hjálpa þér til þess að skara framúr í notkun skrifstofuhugbúnaðar og tölvu.

Í 21 ár höfum við boðið gæðanámskeið sem tæplega 35.000 manns hafa sótt. Enginn annar tölvuskóli statar af slíkum fjölda ánægðra nemenda hér á landi - við skörum framúr!

Við vitum að þú getur líka skarað framúr með þátttöku í námi hjá okkur. Hikaðu þess vegna ekki við að hafa samband við okkur og við aðstoðum þig við að leysa þarfir þínar fyrir aukna þekkingu sem skilar þér í mark á styttri tíma!

Framúrskarandi skóli í 21 ár

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000

- og skoðuðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

- eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa


- VR, Efling og flest önnur stéttarfelög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis símahjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir greiðsluskilmálar og lán til allt að 5 ára (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Svona erum við

> Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildarmannfjölda á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: ÁRANGUR LAGA UM FÆÐINGAR- OG FORELDRAORLOF Á ÍSLANDI EFTIR 2000:

Frjósemin hefur aukist á Íslandi

Árið 2000 samþykkti Alþingi ný lög um fæðingar- og foreldraorlof þar sem greiðslur voru tekjutengdar og orlofinu skipt milli foreldra. Meðal markmiða var að auka þátttöku feðra við umönnun barna sinna, jafna stöðu karla og kvenna á vinnu- markaði og auka barneignir. Ut er kominn ný skýrsla eftir Ingólf V. Gíslason félagsfræðing, Fæðingar- og foreldraorlof á Íslandi - Þróun eftir lagasetninguna árið 2000, þar sem

reynt er að meta hvernig hafi til tekist.

Hefur eitthvað þokast?

Flest bendir til að markmiðin sem stefnt var að hafi færst nær enda þykir framkvæmd laganna hafa tekist afar vel. Fyrsta árið sem lög in voru í gildi, 2001, voru 82,4 prósent feðra í fæðingarorlofi og árið 2004 var hlutfallið 89,9 prósent. Árið 2001 tóku feður að meðaltali 39 daga í fæðingarorlof en konur 186. Árið 2004 tóku feður að meðaltali 96 daga en konur 182.



Hefur staðan eitthvað jafnast milli kynjanna?

Vísbendingar eru um að staða karla og kvenna á vinnu- markaði hafi jafnast í kjölfar lagasetningarinnar. Karlavinnustaðir hugsa nú fyrir fæðingarorlofi við gerð fjárhagsáætlunar en það hafa kvinnavinnustaðir alltaf þurft að gera. Einnig hefur komið fram að kynjahlutföll þeirra sem hótað er atvinnumissi vegna fæðingarorlofs hefur jafnast. Nýleg könnun sýnir líka að viðhorf kvenna til vinnu- markaðarinnar eru nú svipuð viðhorf karla og viðhorf karla til umhyggjuábyrgðar í fjölskyldum hafa nálgast viðhorf kvenna.

Hefur barneignum eitthvað fjölgað?

Já. Þróunin sýnir að frjósemin hefur aukist á Íslandi.

SPURT & SVAR

STYTTING GRUNNSKÓLA

Fyrir þá sem standa vel



EINAR MAGNÚSSON
Skólastjóri Hagskóla.

Nemendum í Árbæjarskóla, Hagaskóla og Rimaskóla í Reykjavík verður í haust boðið að ljúka 8., 9. og 10. bekk á tveimur árum í stað þriggja. Einar Magnússon er skólastjóri í Hagaskóla.

Af hverju er boðið upp á þetta?

Rétt eins og boðið er upp á stuðning við þá nemendur sem gengur verr í námi teljum við okkur verða að koma til móts við þá sem standa sig afburða vel. Það hefur einnig verið þrýstingur frá foreldraráði um að þessi kostur standi nemendum til boða. Er eftirspurnin mikil? Það á eftir að kynna þetta en að okkar mati er þetta spurning um sveigjanleika. Hún verður eflaust einhver en reynslan segir okkur að nemendur vilja fylgja félögum sínum að í námi. Hún er því að stórum hluta félagslegs eðlis. Mun þessi þróun halda áfram? Tíminn einn mun leiða það í ljós.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur kynnt frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem verður lagt fram á þingi í haust. Frumvarpið er afar róttækt og felur í sér mörg nýmæli.

Í nýju frumvarpi um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem lagt verður fram í haust, er lagt til að Jafnréttisstofa fái heimild til að krefja opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagsamtök um upplýsingar um einstök mál sem eru í vinnslu. Verði upplýsingarnar ekki veittar er heimild til að beita dagsektum.

Lagt er til að kærufnd fái heimild til að kveða upp bindandi úrskurði og að nefndin geti frestað réttaráhrifum úrskurðar með tilteknum skilyrðum. Sá sem kæra beinist gegn greiði kostnaðinn við kærana. Sé kæra tilefnislaus getur nefndin úrskurðað að kærandi eigi að greiða málskostnað. Þá verði gjafsókn veitt kæranda sem unnið hefur mál fyrir kærufnd jafnréttismála ef gagnaðili höfðar mál til ógildingar úrskurðinum.

Dagsektir heimilaðar

Lagt er til að fjölgað verði í Jafnréttisráði og að ráðið taki þátt í undirbúningi jafnréttisþings á



FRUMVARP KYNNT Ingí Valur Jóhannsson deildarstjóri, Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra voru í hópi þeirra sem kynntu nýtt frumvarp til jafnréttis sem lagt verður fram á þingi í haust.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tveggja ára fresti. Jafnréttisáætlunum fyrirtækja sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri á að fylgja framkvæmdaáætlun til að ná jafnrétti kynjanna á vinnustaðnum. Áætlanirnar skuli endurskoða á þriggja ára fresti og senda skýrslu til Jafnréttisstofu. Ef það er ekki gert sé heimilt að leggja dagsektir á viðkomandi fyrirtæki.

Skýlt verður að tilnefna bæði karl og konu í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga og á hlutfall hvors kyns að vera fjórutíu prósent eða ekki minna en þriðjungur í þriggja manna nefndum. Jafnréttisumsögn skal fylgja öllum stjórnarfrumvörpum.

Kynbundinn launamunur nemur tæpum sextán prósentum. Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, vonast til að launamunurinn jafnist út á tíu árum. Guðrún segir að rétt hafi verið í nefndinni hvort tillagan um að tilnefna minnst fjórutíu prósent af hvoru kyni í nefndir, ráð og stjórnir ætti að ná lengra en bara til hins opinbera, til dæmis til fyrirtækja og lífeyrissjóða, en ákveðið hafi verið að taka ekki það skref að sinni. Bjarni Benediktsson alþingismaður segir að frumvarpið sé að mörgu leyti gott en gangi of langt á nokkrum sviðum. Í því birtist

HELSTU ATRÍÐI FRUMVARPSINS

■ Jafnréttisstofa getur krafði opinberar stofnanir, sveitarfélög, atvinnurekendur og félagsamtök um upplýsingar. Ef þær eru ekki veittar getur hún lagt á dagsektir.

■ Kærufnd getur kveðið upp bindandi úrskurði.

■ Málsmeðferð fyrir kærufnd breytist, til dæmis verði gjafsókn veitt kæranda sem hefur unnið mál ef gagnaðili höfðar mál til ógildingar.

■ Fjölgað verði í Jafnréttisráði. Ráðið taki þátt í undirbúningi jafnréttisþings á tveggja ára fresti.

■ Jafnréttisáætlunum fyrirtækja með 25 starfsmenn eða fleiri fylgi framkvæmdaáætlun. Þær skal endurskoða á þriggja ára fresti. Sé þessu ekki sinnt getur ráðið gripið til dagsektar.

■ Launamanni er heimilt að veita upplýsingar um kjör sín.

■ Menntamálaráðherra ráði jafnréttisráðgjafa.

■ Hlutfall hvors kyns verði minnst 40 prósent í nefndum, ráðum og stjórn- um á vegum ríkis og sveitarfélaga.

■ Jafnréttisumsögn fylgi öllum stjórnarfrumvörpum.

skýr áherslumunur milli Sjálfstæðisflokksins sem leggi áherslu á jöfn tækifæri en sé móttfallinn kvótum og sértækum aðgerðum og hinna flokkanna sem beiti stift kynjakvótum, vilji gera Jafnréttisstofu að eins konar launalögreglu og leggi áherslu á sértækar aðgerðir.

Of viðtæk heimild

Bjarni gagnrýnir að Jafnréttisstofa fái opna heimild til að gera kröfu um upplýsingar. „Hún er of viðtæk að mínu mati,“ segir hann. „Sú hætta er fyrir hendi að menn hrindi kærúmáli í gang að tilefnislitlu og láti á það reyna hvort kærufndin geti grafið upp uppýsingar.“

Bjarni bendir á að frumvarpstextinn sé túlkaður of frjállega þegar talað sé um að launaleynd verði aflétt. Það sé ekki rétt. Hann geti fallist á þá meginreglu að ekki megi gera launaleynd að skilyrði fyrir ráðningu, eins og segi í frumvarpstextanum, en ekki styðja afnám launaleyndar.

Mörður Árnason alþingismaður gerir fyrirvara um tvö efnisatriði; að jafnréttismálin séu best komin í

forsætisráðuneytinu og efast um að nógu langt sé gengið við að efla áhrif og völd Jafnréttisstofu með því að veita henni sektarheimild eins og drögin gera ráð fyrir. „Ég tel að frumvarpið sé eins gott og það mögulega gat orðið,“ segir hann.

Mörður rifjar upp aðdragandann að núverandi jafnréttislögum, segir að frumvarp að því hafi verið mun beittara kringum 2000 en allar tennur verið dregnar úr því áður en það var samþykkt. „Það voru sömu flokkar, sem fengu meirihluta í kosningunum 1999, sem lögðu frumvarpið fram sem hálfgerðan aumingja árið eftir og það eru þau lög sem við búum við núna. Þá spyrjum við: Er þetta að gerast aftur?“

Þingflokkur Samfylkingarinnar hvetur til þess að frumvarpið verði lagt fram strax en félagsmálaráðherra hefur sjálfur sagt að hann leggi það fram í haust.



FRÉTTASKÝRING
GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

Lotus Professional pappírsvörur

Á tilboði í mars 2007

LinStyle serviettur og dúkar, JustOne serviettur og serviettabox

Halldór Sigdórsson
þjónn, aðstoðarverslunarstjóri hjá RV



2.388 kr.



JustOne startpakki serviettabox og 600 serviettur

794 kr.



LinStyle serviettur 40x40cm, 50stk

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhóli 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25. Rekstrarvörur
ára 1982-2007

STUNÐARBRJÁLÆÐI

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



OCZ hágæða fartölvuminni

512MB hágæða fartölvuminni á góðu verði

1024MB hágæða fartölvuminni á góðu verði

frá kr. 5.490

frá kr. 11.490



Asus skjákort

7300LE - Hjóðlaust PClex skjákort

7600GS Silent - Hjóðlaust PClex skjákort

kr. 3.990

kr. 11.990



400GB Seagate Baracuda ATA

Hjóðlátur með 16Mb buffer (1 stk á mann)

kr. 9.990



Logitech G15 lyklaborð

Bráðnauðsynlegt fyrir tölvuleikina

kr. 6.990



Logitech X-530 5.1 hátalarakerfi

Frábært heimabíókerfi - 70w RMS


kr. 7.990

Logitech Quickcam messenger

Nauðsynleg viðbót við MSN og Skype

Mikil gæði á ótrúlegu verði

kr. 990



Norton Internet Security 2006

Virúsvörn, eldveggur, barnalæsing og fleira

1 árs leyfi á ótrúlegu verði - Windows XP / 2000

kr. 990



Philips, JVC og Creative heyrnatól

Gott úrval af frábærum heyrnatólum

frá kr. 1.990

Bolir með áletrun

Úrval tölvutengdra grínskotinna áletrana

kr. 1.990



ASUS A6M fartölva

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x1050) með vefmyndavél
- AMD Mobile Sempron 3400+ 1.8GHz örgjörvi
- NVIDIA GeForce Go 6100 128MB skjákort
- 512MB DDRII 677MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 80GB 5400rpm harður diskur
- Intel High Definition samhæft hjóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD+/-RW Dual Layer brennari
- Innbyggð vefmyndavél
- 4 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II, Parallel og VGA út tengi
- Line in, Mic og heymartólstengi
- Styður SIR-115.2Kbps
- Windows XP Professional stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Express 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Lithium Ion 8 Cells rafhlaða sem endist í allt að 3 tíma
- 110-240V spennubreytir
- **Flott taska og lasermús fylgja**

Verð kr. 79.900

ASUS F3F fartölva

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x1050) með vefmyndavél
- Intel® Core(tm)2 Duo Processor 1.83GHz örgjörvi
- Intel 945GM Express skjákort
- 1GB DDRII vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB SATA harður diskur
- Intel High Definition samhæft hjóðkort
- 10/100/1000 Fast Ethernet og WLAN 802.11a/b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD+/-RW Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, FireWire, PCMCIA II, Parallel, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heymartólstengi
- Styður SIR-115.2Kbps
- Bluetooth
- Windows XP Pro stýrikerfi
- Norton Antivirus, Nero Express og ASUS hugbúnaður
- **Flott taska og lasermús fylgja**

Verð kr. 109.900

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

TAKKAR

TÖLVUVERSLUN - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

ASUS

Sarotech

JVC

PHILIPS



Brýnt er að róttækt frumvarp til jafnréttislaganna verði samþykkt.

Jafnréttislög sem gagn er að

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í vikunni var kynnt frumvarp til laga um ný jafnréttislög. Frumvarpið er býsna róttækt miðað við núgildandi lög en sá er hængurinn á að ekki stendur til að leggja frumvarpið fram á yfirstandandi þingi. Félagsmálaráðherra hefur sagst munu leggja frumvarpið fram í haust en telja verður allsendis óvíst hvað um það kann að verða á nýju þingi.

Endurskoðun jafnréttislaganna var afar brýn. Íslendingar hafa átt sérstök jafnréttislög síðan árið 1977. Á þessum tíma hafa lögin verið endurskoðuð nokkrum sinnum og segja má að áherslan í jafnréttislögum hafi sveiflast frá lagatexta sem ekki er hægt að lesa úr að misrétti sé til staðar yfir í lög sem gera ráð fyrir að grípa verði til sértækra tímabundinna aðgerða til að tryggja konum sambærilegan rétt og karlar hafa. Í árum talið hafa lögin verið mun lengur með fyrrnefnda sniðinu eða með hlutlausum lagatexta sem að litlu eða engu leyti gefur til kynna að karlar séu betur settir í samfélaginu en konur.

Það dugir augljóslega ekki að leggja upp með lög sem gera ráð fyrir formlegu jafnrétti milli kynja.

Gera verður ráð fyrir því að tilgangurinn með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé að koma á jafnrétti kynja. Enn er langt í land þrátt fyrir að jafnréttislög hafi verið í gildi hér á landi í þrjú áratugi. Það liggur því í augum uppi að lögin hafa ekki skilað þeim árangri sem til var ætlast. Það dugir augljóslega ekki að leggja upp með lög sem gera ráð fyrir formlegu jafnrétti milli kynja. Lögin verða einnig að fela í sér skýrar leiðir til að raungera þetta jafnrétti.

Um þetta virðist ríkja sátt milli stjórnmálaflokka, annarra en Sjálfstæðisflokksins. Í fréttaskýringu í Fréttablaðinu í dag er haft eftir Bjarna Benediktssyni þingmanni að áherslumunur sé milli Sjálfstæðisflokksins og hinna flokkanna í afstöðunni til jafnréttislaganna. Bjarni segir sjálfstæðimenn andvíga kvótum og sértækum aðgerðum til að ná fram jafnrétti milli kynja. Þetta verða að teljast skýr skilaboð.

Vitanlega verður að horfast í augu við þá staðreynd að löggjöf ein og sér leiðir ekki til jafnrar stöðu karla og kvenna. Til þess að það takmark náist verður einnig að koma til viðhorfsbreytingar, viðhorfsbreyting sem í það minnsta bjartsýnustu konur og karlar telja að sé að þökast í samfélaginu. Sú þróun er hins vegar afar hæg og fyrir liggur að hana verður að styðja með öflugri löggjöf þar sem horfst er í augu við staðreyndir og kveðið á um leiðir til að gera jafnrétti kynjanna að raunveruleika.

Íslendingar geta ekki setið með hendur í skauti og beðið eftir jafnrétti kynjanna. Hlutlaus löggjöf hefur ekki skilað þeim árangri sem vonast var til. Þess vegna er brýnt að þjóðin fái öflug jafnréttislög þar sem gert er ráð fyrir sértækum aðgerðum til að rétta hlut kvenna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTASTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson. ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Stigrður Björg Tómasdóttir. FULLTRÚI FRÉTTASTJÓRAR: Páll Baldvin Baldvinnson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fyrirtækjafyrirlestrar

Tímarnir breytast í stúdentapólitíkinni í Háskóla Íslands eins og á öðrum víg-stöðvum. Sú var tíðin að vinstra fólkið í Róskvu, samtökum félagshyggju-fólks, sá vægast sagt rautt þegar einhver fyrirtæki vildu kosta eitthvað sem tengdist starfsemi háskólans. Dagur B. Eggertsson, sem var þá formaður Stúdentaráðs, spurði nemendur á opnum fundi hvort þeir vildu hlusta á fyrirlestra í boði Snickers eða kók. En nú er öldin önnur. Röskvuliðar, með Dagnýju Ósk Aradóttur í broddi fylkingar, fagna sérstaklega í ályktun að Kaupþing banki kosti ótímabundið stöðu Friðriks Más Baldurssonar, prófessors í viðskipta- og hagfræðideild. Það skiptir vinstri menn ekki lengur máli þótt fyrirlestrar séu í boði fyrirtækja.

Fjölskyldubönd

Þrátt fyrir að Vaka, félag lýðræðis-sinnaðra stúdentna, hafi tapað stúdentakosningunum í febrúar virðist í undirbúningi mikil sókn. Ný stjórn og formaður voru kjörin einróma á aðalfundi félagsins í byrjun mars. Helga Lára Haarde er nýr formaður og á ekki langt að sækja forystuhæfileikana eins og nafnið gefur til kynna. Faðir hennar er forsætisráðherra, Geir Haarde, og bróðir hennar, Borgar Þór, er formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS). Það er því líka af sem áður var þegar Vökuliðar reyndu að þvo af sér allar tengingar við Sjálfstæðisflokkinn. Nú eru Vaka og Sjálfstæðisflokkurinn tengd fjölskylduböndum. Tryggjara gerist það varla.

Jón alræmði

Jón Baldvin skrifaði mikla grein í miðopnu Morgunblaðsins á laugardag. Tílefinið er rannsókn á ummælum hans um „hinn alræmda“ Sigurjón Sigurðsson, fyrrverandi lögreglustjóra. Afkomendur Sigurjóns kærðu ummælin og tók saksóknari málið til skoðunar. Biður Jón Baldvin saksóknara að svara því hvort forrættindi „embættisaðals“ væru ekki fyrir bi. Hefði Jón Baldvin lesið Fréttablaðið á miðvikudag myndi hann vita svarið. Þar segir Björn Þorvaldsson, settur saksóknari, að ekki sé tílefini til að ákæra Jón Baldvin fyrir þessi ummæli. Sumir eru þá kannski ekki rétthærrí en aðrir.



Frjálshyggjan er fílhraust óbyrja

Í hugum okkar eru „frjálshyggju-menn“ ungir Sjálfstæðismenn. Meyhreinar pabbadrengr hittast í ystu afkimum netheima, í kjallaranum heima hjá mömmu eða nýleigðum íbúðum vestur í Skjólum, þar sem einir búmunu eru flat-skjár og Friedman (brjóstmynd). Þar sitja þeir íklæddir fermingarskyrtum og láta barkakýlin tifa í takt eins og unghanar á gólafingu. Fussa gegn opinberum fjár-austri og álykta með sölu leikhúsa og leikskóla. Ljóngefáðir en lítt þroskaðir. Þannig hefur þetta verið um áratuga skeið. Nýjar kynslóðir taka í sífellu upp frjálshyggjufánann og halda á honum litla stund, á meðan hugsjónir þeirra fá að blómstra í Pabbaskjólunum frá vindum lífsins, þar til þeir kynnast konu, eignast börn og setjast upp í bílinn sem ekur þeim inn í samfélag manna.

Aðeins örfáir bera fána frjálshyggjunnar inn í fullorðinsár sín. Enn færri draga hann að húni í garði sínum. Það sem þeir gall-hörðu einstaklingar eiga sameiginlegt er að flestir eru þeir barnlausir. Frjálshyggjan krefst barnleysis. Því aðeins barnlaus er maðurinn frjáls, lífið einfalt og hugsjónin hrein. Frjálshyggjan stefnir að barnlausu þjóðfélagi.

Strax í fyrstu mæðraskoðun fer að molna úr frelsishugsjóninni. „Þið getið auðvitað farið í Partý-Sónar inni Faxafeni en það kostar 15.600 krónur.“ Einnig er boðið upp á „háægðafæðingu“ hjá Lífsins gjöf í Garðabæ en hún kostar frá 700.000 og upp í 1.200.000 ef valin eru mænu-deyging og keisaraskurður. Frjálshyggjudrengurinn þarf ekki nema eitt augnarád frá verðandi móður (barnshafandi konur eru greindustu dýr jarðarinnar) til að kyngja kenningunni með kýli og öllu.

Síðan tekur við fæðing og orlof. Frjálshyggjumaðurinn er skyndilega kominn á laun hjá hinu opinbera við að rækta sitt einka-



HALLGRÍMUR HELGASON Í DAG | Hugsjónafólk

líf, vökva sinn ástarvöxt. Og von bráðar vill barnið kaupa klarinett: Fyrr en varði situr litla prinsessan í Símfóníuhljómsveit æskunnar og blæs alla þá tónlist sem markaðurinn hefur fúlsað við í hundrað ár. „Afhverju getur hún ekki bara hlustað á Wham og Duran eins og ég gerði?“ Faðirinn mætir nokkuð mæddur á fundi í Frjálshyggjufélaginu, sem nú hefur keypt sér eigin „fundaíbúð“ þar sem enginn býr nema andi frjálshyggjunnar; fyrrmyndarþegninn í hinu komandi ríki frelsisins. Okkar maður er enn sáemilega volgur í baráttunni en samþykkir með sýnilegum semingi áskorun til ríkisstjórnar um að Símfóníuhljómsveit Íslands verði úthýst af fjárlögum.

Svo heldur lífið áfram. Handleggir brotna og sálir kremjast. Einn lendir í dópi og annar fær krabbamein. Og alltaf þarf að leita á náðir kerfisins, öryggisnetsins og almannaþjónustunnar, alls þessa sem gerir samfélag síðað. Að lokum er gamli frjálshyggjustaurinn orðinn ráðsettur gúrmagi í Grafarvogi sem hlær mildilega þegar skjárin birtir nýjustu samþykktir drengjanna vestur í Pabbaskjóli. Bumbuhnegg hans er náskyllt brosi bóndans við huppskvettum kálfa sinna þegar þeir hlaupa út í sitt fyrsta vor. Kálfar eru og verða kálfar.

Barnlausir frjálshyggjumaðurinn heldur hinsvegar tryggð við málstaðinn enda tekst honum að komast í gegnum lífið án teljandi styrkja, án hjálpar ríkis

og sveitar. Hann stendur einn og frjáls af samþjálp meðborgara sinna, frjáls af hverkyns niðurverddirri samneyslu á sviði menningar eða lista. Hann hefur kannski nokkrum sinnum farið á Vínartónleika Símfóníunnar en þá krafist þess að fá að greiða fullt og frjáls verð fyrir sæti sitt: Þær 167.000 krónur sem hann reiknaði út að miðinn þyrfti að kosta svo hljómsveitin bæri sig.

Aukalykillinn að hugsjóninni er síðan góð heilsa. Hinn barnlausir boðberi frelsis má ekki klikka á henni. Aðeins mestu hreystimenni halda hugsjón sinni hreinni allt til dauðans þegar þeir eru grafnir utangarðs af gröfufyrirtæki í eigu fjölskyldunnar, alfrjálsir af framlögum til þjóðkirkjunnar og kirkjugarða ríkisins. Því um leið og heilsan bilar fer hugsjónin líka: Þegar frjálshyggjumaður leggst undir hnífinn horfst hann í augu við grímuklæddan almúgann sem um árabíl lagði fyrir hluta af launum sínum svo fjarlægja mætti frjálshyggjusteinarnið úr maga hans.

Þar sem frjálshyggjuni sleppir tekur þroskin við. Eftir að kommúnisminn dó og eftir að allir flokkar urðu grænir má skipta stjórnarmálum samtímans í tvær megin fylkingar: Frjálshyggju og kratismá. Sú fyrri telur um það bil 1,2% þjóðarinnar, hin síðari nýtur 98,8% fylgis. Afleiðingin er nokkuð einsteitt flokkakerfi því allir Íslendingar eru kratar í eðli sínu.

Sjálfstæðisflokkurinn er krataflokkur fyrir frjálshyggjufólk sem varð foreldrar. Framsóknarflokkurinn er krataflokkur fyrir fólk sem kallar kratismann „samvinnuhugsjón“. Frjálslyndi flokkurinn er krataflokkur fyrir ófrjálslynda krata. Vinstri grænir eru krataflokkur fyrir fólk sem ólst upp við kratahatur. Samfylkingin er krataflokkur fyrir fólk sem dreymir um að allir kratar kjósi sama flokkinn.

Kjarkleysi Samfylkingarinnar

UMRÆÐAN

Stækkun í Straumsvík

Afstöðuleysi meirihluta Samfylkingarinnar í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar til stækkunar álversins í Straumsvík er umhugsunarefni fyrir áhugamenn um stjórn má og lýðræði. Fólk sem býður sig fram til stjórnmalastarfa er kosið til að taka ákvarðanir eða a.m.k. að taka afstöðu til allra veigameiri mála sem upp koma.

Í aðdraganda síðustu sveitarstjórnarkosninga varð ljóst að fyrirhuguð stækkun álversins í Straumsvík væri mjög umdeild innan Hafnarfjarðar. Þess vegna ákvað meirihluti Samfylkingarinnar að gefa ekki upp sína afstöðu í málinu.

Til að komast hjá því að taka ákvörðun var gripið til þess ráðs að „virkja íbúalýðræðið“ eins og það er nefnt og láta Hafnirfjörðinga greiða atkvæði um stækkunina. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar eru nú hálfir í kápunni og bíða eftir niðurstöðum kosningarinnar. Þeir þora engan að styggja og vilja því enn ekki segja sína skoðun. Í rau er þó Samfylkingin í Hafnarfirði þegar búin að taka afstöðu, hún er búin að selja Alcan lóð undir stækkunina. Rétt er þó að taka fram að salan átti sér stað áður en skoðana-



RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR

kannanirnar um málið voru gerðar.

Oft eru stjórnmalamenn yfirlýsingaglaðir og jafnvel mun fúsari til að tjá skoðanir sínar en ýmsir kæra sig um. Nú þagna bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar allir sem einn á sama tíma! Ég trúi því ekki að enginn þessara ágætu bæjarfulltrúa hafi skoðun á stækkun álversins. Þess vegna er með ólíkindum að sjá þá múlbundna, eins og Jón Baldvin Hannibalsson komst svo skarplega að orði í blaðagrein fyrir skömmu. Hvar er lýðræðinu nú fyrir að fara hjá þeim?

Hafnirfjörðingar kjósa um stækkunina 31. mars næstkomandi. Þeir sem nú eru í meirihluta bæjarstjórnar og kosnir voru til að stjórna bænum, skorst beinlínis undan ábyrgðinni og láta sem gríðarlegir hagsmunir bæjarins skipti þá engu máli. Að bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar þori ekki að gefa upp sína afstöðu í jafn þýðingarmiklu máli og hér um ræðir, á sér vart hliðstæðu.

Þessi þögn þeirra er dæmi um ótrúlegt kjarkleysi.

Rósa Guðbjartsdóttir er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.

Við keyrum það áfram...

Nýja Sendibílastöðin
568 5000
www.sendibilar.is

LEIKIR ÁRSINS

Tölvuleikjaframleiðendur hittust í vikunni á árlegri ráðstefnu, GDC. Meðal annars voru valdir leikir ársins.

GRÆJUR 3



SJÓNVARP Í SÍMANN

Vodafone býður nú upp á sjónvarpsefni beint í símann. Hægt er að nálgast þætti eins og Ísland í dag, Silfur Egils, auk fréttu.

GRÆJUR 2



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT HITT

GRÆJUR

Apple ætlar að setja vélbúnaðarhröðun fyrir myndþjöppunarstaðalinn H.264 í allar



sínar tölvur, sem er hluti af MPEG4 staðlinum í allar tölvur. Þetta mun auðvelda fólki að þjappa myndefni fyrir iPod eða iPhone.

Photoshop CS3 mun koma út á þessu ári í tveimur útgáfum, CS3 og CS3 Extended. Í extended útgáfunni verður aukinn stuðningur við þrívíddarmyndir og hreyfimyndir.

Abiword er ritvinnsluforrit sem er svokallað „Open-source“ og er ókeypis fyrir alla. Það styður meðal annars skjöl úr Word og má nálgast það á vefsíðunni www.abisource.com.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 12. mars, 71. dagur ársins 2007.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	7.58	13.38
Akureyri	7.44	13.22

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Skemmtilegast að bjarga prinsessum



Atli Viðar Þorsteinsson á níu leikjatölvur.

Atli Viðar Þorsteinsson er mikill leikjatölvuáhugamaður og á alls níu talsins. Hann segist sjálfur vera barn Nintendo-kynslóðarinnar og tekur enn Mario Bros fram yfir Counter Strike.

„Ég eignaðist fyrstu leikjatölvuna mína þegar ég var sjö ára. Það var Family game tölva sem er lík Nintendo að mörgu leyti og var næstum því jafn góð,“ segir Atli Viðar Þorsteinsson leikjatölvuáhugamaður.

Eftir daga Family game tölvunnar tók við tímabil þar sem Atli spilaði mikið Nintendo, eignaðist Sega Mega drive leikjatölvu og byrjaði síðan að safna leikjatölvunum í menntaskóla.

Í dag á hann níu leikjatölvur sem hann grípur í af og til og segir mexíkóskan hristuleik frá Dreamcast vera í mesta uppáhaldi.

„Leikurinn Samba de Amigo er alltaf frá-

bær þegar við höldum parti. Hann er spilaður með tveimur maracas hristum og það er alltaf gaman að sjá svipinn á fólki þegar það sér græjurnar í fyrsta sinn,“ segir Atli hlæjandi.

Í safninu er að finna Sega Mega Drive tölvur ásamt Nintendo 8 bita, Sega Saturn, tvær Nintendo 64, og nýja Nintendo Wii. Atli á aukakópiu af flestum tölvunum sínum ef til kæmi að ein þeirra bilaði, en segir þó að hann spili ekki jafn mikið og áður.

„Ég spila helst ef mér leiðist. Til dæmis þegar ég kem af djamminu og er að bíða eftir kærustunni minni en stundum býð ég líka vinum mínum í heimsókn til að spila,“ segir Atli sem er enn mjög hrifinn af gömlu Nintendo leikjunum. „Mér finnst ekkert varið í að vera einhver tölvuleikjahetja sem breyttist í skrímsli. Ég vil miklu heldur vera Super Maro Bros. og bjarga prinsessum. Það er miklu skemmtilegra,“ segir Atli.

rh@frettabladid.is

Viltu vera í góðu formi?



Ævintýralegar fiskbúðir
fiskisaga.is

Tilboð dagsins!

heilsukjötfarsbollur
á 898.- kr.kg





Ótrúlegt úrval
af aukahlutum fyrir **fastölvur á betra verði!**
Hleðslutæki, stýrispjöld, þráðlaus búnaður, minnisstækkarir, harðir diskar, DVD skrifarar, talnalyklaborð...

König þráðlaus! 	Aflgjafi fyrir nánast allar gerðir fastölvra, 70w	König þráðlaus!
2.755	5.310	2.185

computer.is
www.computer.is
Skiptiholti 50c · Sími 551 6700

Vodafone býður sjónvarp beint í GSM-símamann

Sjónvarp í símann er ný þjónusta í Vodafone live sem kynnt var fyrir helgi. Notendur með nýjustu Nokia og Ericsson símana geta nú fengið fréttir og annað innlent sjónvarps efni beint í símann og fram undan eru fleiri nýjungar.

„Farsímasjónvarpið er nokkuð þekkt fyrirbæri í Evrópu og Asíu. Við höfum unnið að þessari þróun síðan í haust og getum nú boðið upp á fréttir og annað innlent efni fyrir notendur Vodafone live,“ segir Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Vodafone.

Auk fréttastöðvar 2 geta notendur nálgast Ísland í dag, veðurspá, íþróttaréttir, Kompás og Silfur Egils í gegnum þjónustuna ásamt beinum útsendingum fréttastöðvarinnar SKY news allan sólarhringinn.

Notendur geta bæði skoðað beinar útsendingar eða náð í upptökur af því efni sem er í boði. Innlenda efni er skipt niður í aðgengilega kafla og þá er hægt að velja þá fréttaskýringu sem áhorfandinn vill sjá hverju sinni.

„Fyrst um sinn munum við bjóða upp á fréttatengt efni en síðan verður stefnan tekin á meiri afþreyingu og bæði innlent og erlent efni,“ segir Björn.

Sjónvarp í símann er keyrt á núverandi dreifikerfi Vodafone og er aðgengilegt á þeim svæðum sem eru með EDGE gagnaflutning. Fyrst um sinn á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Með tilkomu þriðju kynslóða-



Björn Víglundsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Vodafone, kynnti til leiks fyrir helgi sjónvarp í símann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viltu sýn'eikkað?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg

Ný útlit í viku hverri!
Búðu til eigið útlit eða veldu tilbúið!



Viltu breyt'eikkurru?

Ný útlit · Myndaalbúm · Síma blogg



BlogCentral.is
Stæsta bloggssamfélagið á Íslandi

Vídeóvædd heimasíða

Hið nýstofnaða margmiðlunarfyrirtæki Kapital kynnir sig með tæknilegri heimasíðu sem vert er að skoða. Slóðin er www.kapital.is

„Við sjáum vefi framtíðarinnar fyrir okkur mun líflegri en þeir hafa verið og heimasíðan okkar endurspeglar það. Í stað þess að setja saman venjulegan vef þá reyndum við að nota vídeó sem smekklekast,“ segir Davíð Már Bjarnason, framkvæmdastjóri Kapital, þegar hann er beðinn um að útskýra tilurð síunnar. Hann segir þó gamalkunna tækni notaða við gerð vefjarins. „Viðeó er auðvitað búið að vera í notkun í mörg ár. Þetta snýst bara um hugmyndaflug. Gamla hugsunin er sú að fara inn á einhvern vef til að ná í einhvern link til að ná í einhverja möppu en við viljum gera vídeóið að parti af vefnum, þannig að hann verði skemmtileg upplifun.“

Davíð segir Kapital samsett úr tveimur fyrirtækjum, annars vegar fyrirtækinu Þeir tveir, sem hefur framleitt auglýsingar fyrir sjónvarp á filmu, vídeói eða DVD og hins vegar margmiðlunar- og hugbúnað-

sendanna verður dreifingin betri og að sögn Björns mun úrvalið einnig aukast samhliða þeirri þróun.

Björn segir Vodafone hafa mikinn áhuga á að sýna efni frá sem flestum íslenskum sjónvarpsstöðvum og hlakkar til að fara í samstarf við framleiðendur á myndrænu efni.

Hann tekur það einnig fram að ekkert ólöglegt myndrænt efni verði í boði í gegnum Vodafone live þjónustuna og það sé meðvitað stefna Vodafone.

Sjónvarp í símann er aðgengilegt í eftirtöldum símtækjum; Nokia 6280, Nokia 6131 og Sony Ericsson K790i. Þjónustan kostar 1.190 krónur á mánuði og fá viðskiptavinir ótakmarkaðan aðgang að allri sjónvarpsþjónustu. rh@frettabladid.is



Sjónvarp í símann-þjónustan býður notendum Vodafone live upp á sjónvarpsfréttir í farsímanum.



Á heimasíðunni er starfsfólkið á hreyfingu, að taka af sér gleraugun, beygja sig og brosa en það getum við því miður ekki sýnt.

arfyrirtækinu Prax sem hefur aðallega framleitt fyrir netið. Að lokum er hann spurður um viðbrögðin við síðunni og svarar: „Viðbrögðin eru góð. Við höfum varla við að svara fyrirsprungnum.“ gun@frettabladid.is



Gears of War var valinn leikur ársins á GDC 2007.

Leikir ársins 2006 að mati leikjaframleiðenda

Nú stendur yfir Game Developers Conference 2007, en það er árleg ráðstefna tölvuleikjaframleiðenda. Samkoman er eins konar Óskarsverðlaunahátíð fyrir tölvuleiki.

Mikið er um dýrðir þegar leikjaframleiðendur koma saman, sýna sig og sjá aðra, kynna vörur sínar og velja svo leiki ársins. Hátíðin er eins og Óskarsverðlaunin án

fallega fólksins, rauða dregilsins, Entertainment Tonight, og beinnar útsendingar á Stöð 2.

Verðlaunin sem veitt eru á ráðstefnunni eru nokkur. Meðal verðlaunahafa að þessu sinni var Alexey Pajitnov en hann á heiðurnin að hinum heilaga gral tölvuleikjanna: Tetris. Annar risi innan geirans var heiðraður fyrir ævistarf sitt, Shigeru Miyamoto, en hann á að baki leiki eins og Donkey Kong, Super Mario Bros og Zelda. Hann hlaut reyndar önnur verðlaun líka,



Okami var verðlaunaður fyrir persónusköpun.

fyrir besta handrit að tölvuleik fyrir The Legend of Zelda: Twilight Princess.

Sigurvegari kvöldsins var hins vegar leikurinn Gears of War. Hann hirti verðlaun fyrir leik ársins, bestu graffkina og bestu forritunina. Leikurinn er blóðugur fyrstu persónuskotleikur fyrir XBOX 360 og þykir hann einkar vel heppnaður.

Af fleiri sigurvegum má nefna Guitare Hero II en hann hlaut verðlaun fyrir besta hljóðið (hvað annað?), og Wii Sports fékk verðlaun fyrir leikjahönnun. Hinn sérstaki Okami fékk verðlaun fyrir bestu persónusköpunina, en þar er á ferð leikur sem fjallar um úlfhundinn Okami sem er guðleg vera í þjóðsögum Japana. Leikurinn er sérstakur fyrir þær sakir að hann er teiknaður þannig að hann lítur út eins og gamalt japanskt listaverk, enda listaverk í sjálfu sér.

- tg



Shigeru Miyamoto fékk verðlaun fyrir að skrifa handrit The Legend of Zelda og einnig fyrir ævistarf sitt. Hann er meðal annars skapari bræðranna geðugu Mario og Luigi.

Margmiðlunartöflur

Kritartaflan kann að vera dauð en taflan sem slík er sprellifandi, sérstaklega þær sem tengdar eru margmiðlun.

Smart Board töflur eru sérstakar fyrir margra hluta sakir. Þær virka líkt og venjulegur myndvarpi, nema hvað hægt er að hafa áhrif á gang mála með því að færa fingurinn til á töflunni. Hægt er að færa til hluti, ýta á takka og jafnvel skrifa með puttanum.

Töflurnar er hægt að fá hjá Varmás. Þær nýtast í bæði skólastofur og fundarherbergi og eru góð tilbreyting frá endalausum powerpoint-sýningum.

Töflurnar kosta á bilinu 128 þúsund til 255 þúsund.



**HAFÐU BÁÐAR
HENDUR Á STÝRI**

www.rs.is

Nú getur þú hringt og svarað
símtölum með GPS tækinu!



STÆRRI
OG BJARTARI
SKJÁR!

Garmin nüvi 660

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukk, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílum.

GARMIN



R. SIGMUNDSSON

JANICE DICKINSON MODELING AGENCY

www.minnsirkus.is/sirkustv



© JANICE DICKINSON

FYRSTA OFURMÓDEL HEIMS?

MÁNUDAGA KL. 20:30

90% heimila ná Sirkus TV á ADSL kerfinu, Breiðbandinu, Digital Ísland en einnig er hægt að ná Sirkus TV með venjulegu UHF loftneti

SIRKUS TV

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA
UM HELGAR

8-18
11-16

BÍLAR & FARARTÆKI



www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS

FORD FOCUS
Nýskr: 07/2005, 1600cc 5 dyra,
Fimmgráa, Dökkgrár, Ekinn 8.000 þ.
Verð: 1.980.000

Bilaland, B & L
Grjótháls 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Breiðan ehf
821-6292



Dodge Ram 2500 double cab
árgerð 01/2007, ekinn 500km, dies-
el Cummins, með leðri, klæðning í
skúffu, dráttarkúla, 35" breyting, álf-
elgur og fl., og fl., staðgreiðsluverð kr.
4.950.000. S. 821 6292.



M Bens Sprinter 208 árgerð 2003, dies-
el, beinskíptur, langur, háþekja, ekinn
125 þús.km., algerlega óskemmdur og
lítur vel út, sk.'07. verð 2.590.000,-
m.vsk. S. 821 6292.



Nissan Patrol SE árgerð 8/2000 sjálf-
skíptur, 7 manna, ný 33" nagladekk,
dráttarbeisli, verð 1.950.000. S. 821
6292 & 562 1717.



Hyundai H-1 sendibíll árgerð 8/2002,
diesel ekinn 140 þús.km., sk.'08, verð
680.000. Uppl. í s.821 6292 & 562 1717

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

BÍLASALAN.IS



VW Jetta 1.9 TDI Trendline 11/2005, ek.
24 þ. km, 5 grá, diesel, lán 1.380.000.
22 þ. á mánuði, Verð 2.290.000.
Upplýsingar í sínum 866 5354 og 533
2100 og á www.bilasalan.is



Ford Excursion Limited V10 2002 ek
aðeins 47.þ.km Einn með öllu, Lán
ca: 2.850.000.- Verð 3.990.000.-
Tilboðsverð 3.190.000.-



Opel Astra GL 1200 6/2002 ek 96.þ.km
Verð 690.000.-

Bilasalan.is
Stórhöfða 24, Reykjavík
Sími: 533 2100
Sími 5332100 og 8665354
www.bilasalan.is

Bílar til sölu



**Megatilboð! Fullur tank-
ur af bensíni fylgir!**
Renault laguna árg. '99 ek. 117
þ. km 5g 5d nýl. vetrardekk,
skoðaður út '08. Smurbók.
Ásett verð 650 þ. Fæst á 499
þús.
Uppl í s. 865 3307.



Benz E320 4x4 advantich '99 ekinn
163000 km. sjálfsk. leður 7 manna.
Skipti ód/dýrari. Verð 2,5 mil. Uppl. í
896 8050.

250-499 þús.

Til sölu Toyota Hiace, grænn stuttur árg.
'97 þarfnast lagfær. Hiace '99 langur,
hvítur, fjórhjóladrifinn og Yaris Tsport
árg. 2001 rauður. Helga gsm 892 3929.

500-999 þús.

Suzuki Jimny, 06/2004, ek. 47 þ., Verð
1.150 þ. Tilboð! 999 þ. S. 840 0545.

1-2 milljónir



BMW 525 '97 sjálf. leður, lúga, hiti í
sætum, stafræn miðst. Verð 1250 þ.
Uppl. 557 8297 & 847 8993.

Jeppar



Ford F450 4x4 6.0 diesel, engin hraða-
takmarkari. Verð aðeins 1600 þús. +
vsk. S. 893 7203.



Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel árg. 2005
ekinn 39þ km.Toppluga Leður Góður
bill. Verð 2,9 + VSK.S 898 2811. Plús
Gallery ehf 898 2811.



Land Cruiser 90, árg. 2000, 38", ek. 175
þús. Ný dekk, gylltur og grár. Verð 2.960
þús. Áhv. lán getur fylgt. S. 896 3736.



Tilboð aðeins 1580 þ.
Ford Explorer árg. 2002, sjálfskíptur, ný
dekk, hraðastillir, dráttarbeisli ófl., mjög
gott útlit. Allt að 100% lán. Uppl. í s.
664 8363.



Toyota Hilux 2.5 Diesel. Árgerð 11.2006.
Ekinn 4000km. 33" breyttur. Gullfallgur
bill. Ásett 2.990þ. Áhv ca 2300. S. 693
3032.

Pallbílar

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

DODGE



**Splúnkunýr 2007
CALIBER**
Kr. 1.995.000!
7,4L pr.100km
Fæst einnig 4x4

Veldu lit og bunad
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

**Splúnkunýr og
Sparneytinn!**

Dodge Caliber er af nýrri kynslóð
bandarískra bíla sem sameinar gæði,
lúxusbúnað og sparneytni. 7,4 lítrar
pr.100km. Glæsilegur fólksbíll/jeppling-
ur sem einnig fæst með fjórhjóladrifi.
Griptu nýjan Dodge Caliber á verkmið-
uútsölu í dag á kr. 1.995.000. Lækkun
dollar og heildsölulverð islandus.com
orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup!
Nýjir og nýlegir bílar frá USA og
Evrópu allt að 30% undir markaðsverði.
Sömu bílar bara miklu lægra verð. 30
ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk
Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma
552 2000 eða á www.islandus.com

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Pallbílar
engin hraðatakmarkari!



**Nær nýjir 2006
DODGE / FORD**
Frá Kr. 1.790.000!



Benzímeða Diesel
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Pallbílar á Útsölu!

Aldrei verð betra kaupæðifæri. Nær
nýjir 2006 Ford F150 frá kr. 1.750.000!
Stærri pallbílar Ford 350 og Dodge RAM
3500 árgerð 2006 með fjórhjóladrifi og
dieselvé og engum hraðatakmarkara frá
kr. 3.190.000. Hringdu núna og festu
gott eintak á útsölu. Þú finnur hvernig
lægra verð. Lækkun dollar og heildsölu-
verð islandus.com orsakar verðhrun og
þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir
bílar frá USA og Evrópu allt að 30%
undir markaðsverði. Sömu bílar bara
miklu lægra verð. 30 ára traust innflut-
ningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán.
Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða
á www.islandus.com

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

**ÚTSALA
SPARIÐ
yfir milljón**



2006 Ford Jeep Dodge



Frá Kr. 2.590.000
Bíllinn með flug!
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Hvergi lægra verð!

Griptu nýjan eða nýlegan jeppa á útsölu
meira en milljón undir markaðsverði!
Bíllinn heim í flugi með Icelandair.
Nokkur dæmi á 2006-2007 bílum: Jeep
Grand Cherokee frá 2.590, Ford Explorer
með nýja útlitinu frá 2.690, Dodge
Durango frá 2.690, Porsche Cayenne
frá 5.990, Toyota Tacoma frá 1.990,
Ford F150 frá 1.790, Toyota Fj Cruiser
torfærjeppi frá 3.390. Nýr 2007 Benz
ML320 Diesel! Lækkun dollar og heild-
sölulverð islandus.com orsakar verðhrun
og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir
bílar frá USA og Evrópu allt að 30%
undir markaðsverði. Sömu bílar bara
miklu lægra verð. 30 ára traust innflut-
ningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán.
Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða
á www.islandus.com

visir

**FYRSTUR
MEÐ
FRÉTTIRNAR**
www.visir.is

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

HYBRID
Lægra Innkaupsverð
40% minni eyðsla!



LEXUS



TOYOTA
Nýr Toyota Highlander
á LEXUS RX400 grunn!
7,4 L/100km innanbæjar!
2006 frá Kr. 3.790.000!
islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

**TOYOTA - LEXUS 7,5 l/100
innanbæjar!**

Sparaðu yfir 2 milljónir króna við kaup
á Toyota Highlander lúxusjeppa sem
byggir á Lexus RX400 grunni. 268
hestöfl. 7,5 lítrar á 100km innanbæjar-
ar! Meiri lúxus og minni eyðsla en
Toyota Landcruiser. Hybrid er „mun
haghræmari en diesel“ segir forstjóri
Toyota. Lækkun dollar og heildsölulverð
islandus.com orsakar verðhrun og þú
gerir reyfarakaup! Toyota Highlander
lúxusjeppi 208 hestöfl nær nýr 2006
frá Kr. 3.790.000, splúnkunýr 2007 frá
Kr. 4.390.000. Splúnkunýr Lexus RX400
frá kr. 5.750.000. Nýjir og nýlegir bílar
frá USA og Evrópu allt að 30% undir
markaðsverði. Sömu bílar bara miklu
lægra verð. 30 ára traust innflutnings-
fyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu
betra tilboð í síma 552 2000 eða á
www.islandus.com

Sendibílar



Daf FA 75, árg. '95 Ek. 300 þ. Kassi með
alopnum á hægri hlið lofti fraðaft s.
866 5052.

Húsbílar

Hobbyhúsið



Til sölu Hobby T550 FS, árgerð
2006.(nýskráður 2007) FORD Transit
TDCi / FT 350 L 2,0 L Diesel , 125
hestöfl Verð áður 5.900.000. Nú aðeins
5.200.000 Hobbyhúsið umboðsaðili
Hobby á Íslandi Hobbyhúsið, Dugguvogi
12, Sími 517 7040 www.hobbyhusid.is

Mótorhjól



Götuskráð Pit Bike
Götuskráð Pit Bike. 50cc skellinaðra kr.
169.000. 125cc, kr. 199.000. Auka felgur
með kubbadekkjum fylgir með. Masai
umboðið. Kaplahrauni 1. Hafnafirði. S
565 1725. www.masai.is



Nú er kominn tími á að skoða hjól
fyrir voríð. Erum með 200 CC endur-
ohjól götuskráð og tilbúin á götuna
á 239.900kr. 90 CC lítil torfærhjól á
aðeins 124.500kr. og svo eru það flottu
vespumar 50 CC götuskráð og tilbúin
á götuna á 168.573kr. Uppl. í síma
895 7272.

Fjór hjól

www.alorka.is

Vinnuvéladekk

Fyrir hjólastíflur, vegþella, báðhóla o.fl.

Stærðir:	20.5R25	17.5R25
	26.5R25	23.5R25
	14.00R25	16.00R25

Radial Betra verð!

ALORKA
Vagnhóla 6 • Sími 577 3080

Vélsleðar



Ski-doo REV 800 GSX árg 2004 verð
690. Polaris Pro X2 800 árg 2004 verð
680. S. 898-2811. Plús Gallery ehf

Kerrur

Kerra 2x1,80x50 til sölu. Verð 55 þús.
S. 659 1961.

Hjólhýsi



Rýmingarsala
Rýmingarsala á Hobby hjólhýsum
Rýmum fyrir árgerð 2007, allra síð-
ustu húsin með miklum afsætti, Fyrstur
kemur fyrstur fær, húsin eru hláðin
aukabúnaði, allt að 400.000 kr afsláttur.
Hobbyhúsið umboðsaðili fyrir Hobby
á Íslandi. Dugguvogi 12. S. 517 7040
www.hobbyhusid.is



Láttu drauminn rætast - rafrænt

- Rafrænt greiðslumat
- Ráðgjöf og aðstoð
- Lánsúmsóknir rafrænt á Netinu
- Svar innan fjögurra daga

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla



fasteignir

Mest lesna fasteignablað landsins

12. MARS 2007

FASTEIGNASÖLUR

ÁRBORGIR	14
ÁS	18
ATLAS	29
BÚMENN	15
DRAUMAHÚS	26
EIGNASTÝRING	25
FAST. OG FYRIRTÆKJASALAN	21
FAST.MIÐLUN LAUGARDAL	28, 31
FBJ	6, 7
HOF	22
HRAUNHAMAR	8, 24
HÚSEIGN	30
HÚSIÐ	23
KLETTUR	10
LUNDUR	16
NESEIGNIR	2
NÝTT	4
STÓRBORG	3, 20
VALHÖLL	13
VIÐSKIPTAHÚSIÐ	15



Básbryggja 33 stendur á besta stað við sjóinn í Bryggjuhverfinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Á sólríkum stað við sjávarsíðuna

FBJ fasteignasala er með til sölu raðhús á besta stað við sjóinn í Bryggjuhverfi.

Básbryggja 33 er 201,7 fermetra raðhús með um 33 fermetra innbyggðum tvöföldum bílskúr á jarðhæð.

Forstofa er með flísam á gólfi en þaðan er gengið inn í stórt forstofuherbergi með parketi á gólfi og hurð út í garð. Þvottahús er með flísam á gólfi en á jarðhæð er einnig geymsla.

Teppi er á stiga en á fyrstu hæð er stórt bjart eldhús með parketi og flísam á gólfi, fallegri innréttingu, stórum borðkrók og stórum

vesturglugga. Gengið er út á stórar flísalagðar vestursvalir. Baðherbergi er með sturtuklefa, flísam á gólfi og veggjum. Tvö herbergi með parketi á gólfi eru á hæðinni ásamt annarri snyrtingu.

Á annarri hæð er stofa með parketi á gólfi, stórum vesturgluggum og vestursvölum. Mikið útsýni er til vesturs út yfir höfnina í Bryggjuhverfinu og út á sjóinn. Á hæðinni er einnig mjög gott baðherbergi með sturtuklefa. Hátt er til lofts í hjónaherbergi.

Yfir stofunni er sjónvarpsstofa með parketi á gólfi. Lóð er fallega ræktuð en húsið stendur á sólríkum stað við sjávarsíðuna.



ÁS FASTEIGNASALA er með til sölu neðri sérhæð við Öldugötu í Hafnarfirði.



FASTEIGNASALA BRYNJÓLFS JÓNSONAR er með til sölu 129,6 fm raðhús við Ásgarð í Reykjavík.




HÚSEIGN FASTEIGNASALA er með til sölu hús til niðurrífs við Furugrund í Kópavogi.



LUNDUR FASTEIGNASALA er með til sölu 3ja herbergja sérhæðir í nýju fjórbylíshúsi við Sogaveg í Reykjavík

LESTUR MEDAL 18-49 ÁRA

Lestur á fasteignablöðum



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í nóvember 2006.

Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,2%

Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 29.1.2007.

Frjálsi fjárfestingarbankinn býður afar hagstæð lán í erlendri mynt með lánstíma til allt að 40 ára. Lántaki getur valið að greiða einungis vexti af láninu fyrstu þrjú árin og lágmarkað þannig greiðslubyrði sína. Reiknaðu hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband við lánafulltrúa okkar.





**FASTEIGNIR
& FYRIRTÆKI**
Fyrirtækjasala Íslands

Björgvin Ó. Óskarsson
Löggiltur leigumiðlari
og eignaskiptalýsandi
Óskar Mikaelsson,
ráðgjafi, atvinnuhúsnæði
og fyrirtæki
Valgeir Kristinnsson,
Hrll., Lögg. faseignasali

Síðumúla 35 • 108 Reykjavík • Sími 517 3500 • www.atv.is • atv@atv.is

Suðurlandsbraut skrifstofu- og verslunarhúsnæði.



Til sölu, heil fasteign með byggingarrétti. Núverandi hús er rúml. 3.000 fm. Samþykktur er byggingarréttur til viðbótar um 2.800 fm og hús þá samtals 5.700 fm. Skv. nýlegu deiliskipulagi hefur verið samþykkt meira nýtingarhlutfall á lóð og samkvæmt því væri mögulegt að reisa allt að 6.900 fm húsnæði á samtals 7 hæðum. Fyrir liggja teikningar að breytingum og endurnýjun hússins. Einstakt tækifæri fyrir verktaða eða fasteignafélög.

Rauðarárstígur - Fyrir verktaða



Sérlega vel staðsett 1.440 fm verslunar- og skrifstofuhúsnæði miðsvæðis. Húsið er 3 hæðir auk kj. Hver hæð um 360 fm. Húsnæðið í dag skiptist í ca. 40 skrifst. auk geymslurými í kj. Deiliskipulag fyrir svæðið leyfir blandaða byggð og góður möguleiki að hafa íbúðir á efri hæðum hússins og þjónustu/skrifstofu/verslun á jarðhæð. Möguleiki er að stækka húsið um ca 570 fm m.a. með aukahæð ofaná húsið. Frábært tækifæri fyrir verktaða. **Fáið nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.**

Dvergshöfði 640 - 950 fm.



Til sölu eða leigu á mjög áberandi stað, á horni Dvergshöfða og Höfðabakka, um 640 fm til leigu eða 950 fm til sölu (hluti í útleigu). Atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhúð, verslun og skrifstofu. Hægt er að nýta allt að 500 fm undir lager/verslun eðan léttan iðnað/framleiðslu.

Dugguvogur 325 fm iðnaðarhúsnæði.



Til leigu sérlega vel staðsett 325,4 fm iðnaðarhúsnæði með innkeyrsludrym. Meðal-lofthæð um 3,7 mtr. Fallega innréttaðar skrifstofur og kaffistofa. Hentar vel fyrir tækjum í léttum iðnaði.

150 fm lager á Höfðanum.



Til leigu gott innkeyrslubúil á Höfðanum. Rýmið er um 150 fm og lofthæð yfir 3 mtr. Hentar sérlega vel undir lager. Skilast nýmálað með nýrri innkeyrsluhúð.

Héðinsgata 250 fm.



Til leigu gott þjónustuhúsnæði sem áður hýsti flugfragt Flugleiða. Tveir inngangar, vinnusalur kaffiástaða og flottar skrifstofur, kerfisloft og lagnir í stokkum. Hentugt t.d. fyrir heildverslun eða auglýsingastofu. Hagstæð leiga. Laust nú begar.

Flugumýri, Mos, 968 fm iðnaðarhúsnæði.



Til sölu mjög gott 968 fm iðnaðarhúsnæði með hlaupaketti, auk tæpl. 200 fm byggingarréttur (samþykkt viðbygging). Húsið er fullfrágengið, skrifstofuástaða, wc. Húsið er með 9 mtr. mænis-hæð, þakbirta og reyklosun í mæni. Hlaupaköttur gengur eftir öllu húsinu gafla á milli á bitum á stálgrindarburðarvirkinu. Það eru 4 innkeyrsluhúðir, þar af 1 sem er 5x5 mtr. Hentar vel flestri iðnaðarstarfsemi.

Vesturhraun, Gbæ.



Til sölu nýtt glæsilegt stálgrindarhús í eftirsóttu og sívaxandi verslunar- og iðnaðarhverfi Garðabæjar. Húsið er að grunnfleti um 1500 fm. Vegg-hæð er 7,4 mtr. og lofthæð 9 mtr. í mæni. Samtals eru 10 innkeyrsluhúðir á húsinu 3,5 mtr. háar, 8 á hlið og 2 á gafl. Húsnæðið hentar sérlega vel undir hverskyns iðnaðar-, þjónustu- og framleiðslustarfsemi. Hægt er að skipta húsinu niður í smærri einingar og auka gólflið með milligölfum sökum lofthæðar. **Teikningar og skilalýsing á skrifstofu okkar.**

Völuteigur - NÝTT iðnaðarhúsnæði.



Til sölu í nýju stálgrindarhúsi 1.188 fm iðnaðarhúsnæði, þar af eru 98,8 fm milligölf undir skrifstofu. Rúmtak hússins er 6.065 m³ og lofthæð því góð. Möguleiki að tví- eða þrískipta húsnæðinu með góðu móti. Lóðin er rúmgóð 5.457 fm, verður malbikuð, innkeyrsluhúðir beggja vegna hússins og hægt að keyra þvert í gegn. Tilbúið til afhendingar fljótlega.



Mynd sem sýnir húsinn eins og þau koma til með að líta út.

Heimili að heiman vinsæl

Heilsárshúsabyggð búið öllum helstu þægindum í landi Húsafells í Borgarbyggð.

„Við erum að kynna 40 húsa byggð á frístundasvæði við Húsafell, þar sem engu verður til sparað,“ segir Ingólfur Þór Tómasson, stjórnarformaður hjá fyrirtækinu Camp North. „Húsin eru ætluð einstaklingum og fyrirtækjum í rekstrarhugleiðingum,“ heldur hann áfram. „Hugmyndin er sú að eigendur hafi húsinn til umráða í tólf vikur á ári. Annars eru þau leigð út af okkur. Mikil eftirspurn er eftir húsum af þessu tagi erlendis frá. Þar eru svona heimili að heiman vinsæl. Leigupeningarnir renna í vasa eigenda og í rekstur á frístundasvæðinu, viðhald og viðgerðir á húsunum.“

Ingólfur segir heilsárshúsin taka sumarhúsum fram, sem standi mörg hver auð stóran hluta ársins. „Auðvitað tekur sinn tíma að kynna svæðið fyrir erlendum aðilum. Þegar fram líða stundir er þó ekki spurning að húsin munu skila arði, sem verður greiddur einu sinni til tvisvar sinnum á ári.“

Húsin eru á bilinu 170 til 200 fermetra stór, sérstaklega innflutt frá Noregi og taka alveg upp í 420 manns að sögn Ingólfs. „Húsgögn og innréttingar frá Austurríki fylgja húsunum. Þau eru staðsett á frístundasvæði, þar sem veitingastaður fyrir 500 gesti, æfingasalur, nuddaðstaða, heilsulind og fundaradstaða verða meðal annars í boði. Þá eru útivistarmöguleikarnir óupptaldir, svo sem gönguferðir um svæðið, hellaskoðanir og útreiðatúr-ar. Adrenalínargarður verður síðan byggður til að auka aðdráttarfl svæðisins frekar.“

Hægt er að afla sér frekari upplýsinga um húsin með því að hafa samband við Re/Max Center í síma 414-4700.

roald@frettabladi.is

Reisulegt skrifstofuhús rís

HVAÐ ER VERIÐ AÐ BYGGJA

Framkvæmdir hafnar á seinna skrifstofu- og þjónustuhúsi á Bildshöfða 9.

Byggingaframkvæmdir standa yfir á 8.000 fermetra stóru, átta hæða húsnæði með kjallara, þar sem efsta hæðin er innþvegin, að Bildshöfða 9b. Um er að ræða seinna skrifstofuhús af tveimur sem deiliskipulag gerir ráð fyrir á vesturhluta lóðar.

Bildshöfði afmarkar lóðina til suðurs, Breiðhöfði til vesturs og Dvergshöfði til norðurs. Iðnaðarhús við Bildshöfða 1, 3, 5 og 7 afmarka lóðina til austurs. Gert er ráð fyrir tveimur aðkomum að lóðinni, frá Bildshöfða og Dvergshöfða.

Skrifstofur og meðfylgjandi



Verið er að reisa 8.000 fermetra stórt skrifstofuhúsnæði á Bildshöfða. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



Hérna sést húsið eins og það kemur til með að líta út fullklárað. MYND/ONNO

aðstaða eru á öllum hæðum. Þar fyrir utan er gert ráð fyrir verslun og þjónustu með sérinngangi á fyrstu hæðinni.

Inna skipulag byggingarinnar er í meginatriðum tveggja ganga

kerfi með snyrtikjörnum, geymslum og þess háttar inni í miðju hennar.

Í kjallara eru geymslur og tæknirými auk 132 bíla, staðsteyprar og einangraðar, bílageymslu sem er að hluta til undir húsnæðinu. Þak bílageymslunnar nýtist sem bílastæði þar sem hún stendur út undan húsinu. Lyftur ganga niður í kjallarann og tenging er við bílageymslu um bruna-stúkur.

Húsnæðið er í eigu fyrirtækisins Bygg. Gylfa og Gunnars, sem annast jafnframt byggingaframkvæmdir. Arkitektar á Teiknistofunni Gylfi og félagar hannaði þau.

-rve



STÓRBORG
fasteignasala

www.storborg.is

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali

Sími 534 8300 • Kirkjustétt 4 • 113 Reykjavík • www.storborg.is • storborg@storborg.is

LITLIKRIKI - 270 MOSFELLSBÆ



Endaraðhús á frábærum stað. Húsið skilast fullfrágengið að utan og tilbúið til innréttinga og fullmálað að innan. Mjög glæsilega hannað og falleg endaraðhús á einni hæð með millipalli og innbyggðum bílskúr á frábærum stað efst í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Húsið stendur efst í byggðinni rétt við lítinn furuskóg og ósnortna náttúru. Húsið er nýttiskulegt funkishús með mikilli lofthæð (lofthæð er 2,7m til 3,5m) teiknað af Kristni Ragnarssyni arkitekt. Húsið skiptast þannig; forstofa, gestasnyrting, geymsla / þvottahús, hol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, stofa og borðstofa, innbyggður bílskúr. **42.500.000,-**

GLÆSIÍBÚÐIR Í SANDAVAÐI



Glæsilegar og fullbúnar 2-3 herbergja íbúðir í nýju lyftuhúsi við Sandavað. Forstofa með flísum og fataskáp. Hol með parketi og parketlögð stofa með stórum suð- og vestursvölum. Eldhús er parketlagt og opið inn í stofuna. Vönduð stáltæki með háf. Parketlögð herbergi. Sérþvottahús er í öllum íbúðum og sérgeymsla í kjallara. Allt tréverk er úr eik. Fallegt útsýni er úr öllum íbúðum m.a. yfir Elliðavatn og til fjalla. Þetta eru íbúðir sem henta öllum, bæði ungum sem öldnum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum 3ja herbergja íbúðum. Sandavað 9-11 er á mjög góðum stað í Norðlingaholti í Reykjavík. Stutt er í alla þjónustu m.a. leikskóla o.fl. Frábærar gönguleiðir eru allt í kring m.a. með Elliðavatni og víðar. Húsið stendur í jaðri útivistarsvæðis þar sem er m.a. stór skógur o.fl.

Verð frá 23.500.000,-
Afhending íbúða er við undirritun kaupsamnings

NÝBYGGINGAR



TRÖLLAKÓR - 203 KÓP

Glæsileg og rúmgóð 3ja herbergja íbúð í fallegu lyftuhúsi við Vatnsenda í Kópavogi. Sér inngangur af svölum. Íbúðin skilast fullbúin, án gólfefna. Sér þvottahús í íbúðinni. Allar íbúðir er með rúmgöðum herbergjum og stórum suðursvölum. Innangengt úr sameign hússins í bílageymslu. Séríóð fylgir íbúð á jarðhæð. Stutt í skóla, útivist og góðar gönguleiðir. Traustur byggingaraðili með áratuga reynslu Ris ehf. **22.600.000,-**

RAÐ- OG PARHÚS



RAÐHÚS VIÐ HÓLAVAÐ

Fallegt 2ja hæða 146,7 fm raðhús, byggt úr steinsteyptri staðsteypu ásamt innbyggðum bílskúr. Húsið eru nú þegar uppsteypt og tilbúið til afhendingar. Húsið er fullbúið aða utan og að innan er kominn hiti í gólfín og þússaðir úthringur á veggjum. Um er að ræða gott hús með fallegri náttúru í kring.



GRANDAVEGUR MEÐ BÍLSKÚR - 107 REYKJAVÍK

Falleg og björt 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð u.þ.b. 108 fm ásamt 25 fm bílskúr. Lítill og vandað fjölbyli byggt af Óskari og Braga byggingarfélagi. Parket og vandaðar innréttingar. Góð veröld til suðurs. Allt sér, m.a. geymsla og þvottahús. Góður bílskúr með geymslulofti og sjálfvirkum opnara. **Verð 31.900.000,-**



DVERGABAKKI - 109 RVK

3ja herb. íbúð á 2. hæð í góðu og barnvænu umhverfi. Íbúðin skiptist í hol, 2 svefnherb. í íbúð, baðherbergi, eldhús og stofu. Í kjallara fylgir herbergi, sérgeymsla, sameiginlegt þvottahús, þurrkherbergi og hjólageymsla. **17.600.000,-**

ATVINNUHÚSNÆÐI



SKÚTAHRAUN - 220 HFJ Endurnýjað skrifstofu og lagerhúsnæði á frábærum stað við Skútahraun í Hafnarfirði. Húsnæðið er í enduruppbyggingu að öllu leyti og verður sérlega glæsilegt þegar framkvæmdum lýkur. Miklir möguleikar, hægt að skipta plássinu í þrennt. 3 stórar innkeyrsludyr (4,50 m) ásamt 3 sérgönguhurðum. Hurðirnar geta tekið við stórum flutningabilum (trailerum) og stórum vinnuvélum. Gólf er sérsteypt með það í huga að bera þungavinnuvélur. Húsið mun skilast með malbikuðu plani. Lofthæð er mikill og er frá 6,50 upp í 7,30. **Nánari upplýsingar Júlíus 823-2600**

HÓTEL - TIL SÖLU Erum með til sölu glæsilegt og nýinnréttað hótél á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Um er að ræða eign sem er nýlega innréttað og er öll í leigu. Hentar vel undir hótélrekstur fyrir hluta ársins og gistiheimili einnig. Húsið er í topp ástandi og selst með öllum búnaði, innréttingum, húsgögnum og tækjum. Morgunverðarsalur. **Mjög góðar leigutekjur eru af eigninni og er verð eignarinnar mjög gott ef samið er strax. Góð áhvalandi lán fylgja. Sjón er sögu ríkari.**

ÁSAKÓR - 203 KÓP



Ný og falleg 133 fm, 5 herbergja íbúð í fjölbyli í Kórahverfinu við Elliðavatn. Íbúðin er með sérsmíðaðri eldhúsinnréttingu frá trésmíðaverkstæði Sérverks. Stórt og rúmgott baðherbergi, sem er flísalagt í hólf og gólf. Séráfnatætur fyrir íbúðina. Íbúðin skilast án gólfefna. **29.800.000,-**

HÆDIR



DIGRANESVEGUR - 200 KÓP

133,5 fm sérhæð, 4ra herbergja, ásamt 40,6 fm tvöföldum bílskúr, samtals 174,1 fm á góðum stað í Kópavogi. Parket og flisar á öllum gólfum. Góðar innréttingar. Tvöfaldur bílskúr og stór garður fylgir eigninni. Frábært útsýni. Spannandi eign á mjög eftir sóttum stað. **41.900.000,-**



PORLÁKSGEISLI - 113 RVK

Ný og glæsileg 4 herbergja, 140,0 fm íbúð í vönduðu fjölbylishúsi með lyftu, í þessu vinsæla hverfi í Grafarholti. Íbúðin er með parket á gólfum. Innréttingar og skápar eru spónlagðar með eik. Stáltæki eru frá AEG. Glæsileg eign í frábæru umhverfi. **33.600.000,-**

2JA HERB.



FRAKKASTÍGUR - 101 RVK.

Góð 2ja herbergja 53,3 fm íbúð á annari hæð auk 28,1 fm stæði í bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, baðherbergi og svefnherbergi. Geymsla fylgir með eigninni. Góð eign á góðum stað. **18.900.000,-**

4RA TIL 7 HERB.



HÁTÚN - 105 RVK

Höfum fengið í sölu, fallega sérhæð ásamt risi og bílskúr á góðum og eftirsóttum stað miðsvæðis í Reykjavík. Hæðin skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, herbergi, stofu og borðstofu. Í risi eru 3 góð svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er geymsla og sameiginlegt þvottahús. Bílskúrin er u.þ.b. helmingi stærri en gefið er upp s.k. fasteignamat. Íbúðin hefur mikla möguleika, og á það við um bílskúrinn líka. **39.900.000,-**

3JA HERB.



HOLTSGATA - 101 RVK

Ný og glæsileg 2ja herbergja, 68,3 fm íbúð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílskúli á góðum stað í Vesturbænum. Íbúðinni verður skilað fullfrágenginni að innan, án gólfefna, nema á baði sem verður flísalagt. Húsið skilast fullfrágengið að utan, útveggir múraðir og máláðir með ljósum lit og klæddir með báraðri álklaðningu. Bilakjallari verður með innkeyrslu frá Bræðraborgarstíg. Íbúðin er í göngufæri frá miðbænum. Afhending er í október 2006. **22.900.000,-**

SUMARBÚSTAÐIR



LUNDEYJARSUND - HRAUNBORGIR GRÍSM- NESI Fallegur og vel með farið (A-hús) á góðum stað í hvamborgum. Húsið er umþb. 48fm og hefur verið endurnýjað að hluta. Nýr 100fm sólpallur. **Húsið er staðsett rétt við sundlaug og golfvöll verð aðeins 7.900.000,-**

www.storborg.is



STÓRBORG
fasteignasala



hamraborg 10 | 200 kópavogur | sími 414 6600 | fax 414 6601
reynir erlingsson | löggiltur fasteignasali | nytt@nytt.is

414 6600

VIÐ AÐSTOÐUM ÞIG VIÐ AÐ FINNA RÉTTU EIGNINA.

ERUM MEÐ KAUPENDUR SEM ERU AÐ LEITA AÐ:

3JA, 4RA, 5 HERB ÍBÚÐUM OG SÉREIGNUM .

KYNNTU ÞÉR ÞJÓNUSTU OKKAR.

Eignir vikunnar



Dalsel - Reykjavík

Snyrtilegt og vel við haldið 5 herb. raðhús, 2 hæðir og kjallari, ásamt stæði í lokaðri bílageymslu samtals 242,5 fm. Íbúðarhúsnæðið er 211,2 fm, þar af ca. 55fm 2ja. herb. íbúð í kjallara með séringngangi, m/útleigumöguleika. **Ásett verð: 40,9 millj.**



Digranesvegur – 200 Kópavogi

Mikið endurnýjuð, björt og falleg 94 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð. útsýni til suðurs og útgengi frá stofu út í fallegan suður garð. Sér þvottahús innan íbúðar. Rúmgóð og björt stofa með parketi á gólfí gluggum á tvo vegu og hurð út í fallegan garð. **Verð. 21,9 millj.**



Reynir Erlingsson,
löggiltur fasteignasali

Fáðu frítt sölumat
www.nytt.is

4ra



Álagrandi - 107 Reykjavík

Hlýleg og snyrtileg 127 fm sérhæð ásamt kjallara í Vesturbæ Reykjavíkur. 3 svefnherbergi, 2 stofur, stórt eldhús og 2 baðherbergi. Bílskúsréttur. Húsið var allt endurbýgt 2004. **Verð 33,5 millj.**



Norðurbrún - 105 Reykjavík

5-6 herb. efri sérhæð ásamt bílskúr í Laugarneshverfi. Íbúðin er 130 fm, bílskúr 24,1 fm og geymsla 12 fm. Samtals 166,1 fm. 4 svefnherbergi, 2 stofur. Allar innréttingar og parket eru úr dökkum við, sem gerir heildarsvip íbúðarinnar mjög fallega. Útsýni til norðs. Skemmtilegir garður sem snýr í suður, nýlega búið. Að setja mikin tréþall og gert ráð fyrir heitum potti í garði. **Verð 37,8 millj.**



Björtusalir - Kópavogur

Falleg 4ra herb. íbúð samtals 126,1 fm á jarðhæð í 5-íbúða húsi í Salarhverfinu. Íbúðin er innréttuð á smekklegan hátt. 3 svefnherbergi. Gengið út frá stofu á rúmgóða verönd í suður. Þetta er í heild sinni vönduð íbúð í barnvænu hverfi, stutt í þjónustu. Sjón er sögu ríkari. **Verð 32,9 millj.**



Blönduhlíð - 105 Reykjavík

Vel skipulögð 3ja herbergja þakíbúð (undir súð) í 3-býli. Falleg eign, stofa og eldhús eitt rými. 2 Svefnherbergi. Baðherbergi með baðkari, nýlega flísalagt, hitalögn í gólf. Guggalaust herbergi í forstofu sem nýta má t.d. sem fataherbergi. Þakjárn endurnýjað fyrir ca. 2 árum og sameign máluð fyrir ári. Snyrtileg eign. **Verð 16,9 millj.**



Seljavegur - 3ja herb.

57,7 fm. rishæð í 3ja hæða húsi. Íbúðin er undir súð að hluta til. Búið er að endurbæta íbúð verulega, þ.m.t. innrétting, tæki og rafm. Smekkleg íbúð í gamla vesturbænum. **Verð 17,3 millj.**



Framnesvegur - 101 Reykjavík

3ja herb. Björt og falleg útsýnisíbúð í Vesturbænum. Samtals 86,2 fm. Íbúðin er á fjórðu hæð (efstu) og hefur útsýni í þrjár áttir. Eldhús er snyrtilegt með upprunalegri ljósri innréttingu. Svefnherbergið er rúmgott. Samliggjandi stofur með glæsilegu útsýni. **Verð 21,5 millj.**



Tungusel - 109 Reykjavík

3ja herb. íbúð á 3. hæð í Seljahverfinu. Samtals 88,2 fm. Snyrtileg eign í barnvænu hverfi. 2 herbergi ágætlega rúmgóð stofa.



Melabraut 29 - 170 Seltjarnanesi

3ja herbergja íbúð á 1. hæð m/ séringngangi á Seltjarnanesi. Samliggjandi stofur með parketi. Eldhús er rúmgott með eldri innréttingu. Baðherbergi er allt endurnýjað með flísum í hólfi og gólf, sturtuklefi með nuddi. **Verð 21,5 millj.**



Pinghólsbraut - Kópavogur

2ja herb. 54,4 fm íbúð í Vesturbæ Kópavogs. Snyrtileg eign. Fallegt útsýni. **Verð. 14,5 millj.**



Skipholt - Reykjavík

2ja herb 52,6 fm íbúð, sem hefur verið töluvert endurnýjuð á smekklegan hátt. **Ásett. 17,0 millj**



Gautland - Fossvogur

2ja herb 50,2 fm íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli. Verönd í suður. Gluggar háir og ná niður á gólf sem gerir íbúðina mun bjartari. **Ásett. 15,5 millj.**



Lækjasmári - Útsýni / bílageymsla.

Mjög rúmgóð 94,5 fm íbúð á 8. hæð með miklu útsýni, ásamt stæði í bílskýli samtals 121,8 fm. Aðeins tvær íbúðir á hæðinni. Sameign er sérlega snyrtileg. **Verð 28,9 millj.**



Grundarstígur - 101 Rvk

2ja herb. íbúð á 2. hæð, birt stærð 65,9 fm í Pingholtunum: Komið er inni ágætlega rúmgott anddyri með skápum. Eldhús með eldri innréttingu. Stór stofa með fallegu viðargólf. Baðherbergi með baðkari. **Ásett verð 17,4 millj.**



NÝTT HEIMILI FYRIR ÞIG



Vilhjálmur Bjarnason lögg. fast.sali
Helgi H. Jónsson lögg. fast.sali
Ólafur M. Sævarsson sölumaður
Heimir H. Eðvarðsson sölumaður



Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

Sími 513 4300

ATVINNUHÚSNÆÐI

Glerhús - Njarðarbraut



Glerhúsið við Reykjanesbraut er mjög skemmtilegt verslunarhúsnæði og gefur mikla möguleika fyrir margskonar starfssemi. Húsnæðið sjálft er 976,9 fm og skiptist í sal sem er 918,8 fm og 58,1 fm skrifstofurými á efri hæð fyrir miðju húsi en undir skrifstofurýmnu eru þrjú wc, kaffiástaða og starfsmannaástaða. Lóðin er 6.279 fm og er byggingarréttur fyrir um 1.000 fm húsnæði á henni til viðbótar. Búið er að endurnýja húsið mikið. Húsið hefur mikið auglýsingagildi frá Reykjanesbraut og er mikill uppgangur í þjónustu og verslun á svæðinu.

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Auðbrekka - Kóp



Mjög gott atvinnuhúsnæði á 3. hæðum.

Um er að ræða 1437,7 m² húsnæði á góðum stað í Kópavogi á 1827,0 m² lóð. Húsið er steipt. Stórir og góðir gluggar eru á framhlið hússins og eru verkstæði á efri tveim hæðunum. Góð lofthæð er í húsinu eða allt að 4 metrar á jarðhæð og 3,6 metrar á efri hæðunum. Aðkoma að miðhæð hússins er frá bakhlíð en þar eru góðar innkeyrsludyr. Tvennar innkeyrsludyr eru á framhlið hússins á jarðhæð og stórir gluggar. Eignin er í

ótímabundinni útleigu að hluta til og eru leigutekjur eru ca 700.000.-800.000.- kr.

Í dag liggja fyrir breytingar á aðalskipulagi Kópavogsbæjar varðandi breytingar á atvinnuhúsnæði ofan við Auðbrekku í íbúðarhúsnæði. Núverandi áform um breytingar á umræddum reit eru stækkun á því húsnæði sem fyrir er um 817,5 m², eða tvær hæðir ofan á eignina. Einnig er gert ráð fyrir nýbyggingu á nýjum byggingarreit upp á 1386 m². Heildar byggingarmagn á lóðinni yrði þá 3641,1 m². Gert er ráð fyrir allt að 30 íbúðum.

Bílastæði eru fyrir framan eignina, malbikuð og máluð. Bílastæðahús verða undir nýbyggingunni og garðinum milli húsnæðis með stæði fyrir 39 bíla. Aðalskipulag gerir ráð fyrir 14 bílastæðum fyrir framan jarðhæð hússins þar sem gert er ráð fyrir að verði verslunar- eða þjónustuhúsnæði, auk 11 bílastæða við Hamrabrekku fyrir íbúa.

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Bæjarflöt - Grafarvogi



Mjög gott 1201,2 fm iðnaðar og þjónustuhús. Burðarvirki hússins er límtres einingar, en utanhúsklæðning er samlokustál. Veggghæð er ca 5 metrar og nálægt 8 m. undir mæni. Aðal byggingin er einnig með millilofti ca 200 m² sem ekki er skráð í matsstærð. Húsið er mjög vel staðsett og liggur vel að samgöngum, bílastæði er stór, malbikuð og gefa möguleika ýmskonar reksturs.

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Hafnarbraut - Kóp



Mjög gott 725,9 fm skv. FMR, atvinnuhúsnæði ásamt kjallara sem er ekki meðtalinn í fermetrafjöldi FMR en er um 250 fm að sögn eigenda.

Húsnæðið er í dag nýtt sem íbúðarhúsnæði sem og herbergja útleiga en íbúðirnar eru ósamþykktar. Að sögn eigenda fást þær samþykktar að uppfylltum skilyrðum sem víkja að eldvörn milli íbúða og flóttaleiðum af annarri hæð (svölum). Ágætisleigutekjur í dag. Mjög góðir og miklir möguleikar á stækkun og breytingum. **Verðtilboð !!**

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Snorrabraut - Reykjavík



Mjög gott verslunar og skrifstofuhúsnæði

Mjög gott verslunar sem og skrifstofuhúsnæði á jarðhæð í verslunar og þjónustuverfi þar sem auglýsingagildi er mikið. Húsnæðið er 67,1 fm og er bjart og snyrtilegt. Verð 15,9 millj.

Upplýsingar í síma 893 1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820 0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Hringbraut

Ágætt ca 1600 fm skrifstofuhúsnæði á 2. hæðum á þessum frábæra stað. Eignin er öll í langtímaútleigu með góðum leigusamningi. V. 230m. Áhv. 200m í erlendri mynd. Auðveld kaup!

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Atvinnuhúsnæði óskast

Húsið fasteignasala óskar eftir eftirfarandi atvinnuhúsnæðum fyrir viðskiptavinum okkar !

- 400-850 fm iðnaðarhúsnæð með allt að 6m lofthæð.
- 100 fm skrifstofuhúsnæði á svæði 108.
- 200-250 fm skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
- 200-300 fm verslunarpláss fyrir austurbæ eða miðbæ.
- 150 fm skrifstofuhúsnæði á svæði 101.
- 150-250 fm geymsluhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.
- 600 fm skrifstofuhúsnæði. Helst nýtt og eða nýlegt.

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Lóðir til sölu

Húsið fasteignasala hefur fengið í sölu meðferð ca. 11000 fm byggingarlóð fyrir atvinnustarfsemi á einum besta stað í borginni. (Nýtingarhlutfall er í kringum 1.0.) Um er að ræða mjög svo gott svæði til uppbyggingar á verslunar, skrifstofu og/eða iðnaðarhúsnæði.

Upplýsingar í síma 893-1485 Heimir Eðvarðsson heimir@husid.is
og 820-0303 Ólafur Már Sævarsson olafurs@husid.is

Misskilningur um leynda galla

Það er að mörgu að hyggja þegar fasteignaviðskipti eiga sér stað og oft koma í ljós gallar á eignum eftir að þær hafa skipt um eigendur. Þá er hugsanlega um svokallaðan leynda galla að ræða en slík mál eru nokkuð algeng á borðum fasteignasala og lögmanna. Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali hjá Fasteign.is, fer hér yfir þessi mál.



Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteignasali hjá Fasteign.is, bendir kaupendum á að skoða eignir mjög vel áður en þeir gera tilboð í eignir. Það hafi mjög fyrirbyggjandi áhrif.

Ólafur segir leynda galla leynast víða en bendir á að hugtakið sé gjarnan rangtúlkað á markaðinum. „Kaupendur hafa oft þann skilning að leyndur galli sé galli sem seljandi er vísitandi að leyna kaupandann. Það er mikill misskilningur því leyndur galli sést ekki með berum augum þegar eign er skoðuð,“ segir Ólafur og nefnir sem dæmi móðu milli glerja sem kemur í ljós í ákveðinni veðráttu. „Slíkt er mjög dæmigert fyrir leynda galla og fellur undir upplýsingaskyldu seljanda.“

Ólafur nefnir einnig þakleka, smit meðfram ofnum og þegar blöndunartæki, ofnar eða eldavél-arhellur virka ekki sem skyldi en allt þetta þarf seljandi að upplýsa fasteignasalann um þegar hann gerir söluþingrit yfir eignina.

„Leyndur galli getur þó líka verið leyndur fyrir seljandanum þannig að undir skilgreininguna falla ekki eingöngu þeir gallar sem hann á að vita af,“ segir Ólafur og bætir því við að í flestum tilvikum sé seljandi bótaskyldur fram að útgáfu afsals eða lokagreiðslu. „Fram að þeim tíma hefur kaupandi heimild til að halda eftir hluta kaupverðs þangað til seljandi hefur bætt úr gallanum.“

Ólafur segir ákveðna sönnunarbryrði liggja kaupandans megin en hann þarf að gefa seljandanum kost á að bæta úr gallanum. „Það kemur stundum fyrir að kaupendur bæti úr gallanum sjálfir og koma síðan að rukka seljandanum eftir á. Það getur verið torsótt því búið er að eyða sönnunargögnunum,“ segir

Ólafur en það er kaupandans að tilkynna um meintan galla og gera samkomulag við seljanda um hver á að bæta úr honum.

Fasteignasala ber að gæta hagsmuna bæði kaupanda og seljanda og segir Ólafur að oft geti verið fínn línudans þar á milli. „Oft lenda fasteignasalar í mjög erfiðri stöðu því þeir eiga að reyna að leiða þessi mál til lykta. Ef það gengur ekki lenda þau á borðum lögmanna.“

Ólafur bendir einnig á aðgæsluskilyldu kaupandans sem er mjög rík. „Það er mælt til þess að kaupendur skoði eignir mjög vel og ef einhverjar efasemdir eru um ástand þeirra er æskilegt að taka með sér fagmann,“ segir hann og bætir því við að algengustu málin sem komi upp í fasteignaviðskiptum séu gallamál og vanefndir af einhverjum toga. „Ég gæti ímyndað mér að einn fjórði eða fimmti þessara mála lendi hjá lögmönnum. Það eru mörg atriði sem þarf að gæta að eins og hversu lengi seljandinn hefur búið í eigninni, hvað hann veit mikið um hana, hvort kaupandinn skoðaði eignina vel og hvort hann sé fagmannur af einhverju tagi. Eins eru mismiklar kröfur gerðar til kaupanda og seljanda þegar slík mál fara fyrir dómstóla og dómurinn getur lent hvorum megin sem er,“ segir Ólafur.

„Ég mæli með því að fólk skoði eignir mjög vel áður en það gerir tilboð því það hefur mjög fyrirbyggjandi áhrif.“

sigridurh@frettabladid.is

113 Reykjavík: Með góðu útsýni í Grafarholti

Marteinslaug 8: Tæknivædd fjögurra herbergja íbúð

borði og boðið Framsóknarflokknum upp á samstarf í málinu. Stjórnarflokkarnir sömdu á endanum sín á milli um málið, án þess að ráðfæra sig við aðra flokka. Hvernig sem á málið er litið þá er hér gengið þvert á allar hefðir við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hingað til hefur verið lögð áhersla á samstöðu flokka um breytingar á stjórnarskránni. Með því að setja málið í stjórnarsáttmála var gefið í skyn að flokkarnir tveir gerðu upp um málið sín á milli, án þátttöku stjórnarandstöðunnar.

Út af fyrir sig má segja að áherslan á algjöra samstöðu flokka orki tvímælis, breytingar á stjórnarskránni verða að geta átt

sér stað án þess að allir samþykki. Slíkt er þó vart réttlætunlegt án þess að reynt hafi verið að ná samkomulagi flokkanna allra, áður en einstaka flokkar semja sín á milli um breytingar. Hvernig sem flokkarnir

Sú hugmynd að afgreiða stjórnarskrár-breytingu á nokkrum dögum fyrir þinglok er lítilsvirðing við almenning í landinu.

haga sér í þessu efni verður þó að gera eina ófrávikjanlega kröfu til þeirra: tillaga um breytingu á stjórnarskránni verður að koma fram það tímanlega að almenningur geti rætt málið og komið fram athugasemdum. Ummæli fræðimanna síðustu dagana benda eindregið til þess að umrætt mál sé öllu

flóknara en í fyrstu mætti ætla, og því óeðlilegt að gera ráð fyrir því að almenningur myndi sér skoðun án almennrar umræðu í samfélaginu.

Framsóknarflokkurinn – og ýmsir aðrir flokkar raunar einnig – virðast hafa gleymt því hverjir eiga stjórnarskrána. Sú hugmynd að afgreiða stjórnarskrár-breytingu á nokkrum dögum fyrir þinglok er lítilsvirðing við almenning í landinu. Samkomulag á næturfundum milli stjórnarflokkanna um breytingar á stjórnarskránni er atburður án fordæmis og boðar ekki gott um stjórnarskrár-breytingar í framtíðinni. Framsóknarflokkurinn hefur sett niður og viðhorf formanns flokksins til stjórnarskrár-breytinga bera vott um þröngan og heldur vanþróaðan skilning á lýðræðinu.

Höfundur er stjórnmálafræðingur.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Að tala undir rós

Ægir Geirdal listamaður skrifar:

Talsmenn Frjálslynda flokksins virðast hafa af því talsverðar áhyggjur, svona rétt fyrir kosningar, að allir séu að misskilja þeirra málflytning. Vissulega er það slæmt að allir séu svona vondir við þá og ósanngjarnir. Slíkt gæti flokkast undir einelti og það er sko ljótt. Margt lítur ágætlega út, sem hinir frjálslyndu mannvínir setja fram, en það eru hinar hálfkveðnu vísur sem eru hættulegar. Í málflytningum er hlustandi, eða lesandi, látinn geta í eyðurnar. Það er eins og sagt var einu sinni: „hann er kannske ekki sekur, en hann gæti samt alveg hafa gert þetta.“

Sú krafa talsmanna Frjálslynda flokksins að fara í manngreiningarálit, þegar fólk kemur til landsins, stangast á við stjórnarskrá lýðveldisins og varðar við lög að hvetja til þess. Vissulega er það skiljanlegt að það hugnist frjálslyndu mannvinum betur, að fá hingað til lands harðduglega, ljóshærða og kristna Pólverja, heldur en fólk frá dökkum löndum. Það ætti allavega að falla í góðan jarðveg hjá blessuðum formanninum og væri líka góð leið til þess að fjölga í flokknum. Slíkt er samt ekki að skapi meirihluta þjóðarinnar, sem hefur kynnst á eigin skinni mannkostum fólks af mismunandi uppruna, og metur það að verðleikum.

Fólk á að fá að leita sér betra lífs, fyrir sig og sína, hér á landi og fá aðstoð við það til þess að verða nýttir þjóðfélagsþegnar. Við erum komin af slíku fólki, af ólíkum uppruna, og erum þess vegna það sem við erum í dag, einstök. Íslensk þjóð.

Það ber að hafa í huga að sá, sem við teljum vera einn mesta Íslendinginn og stærur okkur af, víkingurinn Egill Skallagrímsson, var eins og kallað er blandaður. Langamma hans var Lappi (Sami) eins og þá var kallað. Henni var lýst svo: „Hún var lág vexti og andlit hennar var fet á breidd.“ Það er svolítið langt frá hinu ljóshærða, kristna útliti, sem talsmenn Frjálslynda flokksins vilja eingöngu hleypa inn í landið.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á mótí efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.hjelp.is



Ferming 2007

Frábær heilsurúm með tvöföldu fjaðrakerfi af ýmsum stærðum.

Verð frá kr. 48.535 (120x200 cm.)



I-Chair grjónastóll með hátölurum sem tengja má við leikjatölvuna, iPod-inn eða hljóm-tækni
Tilboðsverð kr. 24.900



30% afsláttur af fylgihlutum með rúmi, t.d. sængum, koddum, lökum, dýnuhlífum og rúmteppum.

Grjónastólar og púðar frá **SIT&JOY** á tilboðsverði.



Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

JACK KEROUAC (1922-1969)
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Ástríða mín er ekki böll mitt, heldur vanmáttur minn til að hafa stjórn á henni.“

Miklar tröllasögur hafa gengið um eiturlyfjaneyslu bandaríska rithöfundarins Jacks Kerouac, en sumir draga þó í efa að hægt sé að skrifa bókmenntir á borð við Á vegum úti í einum rykk í amfetamínvím.



PETTA GERÐIST 12. MARS 1971

Mick Jagger giftist Biöncu de Macias

Mick og Bianca Jagger þóttu með glæsilegustu þörum heims á þeim tíma sem þau voru gift. Þegar þau kynntust var Bianca óþekkt með öllu, en Mick átti í sambandi við barnsmóður sína, Mörshu Hunt. Það samband entist ekki lengi eftir að Bianca kom til skjalanna, og þegar þau gengu í það heilaga, 12. mars 1971, bar Bianca dóttur þeirra, Jade, undir belt.

Bianca fæddist og ólst upp í Nikaragva. Hún hélt til Parísar þar sem hún lærði stjórnmálafræði og kynntist frönskum bókmenntum og varð með tímanum þekktur róttæklingur. Á þeim sjö árum sem hún var gift Mick Jagger var hún þó þekktari fyrir að vera tíður gestur á frægustu næturklúbbum, og er Studio 54 í New York þar efstur á blaði.

Skilnaður Mick og Biöncu gekk í gegn árið 1980, og Mick sneri sér til ofurfyrirsætunnar Jerry Hall. Bianca er enn áberandi í ýmissi réttindabaráttu og berst til dæmis fyrir réttindum kvenna,



MICK OG BIANCA JAGGER

gegn dauðarefsingu og eyðingu regnskóga. Dóttir þeirra, Jade, er þekktur skartgripahönnuður.

MERKISATBURÐIR

- 1894 Kók selt í flösku í fyrsta skipti í Vicksburg í Mississippí.
- 1928 Stífla heilags Francis í Kaliforníu brestur og fjögur hundruð láta lífið.
- 1951 Teiknimyndasagan Denni dæmalausi birtist í bandarískum dagblöðum í fyrsta sinn.
- 1921 Eldingu lýstur niður í vitann á Stórhöfða í Vestmannaeyjum og eldur kemur upp.
- 1965 Fyrsta íslenska bítlaplátan kemur út. Á henni eru meðal annars tvö lög með Hljómum.
- 2001 Hverastrytur á botni Eyjafjarðar eru friðlýstar, fyrstar náttúruminja í hafi við landið.

tímamót

tímamot@frettabladid.is

AFMÆLI

Karólína Lárusdóttir myndlistarkona er 63 ára.



Ólafur Gottskálks-sonn fótbolta- maður er 39 ára.



Jóhann Sigmarsson leikstjóri er 38 ára.



Marta Nordal leikkona er 37 ára.



Páll Magnússon, bæjarritari í Kópavogi, er 36 ára.



Sveinbjörg Þórhallsdóttir dansari er 35 ára.



JÓHANNA HARPA ÁRNADÓTTIR: NÝR FORMAÐUR VFÍ

Starfssviðið breikkar

Jóhanna Harpa Árnadóttir tekur við sem formaður Verkfræðingafélags Íslands síðar í þessum mánuði. Hún starfar við áhættustýringu hjá Straumi-Burðarási fjárfestingabanka, en segir nýtt hlutverk leggja afar vel í sig. „Ég er bæði mjög stolt og þakklát fyrir að vera treyst fyrir þessu starfi,“ sagði Jóhanna. Í félaginu eru í dag um 1.100 meðlimir.

„Verkfræðingafélagið stendur vörð um starfshætti verkfræðingur, sem er löggverndað, og vinnur að hagsmunum og áherslumálum félagsmanna. Það er rétt að taka það fram að þetta er ekki kjarafélag, heldur fagfélag. Með starfsemi þess skapast vettvangur fyrir stéttina til að eflast og þroskast félagslega og faglega,“ útskýrði Jóhanna, sem hefur lengi verið virk í félaginu. „Ég var í stjórninni frá 2000 til 2004. Ég hef einnig verið í stjórn stéttarfélag verkfræðinga, og var formaður þess á seinasta starfsári,“ sagði hún.

Jóhanna er fyrsta konan til að gegna formennsku í Verkfræðingafélagi Íslands. „Það er eðlilegt að það hafi verið einhver bið á því að kona tæki við því embætti, því konur komu jú fimmtíu árum seinna inn í fagið,“ sagði Jóhanna. Konur eru í dag mikill minnihluti innan verkfræðingastéttarinnar, en fjölgar ört. „Ég held að það sé vegna þess að menntun íslenskra verkfræðinga er mjög góð og það hefur sýnt sig að atvinnulífið sækist í auknum mæli eftir starfskröftum þeirra. Það er ekkert háð kyni, og eins og í öðrum greinum hafa konur sótt í sig veðrið. Stelpur sjá að það er eftirsóknarvert að hafa þessa menntun,“ sagði hún. „Launatölur hjá háskólamenntuðu fólki í opin-



HAGUR KVENNA GÓÐUR Jóhanna er fyrsta konan til að gegna formennsku VFÍ, en segir hag kvenna góðan innan verkfræðinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

bera geiranum sýna að kynbundinn launamunur er minnstur hjá verkfræðingum,“ sagði Jóhanna, sem er ánægð með þá staðreynd. „Þó hlýtur markmiðið að vera að útrýma þeim mun alveg,“ bætti hún við.

Verkfræði segir Jóhanna hafa breyst töluvert á síðustu árum og starfssvið verkfræðinga breikkað. „Þetta er fjölbreytt menntun sem

gefur mikla möguleika, þó að þeir sem það kjósa geti líka sérhæft sig mikið. En við sjáum núna að fjármálageirinn, til dæmis, hefur undanfarið ár sóst mikið eftir verkfræðingum. Það þekktist ekki fyrir tuttugu, þrjátíu árum. Starfið er ekki endilega þannig að þú sért í skóm með stáltá og öryggishjálum einhvers staðar uppi á fjöllum,“ sagði Jóhanna kímín.



90 ára afmæli

Lára F. Hákonardóttir

Fýrrv. kaupmaður í blómabúðinni Runna, Hrisateigi 1,

verður niútiú ára í dag 12. mars. Af því tilefni tekur hún á móti ættingjum og vinum á afmælisdaginn í félagsheimili KR, Frostaskjólí 2 milli kl. 17-20.



Elskulegur eiginmaður, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

Pálmi Guðmundsson

Blikahólum 2, Reykjavík,

Iést á líknardeildinni í Kópavogi að morgni mánudagsins 5. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 14. mars kl. 13.00. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Lilja Þorleifsdóttir
Friða Pálmadóttir
Hrund Pálmadóttir
Hörður Hinriksson
Valgerður Anna Sigurðardóttir
og afabörn.

Guðfinna Ingimarsdóttir
Halldór Már Sæmundsson
Inga Þórhalla Njálisdóttir
Guðni Hjartarson



VIÐ ÚTSKRIFTINA Þriðja námskeiðið er hafið, en þar er tekinn fyrir fjölmiðlastill. Fyrr í vetur var rannsóknarblaðamennska kennd.

Útskrift Skóla 365 í Háskólanum í Reykjavík síðastliðinn fimmtudag:

Hagnýt námskeið í fjölmiðlun

Útskrift Skóla 365 fór fram í Háskólanum í Reykjavík síðastliðinn fimmtudag. Fjórtnán nemendur voru í útskriftarhópnum, en þetta er í annað sinn sem skólinn útskrifar nemendur. Dr. Svafa Grönfeldt rektor og Ari Edwald, forstjóri 365,

voru meðal þeirra sem tóku til máls á útskriftinni en þar voru einnig afhent verðlaun til nemenda sem báru af í náminu.

Skóli 365 stendur reglulega fyrir hagnýtum námskeiðum í samstarfi við Símennt Háskólans í Reykja-

vík, sem meðal annars eru sérsniðin að þörfum þeirra sem starfa við fjölmiðla. Námskeiðin eru opin öllum sem starfa við fjölmiðla sem og öðrum sem standast sérstök inntökuskilyrði.

Í nýafstöðnu námskeiði

voru undirstöðuatriði fréttamennsku tekin sérstaklega fyrir og fyrr í vetur var haldið námskeiði í rannsóknarblaðamennsku. Jónas Kristjánsson ritstjóri var kennari og fyrirlesari á báðum námskeiðum.

- sps

15% afsláttur af öllum legsteinum og fylgihlutum

Englasteinar
Hvelluhrauni 10 Hafnarfirdi
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

POURQUOI PAS?
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI



Brimborg styrkir franska daga



CITROËN



C5

TROËN

C5

Citroën C5 er sá eini sem getur lyft þér upp

Látt'ann lyfta þér upp frá jörðu en passaðu klukkuna því að Citroën C5 á það til að ljá fólki vængi svo það svífi suður yfir höf. Prófaðu bara. Skoðaðu franskan munað. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

Verð aðeins frá kr. 2.679.000

Citroën C5 SX 2,0i 5 dyra sjálfskiptur 143 hó*

Komdu í Brimborg í dag

 **brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

ABBA BABB!
eftir Dr. Gunna

FRABÆR
FJÓLSKYLDUSKEMMTUN!

18. mars kl. 17.00 uppselt
25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00

Leikhópurinn
Á senunni & LEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 555 2222
eða á www.midi.is
www.abbababb.is

GIANNI SCHICCHI Giacomo Puccini
SUOR ANGELICA

ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini
Frumsýning fim. 21. mars kl. 20
2. sýn. sun. 25. mars kl. 20 - 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - **LOKASÝNING**

Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðfæraleik

CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM
Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - **FRUMSÝNING**
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA
Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Patrekur 1,5
Síðustu sýningar!

Stóra sviðið kl. 20:00

SITJI GUDS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullsson.
Sun. 18/3 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, **aukasýning kl. 17.00**, sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus. **Sýningum lýkur í apríl!**

LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flis.
4. sýn. mið. 14/3 uppselt, 5. sýn. fim. 15/3 uppselt, 6. sýn. fös. 16/3 örfá sæti laus, 7. sýn. lau. 17/3 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 24/3 nokkur sæti laus, mið. 28/3, fim. 29/3 örfá sæti laus, fös. 30/3, lau. 31/3.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafláttinn. Námuflagar fá 35% afslátt gegn framvisun Námuflagsins.

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Í kvöld mán. 12/3 örfá sæti laus, þri. 13/3 örfá sæti laus.
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir skólanema gegn framvisun skólaskirteinis.

ÍMYNDUNARVEIKIN eða Þögn Molières eftir Molière/Macchia.
Franskur gestaleikur með íslenskum texta.
Fim. 22/3 örfá sæti laus, fös. 23/3.

Kúlan

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogronniks eftir verki Prokofievs.
Lau. 17/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og kl. 15:00 nokkur sæti laus, sun. 18/3 kl. 13:30 nokkur sæti laus og 15:00 nokkur sæti laus.
Síðustu sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.
Leikhúskjallarið er opið fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

SÍÐAN SKEIN SÓL	DAGUR VONAR
20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900	Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Sun 25/3 kl. 20 Mið 18/4 kl. 20 Fim 19/4 kl. 20 Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN?	
Lau 17/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20	
MEIN KAMPF	SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Sun 18/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning	Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500 Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Sun 1/4 kl. 20 2. sýning Gul kort Lau 14/4 kl. 20 3. sýning Rauð kort
EILÍF HAMINGJA	RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Í samstarfi við Hið lífandi leikhús Sun 18/3 kl. 20 Sun 25/3 kl. 20 Sun 1/4 kl. 20 Sun 22/4 kl. 20	Sun 18/3 kl. 14 Sun 25/3 kl. 14 Síðustu sýningar
LADDI 6-TUGUR	KILLER JOE
Fim 15/3 kl. 20 UPPS. Fös 16/3 kl. 21 UPPS. Lau 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 24/3 kl. 22:30 UPPS. Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30 Fim 5/4 kl. 20 Sun 15/4 kl. 14 Mán 16/4 kl. 21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fim 10/5 kl. 20 UPPS.	Í samstarfi við leikhúsið Skámána Mið 14/3 kl. 20 Fim 22/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20 Lau 24/3 kl. 20
ALVEG BRILLJANT SKILNÆÐUR	KARÍUS OG BAKTUS
Þri 13/3 kl. 20 150. sýning! Þri 20/3 kl. 20 Allra síðasta sýning	Sun 18/3 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 25/3 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 15/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 UPPS. Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
SÖNGLEIKURINN ÁST	FEBRÚARSÝNING ÍD
Í samstarfi við Vesturport Lau 17/3 kl. 20 Fim 22/3 kl. 20 Fös 23/3 kl. 20 Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20 Lau 31/3 kl. 20	Sun 18/3 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 25/3 kl. 20 Síðasta sýning

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusid.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

STUÐ MILLI STRÍÐA Gelguskeiðið fest á filmu

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR ÓSKAR ÞESS AÐ HÚN VERÐI ALDREI FRÆG



Þegar ég var lítil var ekki til myndbandsupp-tökuvél á heimilinu. Ég minnst þess ekki heldur að foreldrar vina minna og frændsystkina hafi átt slíka græju. Þess vegna verð ég alltaf svolítið hissa þegar fræga fólk, sem sumt er á aldur við mig, mætir í viðtöl og sjónvarpsþætti og tekur með sér einhverjar eldgamlar upptökur þar sem það sést syngja í hárbursta á þriggja ára afmælinu. Svo virðist sem til séu krúttleg myndskreið úr frumbersku

allra sem síðar verða frægir.

Engar slíkar myndir eru til af mér enda kom ekki myndbandsupp-tökuvél á heimilið fyrr en árið 1993 ef ég man rétt. Þá greip um sig eitthvert æði meðal þjóðarinnar sem varði í nokkur ár. Á skólaskemmtunum stóðu pabbarnir í röðum með vélarnar sínar og tóku öll herlegheitin upp og sumir mættu jafnvel með græjuna með sér í fermingar- og afmælisveislur og mynduðu stanslaust í marga klukkutíma.

Þegar myndbandsupp-tökuvél kom á mitt heimili var ég 12 ára og upp á mitt allra ljótasta. Þetta myndaði reidi yfir um það bil tveimur árum síðar þegar ég var í kringum fermingu og lítið farin að

fríkka. Með öðrum orðum – öll myndbönd af mér sýna mig á mínu allra versta gelguskeiði. Ég er ekkert nema útlímir, með óvenju stórt nef, fáránlegan gelgjuhlátur og spangir í þokkabót. Það eru ekki til myndskreið sem sýna mig hjalandi á gæruteppi eða takandi fyrstu skrefin. Nei, bara þessi við-bjóður. Þar að auki var ég frekar feimin við vélina og sneri mér undan með óskiljanlegu unglíngurri í hvert sinn sem henni var beint að mér.

Ég veit ekki hvað ég geri ef ég verð einhvern tímann fræg og Eva María býður mér í sunnudagsviðtal í Kastljósinu. Hvað finnst ykkur? Á ég að taka þessar upp-tökur með?

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli

Stærsti kosturinn við að eiga hund er að maður kynnist öðrum hundaeigendum svo auðveldlega!

Maður lendir aldrei í vandræðum með umræðuefni við annan hundaeiganda!

Já, og ef það klikkar getur maður alltaf tekið hundana til fyrirmyndar og bara þefað af rassinum á hvor öðru.

Fyrirgefðu Elvis minn, ég efast um að þau vilji vera vinir okkar!

■ Gelgan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Hæ! Hvað er titill?

Ég sagði þér það ... dómurnar elska sjóbrettagaura!

Sjóbrettagaurar eru afslappaðir og svalir, það fær dómurnar til að brosa!

Já!

Eða þá að þær brosa af því það er enginn sjór í 100 km fjarlægð!

Fliss! Hvernig eru öldurnar strakar?

■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Ætlaðu nú að fara að gera eitthvað við þessum hrotum?

■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Ég er forvitinn að vita hvað er í hárinu á henni.

Ég er forvitinn að vita hvað er í nestinu hennar.

■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Veistu, þegar maður verður fullorðinn ræður maður alveg hvað maður gerir, maður má bara gera það sem maður vill!!!

Er það?!

Já, maður getur keypt sér það sem maður vill, borðað hvað sem er og vakað eins lengi og manni sýnist!

Vá!

Ég hlakka ótrúlega mikið til!

Ég líka!

Ég er fullorðinn og þetta hljómar ekki eins og mitt líf!

Suss! Láttu ekki svona, þú hræðir þau bara!

Yndislega óviðeigandi

Það er öllu til tjaldað á stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu þar sem söngleikurinn Leg var frumsýndur fyrir helgi. Mér er nær að halda að annað eins havarí hafi vart sést þar áður.

Sýningin er afar kröftug og litrík, keyrð upp af dúndrandi tónlistarbræðingi sem gefur Webber og félögum þökkalegan selbita. Viðfangsefnið er mannleg náttúra í sinni ógeðfældustu mynd en sýningin fer lengst á frumlegheitunum og húmornum sem er aðalmerki leikskáldsins, þetta yndislega óviðeigandi skopskyn hans er alveg laust við pólitíska réttshugsun og í Legi er skotleyfið á alla; smáborgarar, róttæklingar og foreldrar fá jafn mikið á baukinn og unglingsgreið og föstur. Grínið er gengdarlaust, barnalegt, ádeilukennt og áhrifamikilið.

Sögu sviðið er framtíðarlandið Ísland sem er ofurselt yfirborðsmennsku og afþreyingariðnaði – fjölskyldufaðirinn Ari er svo aðgerðalaus í vinnunni að hann stundar viðstöðulitla sjálfsfróun og sonurinn er tölvuleikjafíkill. Þannig er vísanheimurinn bundinn við okkar nútímabrölt, raunveruleikasjónvarp, stóriðjuuppbyggingu og útrásarhneigið. Samhengið í Legi er býsna stórt, þetta er næsta kosmískt allt saman enda kemur á daginn að framtíð jarðarinnar er í húfi og valdhafinn er nítján ára ófrísk gelgja úr Garðabæ.

Sagan sjálf er óttalega þunn og langsótt – eins og algengt er í söngleikjum – en það kemur vart að sök því nóg er til að taka athyglina frá þeim áhyggjum, til dæmis vel heppnað útlit og góð frammistaða leikaranna. Aðalhlutverkið, unglingsstúlkuna óléttu, leikur Dóra Jóhannsdóttir og skilar fínni frammistöðu. Gelgjan Kata er gjörsamlega tvívíð til að byrja með en vinnur á og Dóru lætur vel að túlka þetta spillta sakleysi út hverfapíunnar.

Persónur Legs eru allar mjög ýktar og yfirkeyrðar en leikhópurinn þakkar þeim saman svo úr verður mikið sprell með mátulegar meiningar, háð og spé í hæfilegu magni með góðum kómískum tímasetningum og slettu af samúð. Að öðrum ólöstuðum verð ég að nefna Eddu Björgu Eyjólfsdóttur sem leikur vinkonuna Ingunn og Kjartan Guðjónsson (Ari) sem hreinlega ærðu suma áhorfendur úr hlátri og söngnúmer Halldóru Geirharðsdóttur sem voru hreint óborganleg. Friðrik Friðriksson á



LEIKLIST

Leg eftir Hugleik Dagsson

Þjóðleikhúsið

Leikstjóri: Stefán Jónsson/ **Tónlist:** Tríó Flis / **Leikmynd:** Ilmur Stefánsdóttir / **Búningar:** Þórunn Elísabet Sveinsdóttir / **Dansar:** Sveinbjörg Þórhallsdóttir / **Ljósa- og myndbandshönnun:** Arnar Steinn Friðbjarnarson, Björn Bergsteinn Guðmundsson, Freyr Vilhjálmsson og Gideon Kiers.

★★★★

Fyrst og fremst hressandi sýning og hugrókk tilbreyting í íslensku leikhúsi.

líka hrós skilið fyrir sinn leik.

Tónlistin er afar fjörlegur hrærigrautur sem auðvelt er að fá á heilann. Leikararnir syngja hver með sínu nefi sem er fínt því þetta er ekki fagaður Söngvaseiður heldur glaðhlakkaleg skrumskæling. Það lýsir sér til dæmis vel í háðskum og mátulega broguðum söngtextum verksins.

Öll tæki leikhússins eru virkjuð af kostgæfni þar sem allt helst í hendur, útlitið er afar vel heppnað og flott, upplýst af mikilli fagmennsku. Myndböndin voru líka vel gerð, frumleg og bættu heilmiklu við þetta sjónarspil.

Galli er þó að hljóði var óþarflega hátt í söngatriðum en tveir dragtklæddir ársmiðaeigendur heyrðust hvískra að sýningu lokinni að hávaðinn hefði verið „skelfilegur“. Ekki bætti reykurinn á ástandið í plussklæddu menningarmusterinu sem er óvæntur vettvangur fyrir þetta verk og vil ég eyrmerkja eina stjórn þjóðleikhússtjóranum fyrir hugrekkið. Þessi sýning mun án efa lækka meðalaldur leikhúsgestanna töluvert – sem er vel því ekki veitir af uppbyggilegri afþreyingu fyrir erfingja landsins.

Hópurinn allur hefur sáð ríkulega og uppsker eftir því. Þessi sýning Þjóðleikhússins vekur bæði ómældan hlátur og spurningar.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

Ný bók frá Hosseini

Von er á nýrri bók í haust eftir afgansk-ameríska rithöfundinn Kahled Hosseini sem sló í gegn með skáldsögunni Flugdreka-hlauparanum. Enn snýr höfundurinn sér að örlögum fólks í Afganistan, nú tveggja kvenna og er saga þeirra rakín á þrjátíu ára bili: undir harðstjórni sovéska hersins, borgarastyrjöld og stjórn talibana. Konurnar hafa ólíka skoðun á ástinni og hlutverki



fjölskyldunnar en læra af sameiginlegri reynslu sinni hvaða þýðingu það hefur að vera manneskja og hversu mikið afl býr í mannshjartanu.

Bókin heitir A Thousand Splendid Suns eða Þúsund sólar skína og kemur út ensku þann 27. maí.

Skáldsagan Flugdreka-hlauparinn hefur þegar komið út í 34 löndum og var með söluhæstu titlum hér á landi í fyrra.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

9 10 11 12 13 14 15

Mánudagur

■ ■ KVIKMYNDIR

- 17.00 **Kvikmyndaklúbburinn Fjalakötturinn** sýnir í **Tjarnarbiói**. Fyrsta mynd kvöldsins er **Andrei Rublev** eftir leikstjórnann Andrei Tarkovsky frá 1969.
- Kl. 20 verður heimildamyndin **I fyrir Indland** sýnd en þar er á ferð samvinnuverkefni Fjalakattarins og Reykjavík Documentary Workshop. Síðasta mynd kvöldsins kl. 22 er **Austan við Eden** eftir leikstjórnann Elia Kazan með James Dean í aðalhlutverki.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



PÓSTURINN
allur pakkin

Hverjir eiga heima hérna?

Það eru vinsamleg tilmæli okkar hjá Póstinum að bréfalúgur og póstkassar séu merkt skýrt og greinilega með fullu nafni allra sem búa í viðkomandi húsi.

Lélegar eða alls engar merkingar geta orðið til þess að endursenda verði póst, sendanda og viðtakanda til verulegra óþæginda. Aðstoð þín og tillitssemi auðvelda okkur að koma póstinum til þín hratt og örugglega.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

MIDASALA | SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUS.IS

10. MARS KL. 20.00 – FRUMSÝNING
11. MARS KL. 20.00
17. MARS KL. 20.00
22. MARS KL. 20.00
23. MARS KL. 20.00
29. MARS KL. 20.00

VIÐ HVAD ERUM VIÐ HRÆDDA?

► **Draumalandið** frumsýnt 16. mars



Sími 555 2222

Stílistar í uppsveiflu á Íslandi

EMM School of Makeup stendur fyrir námskeiði fyrir upprennandi stílista næstu tvær helgar. Sóley Ástudóttir, einn eigenda Emm, segir námskeiðið vera það eina sinnar tegundar hér á landi. „Ef það er eitthvað kennt, er það samt ekkert í líkingu við það sem Anna Clausen gerir hjá okkur,“ sagði hún. Anna, sem kennir námskeiðið, er mikill reynslubolti í stílistabransanum.

Hún lærð í London College of Fashion og hefur jafnframt kennt í hinum virta Central St. Martins skóla í London. „Hún er búin að stíliseri allt mögulegt, fyrir iD og Kylie Minogue og Sugababes, svona til dæmis,“ sagði Sóley.

Emm hefur áður haldið tvö námskeið í stíliseringu og segir Sóley fjölda fyrirspurna hafa borist til skólans vegna þeirra. „Þau námskeið voru miklu lengri, dýpri og flóknari.“

Þetta er meira svona beint í æð. Það er kennt föstudag til sunnudags, tvær helgar í röð,“ sagði Sóley.

Á námskeiðinu verður farið yfir tískustrauma jafnt sem hátísku, og nemendur fá tilsögn í hárgreiðslu og fördun. „Þetta er rosalega sniugt fyrir alla sem hafa áhuga á, eða eru að læra eitthvað tengt fatahönnun, stíliseringu eða fördun,“ sagði Sóley, og bendir á heimasíðuna emm.is

fyrir nánari upplýsingar.

Hún kveðst hafa orðið vör við síaukinn áhuga á starfi stílista. „Þetta hefur verið mjög ósýnilegt starf.“

En á bak við allar auglýsingar sem maður sér, sjónvarpsþætti eða myndatökur, er alltaf stílisti. Þetta er mikil vinna og mikið af kláru fólki í þessu,“ sagði hún.

- sun

SÓLEY ÁSTUDÓTTIR
Segist finna fyrir æ meiri áhuga á starfi stílista.



ÓÁSJÁLEG Íbúum Jodhpur á Indlandi þótti ekki mikið til Elizabeth Hurley koma, og fannst hún of gömul til að gifta sig.

Elsta brúður í bænum

Elizabeth Hurley þykir fögur á Vesturlöndum, en hún vakti ekki mikla hrifningu íbúa Jodhpur á Indlandi, þar sem hún fagnar brúðkaupi sínu og indversks eiginmanns síns, Arun Nayar.

„Var þessi gamla kerling að gifta sig? Hún er elsta brúður sem Jodhpur hefur orðið vitni að,“ sagði Kastury Ghosh, verslunar-eigandi í bænum. Enginn bæjarbúa vissi hver Hurley var áður en hún tók höllina í nágrenni bæjarins á leigu. Eftir heimsókn hennar hefur Hurley hækkað nokkuð í álit og þykir nú nokkuð ásjáleg. Fólk veitir því þó enn fyrir sér fyrir hvað fyrirsætan er fræg.

Lukkulegir gestir á Legi

Frum-sýningar söngleiksins Legs, eftir Hugleik Dagsson, hefur verið beðið með eftirvæntingu. Þegar tjöldin féllu á fimmtudagskvöldið var það mál manna að Hugleiki hefði tekist firnavel upp, og eins og myndirnar sýna voru frumsýningargestir ánægðir með kvöldið í Þjóðleikhúsinu.



LEIKHÚSFÓLK Á LEGI Þjóðleikhússtjórnin Tinna Gunnlaugsdóttir mætti í för með manni sínum, Agli Ólafssyni, og dótturinni Ellen. Þau ræddu við Kristínu Nikulásdóttur, Hrafnhildi Ingólfssdóttur og stórleikarann Árna Tryggvason.



Í GÓÐRA VINA HÓPI Silja Aðalsteinsdóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Páll Ásgeir Ásgeirsson og Gunnar Karlsson voru ánægð með kvöldið.



SÖNGUR OG DANS Söngkonurnar Kristjana Stefánsdóttir og Hera Björk Þórhallsdóttir spjölluðu við Sveinbjörgu Þórhallsdóttur danshöfund, sem samdi dansana fyrir Leg.



VINSÆL VERK Þau Torfi og Hildur létu sig ekki vanta á frumsýninguna, enda verk Hugleiks Dagssonar vinsæl hjá unga fólkinu.



MÆTT TIL LEIKS Yr Prastardóttir og Símon Birgisson voru glöð í bragði þegar þau mættu til leiks.

Grísk verslun á Laugavegi

Fyrsta Hype-verslunin á Norðurlöndum opnaði á Laugavegi á dögunum. Hype er grísk merkjavara fyrir konur. Kristín Eva Sveinsdóttir flytur vörurnar inn og segir hún línuna vera afar fjölbreytta.

„Það má fá skó, skart og töskur, og allt frá gallabuxum upp í sparföt,“ sagði Kristín Eva, sem er ánægð með viðtöknar sem buðin hefur hlotið. Í opnunartíðinu sem haldið var í salarkynnum Hype var margt góðra gesta, eins og myndirnar bera vitni um.



ÁNÆGÐ MEÐ HYPE Þau Grétar Þór Jóhannsson, Tanja Ólafsdóttir og Davíð Þór Sævarsson voru öll ánægð að sjá, þó að fötin frá Hype væru eingöngu fyrir konur.



GÓÐAR VIÐTÖKUR Kristín Eva Sveinsdóttir, sem rekur Hype, var sæl að sjá ásamt Kjartani Jóhannssyni.



FLOTTIR Í TAUINU Stefán Hilmarrson og Eyjólfur Kristjánsson skemmtu gestum Hype og tóku sig vel út innan um grísku klæðin.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK



Á TALI Hárgreiðslumaðurinn Böðvar Þór og Ragnheiður Guðfinna spjölluðu við friðan flokk kvenna.



Í STÍL Sigurlína Guðjónsdóttir og Páll Ingimarrson tóku sig vel út í svörtu og hvítu í opnunartíðinu.

Sérblöð um
fermingar



Sérblöð um fermingar fylgja Fréttablaðinu, 17. mars, 22. mars og 31. mars.



Um 160.000 lesendur

Um fjöllun í fermingarblaði:

- Skreytingar • Gjafirnar
- Fermingarfötin • Matur
- Ljósmyndarar • Hárgreiðsla
- Viðtöl við fermingarbörn -og margt fleira

Allar nánari upplýsingar veitir Ruth Bergsdóttir í síma 550-5876 eða 694-4103. Netfang: ruth@365.is

Blaðinu er dreift með Fréttablaðinu í 105.000 eintökum um allt land.

FRÉTTABLAÐIÐ

- stærsti fjölmiðillinn!

Elsku Linda mín.
Komdu heim...
og skilaðu bílnum!

2 DAGA REYNSLUAKSTUR SUBARU LEGACY*

Það er algengt að fólk ánetjist Subaru, enda eiga öryggið, þægindin og aksturseginnleikarnir sér enga hliðstæðu. Þess vegna lánnum við þér bílinn í allt að 48 klst. þegar þú kemur í reynsluakstur.aktu í vinnuna, skutlaðu krökkunum í skólann, verslaðu og heillaðu þína nánustu. Upplifðu Subaru við þínar aðstæður. – Passaðu bara að gleyma ekki að skila honum.

Pantaðu 2 daga reynsluakstur í síma 525 8088

* SJÁ SKILMÁLA Á WWW.SUBARU.IS ** Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði og sérkjör hjá Glitni

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.



GLITNIR

FJÁRMÖGNUN

Sedan verð frá **2.490.000,-**
Wagon verð frá **2.640.000,-**

Bílasamningur Glitnis** **30.243,-**
Bílasamningur Glitnis** **32.049,-**

Nýtt í bíó

EDDIE MURPHY EDDIE MURPHY
Hefur þú einhvern tímann gert mjög STÓR mistök?
NORBIT
FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

JIM CARREY
the number **23**
Dú rifrð ekki sannleikann

VENUS
ÓSKARVERÐLAUNATILNEFNING
BETTY LEIKARI Í AÐALLEIÐI

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS
EDDIE MURPHY EDDIE MURPHY
Hefur þú einhvern tímann gert mjög stór mistök?
NORBIT
FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

SMOKIN' ACES
Megi best! Leigumordinginn vinnur

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000
REGNBÖGINN Sími 551 9000
Borgarbíó Sími 462 3500

NORBIT	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
NORBIT SÝND Í LÚXUS	kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20
THE NUMBER 23	kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA
THE LAST KING OF SCOTLAND	kl. 5.20, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
ANNA & SKAPSVEIPLURNAR ISL. TAL	kl. 4 og 4.45 STUTTMYND
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3.30 og 5.40

VENUS kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA
THE LAST KING OF SCOTLAND kl. 5.30, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA
NOTES ON A SCANDAL** kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA
PAN'S LABYRINTH** kl. 0.30 B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE** kl. 10 B.I. 7 ÁRA
THE PURSUIT OF HAPPYNESS** kl. 5.30 og 8

NORBIT kl. 6, 8 og 10
SMOKIN' ACES kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER kl. 6 B.I. 12 ÁRA

450 kr. í bíó! **midí.is** **BIÓ.IS** – allt á einum stað

www.laugarasbio.is MIDASALA OPNAR KL. 5.30

Van Halen í meðferð

Eddie Van Halen, gítarleikari hljómsveitarinnar Van Halen, er á leiðinni í áfengis meðferð. Svo gæti farið að fyrirhugaðri tónleikaferð sveitarinnar um Norður-Ameríku yrði frestað af þessum sökum. Fyrrum söngvari Van Halen, David Lee Roth, hefur þegar samþykkt að taka þátt í tónleikaferð-



inni. „Þessa stundina finnst mér ég ekki geta lagt mig allan fram fyrir ykkur,“ sagði Eddie í yfirlýsingu til aðdáenda sinna. Eddie, sem er 52 ára, hefur lengi átt við áfengisvandamál að stríða.

DAVID LEE ROTH Van Halen er á leiðinni í sína fyrstu tónleikaferð í langan tíma.

Lay Low spilar á blúskvöldi

Tónlistarkonan Lay Low treður upp í fyrsta sinn undir formerkjum blússins á Classic Rock í kvöld. Samtökin Blues Iceland Promotion standa fyrir tónleikunum.

Tónlist Lay Low er töluvert blússkotin en hingað til hefur hún ekki spilað á blúskvöldi sem þessu. „Ég mun spila sömu gömlu lögin mín en kannski verður blúsaðari stemning en áður,“ segir Lay Low. „Ég ætlaði að vera með hljómsveit en það varð ekkert af því þannig að ég verð kannski bara ein,“ segir hún. Spurð um

áhrifavald úr blúsheiminum nefnir hún bandarísku blúskonuna Elizabeth Cotten til sögunnar. „Hún er dæin en það er skemmtilegt það sem hún var að gera.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 21 og er frítt inn. Hljómsveitin Royal Fortune hitar upp.

LAY LOW Tónlistarkonan Lay Low ætlar að koma fram undir formerkjum blússins í kvöld.



Kvikmyndaklóbúrinn
FJALA
KÖTTURINN
MÁNUDAGUR
12. MARS
TJARNARBIÓI
FILMFEST.IS SKRANING
STENDUR YFIR

KLUKKAN 17.00
ANDREI RUBLEV
(Andrey Rublyov),
(RUS), Andrei Tarkovsky, 1969.
KLUKKAN 20.00
Í FYRIR INDLAND
(Reykjavík Documentary Workshop)
(IND/UK), Sandhya Suri, 2005.
KLUKKAN 22.00
AUSTAN VIÐ EDEN
(East of Eden),
(USA), Elia Kazan, 1955.

Nýtt frá Clint Eastwood

Clint Eastwood ætlar næst að leikstýra myndinni The Changeling. Viðræður eru hafnar við Angelinu Jolie um að hún taki að sér

aðalhlutverkið. Myndin fjallar um konu sem hittir son sinn eftir að honum hafði verið rænt mörgum árum áður. Óttast hún að hann

sé ekki sá sem hann segist vera og ákveður að rannsaka málið með hjálp lögreglunnar í Los Angeles.

Jolie hefur undanfarið verið að leika í myndinni A Mighty Heart auk þess sem hún mun birtast á hvíta tjaldinu í Beowulf og Atlas Shrugged á næstunni. Hinn 76 ára Eastwood leikstýrði síðast Letters From Iwo Jima, sem var að hluta til tekin upp hér á landi.

Var hann tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir myndina en laut í lægra haldi fyrir Martin Scorsese.



CLINT EASTWOOD Harðjaxlinn Eastwood ætlar að leikstýra myndinni The Changeling.

Blár broddgöltur í meðallagi

Flestir sem hafa spilað tölvuleiki kannast við Sonic, broddgöltinn bláa sem hleypur á ógnarhraða yfir, undir og í gegnum hindranir á leið sinni í gegnum margvísleg borð. Margir hafa jafnvel prófað einhvern af klassísku Sonic-leikjunum sem komu út á Sega Mega Drive forðum daga.

Færri vita hins vegar að síðan þá hefur Sonic-serían drabbast hratt og örugglega niður, og hafa síðustu tíu leikir eða svo farið beinstu leið í tilbodshrúguna á næstu bensinstöð. Það var því ekki við miklu að búast þegar Sega gaf út nýjasta Sonic-leikinn á Nintendo Wii, sem ber nafnið Sonic and the Secret Rings.

Eftir nokkurra klukkutíma spilun kemur hins vegar í ljós að leikurinn er ekki svo slæmur. Leikmaðurinn er í hlutverki Sonic, sem vaknar einn daginn við að andi biður hann að bjarga sögunum í Þúsund og einni nótt, sem vondi kallinn Erazor Djinn er að stroka út með göldrum sínum.

Sonic er fluttur inn í bókina og upphéfst þá fjörið. Í grunninn snýst leikurinn um að stýra Sonic í gegnum eitt borð af öðru, þar

sem hann hleypur á geysilegum hraða milli hindrana, drepur óvini og kemst í mark. Leikmaðurinn stýrir Sonic með því að halla Wii-fjarstýringunni til hliðar og færir hana áfram til að drepa óvinina auk þess að nota takkana.

Vissulega er sagan vandræðalega léleg, raddsetningin svo slæm að ég skipti samstundis yfir á japanskt tal til að losna við bjána-hrollinn og tónlistin innantómt táningarokk, en leikurinn sjálfur er vel spilanlegur og á köflum nokkuð skemmtilegur. Borðin sjálf eru líka falleg og sæmilega gerð, þótt þau séu ansi fá.

Sonic-aðdáendur sem hafa reglulega orðið fyrir gifurlegum vonbrigðum undanfarin ár getu keypt margt verra en þennan leik. Hann er tiltölulega klassískur af Sonic-leik að vera og hraðatilfinningin sem einkennir broddgaltarleikina er til staðar.

Þeir sem hafa hins vegar ekki mikinn áhuga á Sonic og langar bara í einhvern hraðan leik sem stýrt er með því að hreyfa Wii-fjarstýringuna eins og stýri ættu frekar að kaupa sér Excite Truck.

Salvar Þór Sigurðarson



TÖLVULEIKIR

Sonic and the Secret Rings

Blái broddgölturinn snýr aftur í einum skásta leik sínum undanfarin ár. Það segir samt meira um fyrri leikina en þennan, sem er rétt yfir meðallagi.

★★★

BLOOD & CHOCOLATE

8
HVER VINNUR!

Sendu SMS **JA BCF** á **1900** og þú gætir unnið bíómiða fyrir tvo!

Vinningar eru bíómiðar, fullt af Pepsi, DVD myndir og margt fleira!

SMS LEIKUR

BIÓMIÐI

FRÖNSK- Kvikmyndahátíð 3. Mars Til 1. Apríl Háskólabíó

BLOOD & CHOCOLATE	kl. 5:50-8:10-10:30	B.12	TELL NO ONE	kl. 17:40 - 20:00
BREAKING AND EN...	kl. 10:40	B.12	PARIS, JE T'AIME	kl. 22:20
LETTERS FROM IW...	kl. 8	B.16	LES BRONZES	kl. 17:45
PERFUME	kl. 8	B.12	LE POULPE	kl. 20:00
DREAMGIRLS	kl. 5:30	B.17	LA SEPARATION	kl. 22:15
BABEL	kl. 10:40	B.16	FORELDRAR	kl. 6

SAMBÍO / ÁLFABAKKA			SAMBÍO / KRINGLUNNI			SAMBÍO / KEFLAVÍK			SAMBÍO / AKUREYRI					
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 5:50 - 8 - 10:20	B.12	ALPHA DOG	kl. 5:50 - 8	B.16	NORBIT	kl. 5:50 - 8 - 10:20	Leyf	NUMBER 23	kl. 8 - 10	B.16	MUSIC & LYRICS	kl. 6 - 8 - 10	Leyf
MUSIC & LYRICS	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	Leyf	THE BRIDGE TO TER...	kl. 3:40 - 5:50	Leyf	MUSIC & LYRICS	kl. 5:50 - 8 - 10:20	Leyf	DIGITAL			THE BRIDGE TO TERE...	kl. 6	Leyf
MUSIC & LYRICS VIP	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20		VEFURINN HEN... M/- Íst tal	kl. 3:40	Leyf	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:40	B.16				BLOOD & CHOCOLATE	kl. 8 - 10	B.12
SMOKIN ACES	kl. 5:50 - 8 - 10:30	B.16	FRÁIR FÆTUR M/- Íst tal	kl. 3:40	Leyf	THE BRIDGE TO T... M/- Íst tal	kl. 5:50	Leyf						
BREAKING AND ENTERING	kl. 10:20	B.12	SKOLAD Í BURTU M/- Íst tal	kl. 3:40	Leyf									
HANNIBAL RISING	kl. 8 - 10:20	B.16												

Skráðu þig á SAMBio.is

Vilja líka lægri vask á DVD

Meðan bóka- og tónlistarunnendur gleðjast yfir nýtilkominni lækku virðisaukaskatts á bækur og geisladiska, sitja kvikmyndaáhugamenn eftir með sárt ennið. Listamenn og dreifingaraðilar segja listgreinum mismunað og vilja að virðisaukaskattur á mynddiskum lækki líka.



Virðisaukaskattur á bækur og geisladiska lækkaði úr 14 og 24,5 prósentum niður í sjö prósent. Bóka- og tónlistarunnendur fagna kjarabótunum en kvikmyndaáhugamenn sitja eftir með sárt ennið því ríkið leggur enn þá fullan virðisaukaskatt á DVD-diska. „Það er klárlega verið að mismuna listgreinum,“ segir Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu, sem selur bæði geisladiska og DVD. „Verðmunurinn milli geisladiska og DVD-diska er því enn meiri en áður og við munum beita okkur fyrir því að virðisaukaskattur á DVD verði líka lækkaður.“ Fyrir nýja mynd á DVD er ekki óalgennt að fólk greiði tæplega 2.300 krónur. Algennt verð á geisladiskum fyrir lækku virðisaukaskatts var 2.100 krónur en eftir lækku kostna þeir um 1.800 krónur.

Stjórn Bandalags íslenskra listamanna tók málið fyrir á fundi á fimmtudag, Ágúst Guðmundsson, forseti BÍL og leikstjóri, segir að um mismun virðist vera að ræða. „Niðurstaða fundarins var sú að okkur þykir auðvit-

að ánægjulegt að virðisaukaskattur á listafurðum skuli lækka en teljum að hann ætti að ná til DVD-diska líka. Ég veit ekki til þess að íslenskir kvikmyndagerðarmenn hafi gert þetta að sérstöku baráttumáli, en það er ágætt að á þetta sé bent.“

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Verslunar og Þjónustu, segist gjarnan hafa viljað sjá lækku virðisaukaskatts á DVD-diska líka en bendir á að þrýstingur hagsmunaaðila skipti máli í þessum efnum. „Þegar það varð til dæmis ljóst að virðisaukaskattur á bækur myndi lækka beittu menn í tónlistargeiranum sér mjög fyrir því að það myndi líka ná til geisladiska; skrifuðu

greinar í blöð og fleira sem hafði ábyggilega sitt að segja. Kannski vantaði einhvern til að berjast fyrir því að vaskurinn á DVD lækkaði.“

Böðvar Jónsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, segir málið ekki einfalt og að stjórnmöld verði að forgangsraða. „Það þarf að lækka skatta í þrepum og þetta var það skref sem var stigið núna. Það er mikil samkeppni milli bókarinnar og geisladisksins, um það er ekki deilt, þess vegna var ákveðið að lækka geisladiska til jafns við bækur.“ Böðvar segir þó koma til greina að lækka líka virðisaukaskatt á DVD-diska. „Það er eitt af því sem menn verða að skoða í framhaldinu, hvort það séu efnahagslegar forsendur til að halda áfram að lækka skatta.“ bergsteinn@frettabladid.is

BÖÐVAR JÓNSSON OG ÁGÚST GUÐMUNDSSON Forseti Bandalags íslenskra listamanna segir að sér virðist sem verið sé að mismuna listgreinum. Aðstoðarmaður fjármálaráðherra segir nauðsynlegt að forgangsraða þegar skattar eru lækkaðir. FRÉTTABLAÐIÐ / SAMSETT MYND

FRÉTTIR AF FÓLKI

Salma Hayek á von á barni með unnusta sínum, franska kaupþýslumanninum **François-Henri Pinault**. Talsmaður Hayek staðfesti þungunina á föstudag, eftir að myndir af Hayek, þar sem hún þótti líta út fyrir að eiga von á barni, gengu manna á milli á netinu. Það var þó heimasíðan hiltonperez.com sem sagði fyrst frá þunguninni. Hayek og Pinault hafa látið lítið fyrir sér fara síðan þau byrjuðu saman, en þau eru trúlofuð í dag. Pinault er framkvæmdastjóri fyrirtækisins PPR, sem á meðal annars tiskuhúsin Gucci og Yves Saint Laurent. Ekki er enn vitað hvenær barnið á að koma í heiminn.

RÓMANTÍSK GAMANMYND
SEM FÆR ÞIG TIL AÐ GRENJA ÚR HLÁTRI.

hugh grant drew barrymore
music and lyrics

TILBOÐ 2 FYRIR 1

Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.

Gildir til og með 16. mars

Gildir ekki í lúxus VIP og ekki á önnur tilboð

GLITNIR

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

VILTU FYRSTA EINTAKIÐ?

SENDU SMS **BTC PS3** Á NÚMERIÐ **1900** SVARAÐU EINNI SPURNINGU UM PLAYSTATION OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

ADALVINNINGURINN
PS3 + 23" SONY LCD + LEIKIR FYRIR PS3 SPILAÐU Í BESTU GÆÐUM!

12. HVER VINNUR!

FULLT AF AUKAVINNINGUM: PSP TÖLVUR - SONY ERICSSON FARSÍMAR - PS2 TÖLVUR - TÖLVULEIKIR BÍÓMÍÐAR Á TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES - DVD MYNDIR - FULLT FULLT AF PEPSI OG MARGT FLEIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. * Aðalvinningur er dregin úr öllum innsendum SMS skeytum.

BT
Lendir 23. mars í BT!

> Birgir Leifur á leið til Kína

Í gær hóf Birgir Leifur Hafþórsson kylfingur ferðalag sitt frá Lúxemborg til Kína þar sem hann mun keppa á móti í Evrópumótaröðinni í golfi sem fer fram á Hainan-eyju. Eins og gefur að skilja er ferðalagið langt og áætlað að það taki um sólarhring. Hann ættri að vera kominn á leiðarenda um kvöldmatarleytið í kvöld að staðartíma.



sport
sport@frettabladid.is

PÓREY EDDA ELÍSDÓTTIR: BYRJUB AÐ KEPPA Á NÝ EFTIR ERFIÐ OG LANGVINN MEIÐSLI

Keppti á sínu fyrsta móti í átján mánuði

Stangarstökkvarinn Pórey Edda Elísóttir keppti á móti í fyrsta sinn í átján mánuði á föstudaginn var. Tæpt ár er liðið síðan hún gekkst undir aðgerð á öxl.

„Þetta gekk mjög vel og framur öllum vonum í raun,“ sagði Pórey sem stökk 4,25 m. Hún felldi þrívægis 4,35 m. Það er auðvitað langt frá hennar besta en afar góð byrjun eftir svo langvinn meiðsli.

„Þetta er samt búið að líða alveg ótrúlega hratt enda hef ég alltaf verið ákveðin í því að ná mér aftur á strík. Það hefur aldrei verið neinn efi um það hjá mér. Nema kannski helst rétt eftir aðgerðina þegar ég gat ekkert hreyft mig. Þá fannst mér það ótrúlegt að ég

ætti nokkru sinni eftir að geta stökkið aftur,“ bætti hún við.

Þrír naglar voru settir í öxl Póreyjar og segir hún batann hafa gengið vel. „Það hafa fá bakslög komið. Kannski helst nú í janúar þegar ég fór að stökkva meira á æfingum. Þá ákvað ég að gefa mér þriggja vikna frí frá stökkvum og eftir það varð öxlin strax mun betri.“

Hún segist þó enn finna til. „Ég get ekki legið á öxlinni á nóttinni og ekki heldur hangið á rá. Það er í raun ótrúlegt að ég geti yfir höfuð stökkið. Þá finn ég nefnilega lítið til í öxlinni.“



Pórey kemur heim til Íslands í dag í stutt frí. Hún ætlar að nota tímann til að ganga frá ýmsum málum í námi sínu sem og að sinna öðrum hlutum. Næstu mót sem hún mun keppa á verða ekki fyrr en í maímánuði.

„Ég ákvað að keppa aðeins á þessu eina móti í vetur en það var aðallega til gamans gert og til að sjá hvar ég stæði. Nú þarf ég að æfa meira og komast í keppnisform.“

Aðspurð segist hún hafa háleitt markmið eins og ávallt. „Markmiðið hefur alltaf verið að komast inn á gullmótin. Til þess þarf ég að komast yfir 4,70 m sem allra fyrst. Það er mitt takmark. Hvort ég næ því á þessu ári eða því næsta veit ég ekki. Ég næ því einhvern tímann á ævinni.“



GUÐJÓN Hér í leik með U-21 liði Íslands.

Guðjón Baldvinsson:

Fékk jákvæð viðbrögð

FÓTBOLTI Guðjón Baldvinsson kom aftur til Íslands í gær eftir tveggja vikna dvöl hjá norska úrvalsdeildarliðinu Álasund. Hann fékk góð ummæli bæði frá þjálfara liðsins sem og yfirmanni íþróttamála félagsins.

Stjórn Álasundar mun funda á morgun þar sem meðal annars verður tekin ákvörðun um næsta skref í málefnum Guðjóns. - esá

Alex Ferguson:

Queiroz getur tekið við af mér

FÓTBOLTI Alex Ferguson sagði í viðtali við Mail on Sunday í gær að hann verði við stjórnvölinn hjá Manchester United í að minnsta kosti tvö ár í viðbót.

Einnig segir hann að aðstoðarmaður sinn, Carlos Queiroz, yrði góður eftirmaður sinn. „Hann yrði fullfær um að sinna starfinu. En það er ekki mitt að segja hver verður næsti stjórnari liðsins.“ - esá

Engin uppgjöf hjá Chelsea

Englandsmeistarar Chelsea verða seint sakaðir um að gefast upp þegar á móti blæs. Liðið náði jafntefli gegn Tottenham eftir að hafa lent tveimur mörkum undir og mætast liðin því aftur í fjórðungsúrslitum ensku bikarkeppinnar.

FÓTBOLTI „Ég lagði mitt fram með innáskiptingum mínum en leikmönnum tókst að klára verkefnið. Þetta snýst allt um leikmennina,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir leik sinna manna gegn Tottenham. Eftir slæman fyrri hálfleik þar sem varnarleikur Chelsea var í molum komst Tottenham í 3-1 forystu.

Þrátt fyrir mótlaetið játuðu leikmenn Chelsea sig aldrei sigraða og náðu fram jafntefli og þar með öðrum leik á heimavelli Tottenham. Leikurinn var liður í fjórðungsúrslitum ensku bikarkeppinnar en þrír leikir fóru fram í gær.

Blackburn vann góðan 2-0 sigur á Manchester City og Watford vann Plymouth á útivelli, 1-0.

Manchester United og Middlesbrough skildu jöfn í fjórða leiknum á laugardag og mætast því aftur.

„Viðhorf leikmanna var afar gott í leiknum,“ sagði Mourinho. „Við vorum nærri því dottir úr ensku bikarkeppinni þegar við vorum tveimur mörkum undir en að leik loknum erum við enn með í þessari keppni.“

Dimitar Berbatov kom gestunum yfir í gær en Frank Lampard jafnaði metin skömmu síðar. Skrautlegt sjálfsmark hjá Michael



SKRAUTLEGT SJÁLFMARK Stuðningsmenn Chelsea trúu vart eigin augum eftir að Michael Essien skorar ótrúlegt sjálfsmark. Hann og Petr Cech markvörður liggja í grasinu og boltinn í netinu. NORDIC PHOTOS/GETTY

Essien fylgdi í kjölfarið og Hossam Ghaly skoraði svo þriðja mark Tottenham áður en flautað var til leikhla.

Lampard skoraði svo aftur í síðari hálfleik og varamaðurinn Salomon Kalou jafnaði metin þegar skammt var til leiksloka.

Varnarleikur Chelsea var í molum í leiknum í fjarveru fyrirliðans John Terry. Mourinho ákvað því að setja allt púður í sóknarleikinn í síðari hálfleik og vona

það besta. Það gekk eftir.

Martin Jol, stjóri Tottenham, var vitanlega ósáttur með að hafa misst unninn leik niður í jafntefli. „Við lékum vel fyrstu 20 mínútur leiksins og komum þeim á óvart. Það var heppnisstimpill á jöfnunarmarki þeirra og annað mark þeirra var ódyrt. Ég vissi að við gætum gert út um leikinn með fjórða markinu og fengum svo sannarlega tækifærin til þess.“

eirikur@frettabladid.is

Þýska úrvalsdeildin í handbolta í fullum gangi:

Lemgo dró úr titilvönunum Flensburg

HANDBOLTI Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði fimm mörk þegar hans menn í Lemgo lögðu Flensburg á heimavelli, 34-30. Þar með dvínuðu titilvönir Flensburg talsvert en liðið hefur nú tapað tveimur af síðustu þremur leikjum sínum í deildinni. Logi Geirsson lék ekki með Lemgo vegna meiðsla. Hann verður klár eftir rúma viku en hann fylgdist með leiknum í gær.

„Við byrjuðum afar illa og lentum 9-3 undir. Það virtist sem þeir ætluðu bara að rúlla yfir okkur en þá náðum við að vinna okkur inn í leikinn og náðum forystunni fyrir hálfleik. Svo kom góður síðari hálfleikur og menn eins og Ásgeir komu sterkir inn og áttu stórleik. Hann var í byrjunarliðinu, lék í skyttustöðunni og átti frábæran dag,“ sagði Logi. „Við eigum vitanlega engan möguleika á titlinum en þetta var engu að síður mikilvægt upp á framhaldið því við stefnum að því að ná Evrópusæti. Það hefur verið þungt yfir þessu hjá okkur en þetta var góður sigur í dag.“

Gummersbach vann á laugardaginn léttan sigur á Wetzlar, 34-27. Róbert Gunnarsson skoraði fjögur mörk, Guðjón Valur Sigurðsson eitt og þá lék Sverre Jakobsson í vörn.



ÁSGEIR ÖRN Átti frábæran dag í gær er hann skoraði fimm mörk fyrir Lemgo. Hér er hann í leik gegn Kiel í síðasta mánuði og verst frönsku skyttunni Nicola Karabatic. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eftir leiki helgarinnar er Gummersbach komið í þriðja sæti deildarinnar og er jafnt Hamburg að stigum. Kiel vann í gær Minden, 36-29, og er með tveggja stiga forskot á þessi lið.

Það verður því æsispennandi viðureign á föstudag þegar Gummersbach tekur á móti Lemgo. Hamburg og Gummersbach eiga einnig eftir að mætast innbyrðis.

- esá

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Enska bikarkeppnin

CHelsea-TOTTENHAM	3-3
0-1 Dimitar Berbatov (5.), 1-1 Frank Lampard (22.), 1-2 Michael Essien, sjálfsmark (29.), 1-3 Hossam Ghaly (36.), 2-3 Frank Lampard (71.), 3-3 Salomon Kalou (86.).	
BLACKBURN-MANCHESTER CITY	2-0
1-0 Aaron Mokoena (28.), 2-0 Matt Derbyshire (90.).	
PLYMOUTH-WATFORD	0-1
0-1 Hameur Bouazza (20.).	

Ítalska úrvalsdeildin

INTER-AC MILAN	2-1
0-1 Ronaldo (40.), 1-1 Julio Ricardo Cruz (54.), 2-1 Zlatan Ibrahimovic (75.).	



HA? Ronaldo fagnar marki sínu í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þýska úrvalsdeildin

BAYERN MÜNCHEN-WERDER BREMEN	1-1
1-0 Lukas Podolski (7.), 1-1 M. Rosenberg (66.).	
HAMBURGER SV-BAYER LEVERKUSEN	0-0

Danska úrvalsdeildin

AC HORSSENS-SILKEBORG	2-1
Bjarni Ólafur Eiríksson, Hólmur Örn Rúnarsson og Hörður Sveinsson voru allir í byrjunarliði Silkeborg. Hörður var tekinn af velli í hálfleik og Hólmur á 57. mínútu. Silkeborg er sem fyrr í neðsta sæti deildarinnar með átta stig eftir átján leiki.	

Hollenska úrvalsdeildin

AZ-FEYENOORD	0-0
Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn fyrir AZ sem er í öðru sæti deildarinnar með 59 stig, átta stigum á eftir toppliði PSV.	
FC TWENTE-AJAX	1-4
Arnar Þór Viðarsson kom inn á sem varamaður á 79. mínútu. Úrslitin þýddu að liðin höfðu sæta-skipti í 3. og 4. sæti deildarinnar. Ajax er með 59 stig en Twente í fjórða sætinu með 57.	

Skoska úrvalsdeildin

CELTIC-RANGERS	0-1
0-1 Ugo Ehiogu (50.). Celtic er enn langefst í deildinni með 74 stig en Rangers kemur næst með 58 stig eftir 30 leiki.	

Þýska úrvalsdeildin

LEMGO-FLENSBURG	34-30
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 5 mörk fyrir Lemgo.	
KIEL-MINDEN	36-29
Einar Örn Jónsson skoraði tvö mörk fyrir Minden en Snorri Steinn Guðjónsson ekkert.	
KRONAU/ÖSTRINGEN-GROSSWALLST.	26-28
Alexander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Grosswallstad en Einar Hólmgeirsson ekkert.	

STADAN

KIEL	23	19	2	2	836-661	40
HAMBURG	23	18	2	3	746-626	38
GUMMERSB.	23	18	2	3	764-694	38
FLENSBURG	23	18	1	4	766-667	37
MAGDEBURG	22	17	1	4	718-612	35
NORDHORN	22	16	1	5	679-613	33
LEMGO	22	13	1	8	691-650	27
GÖPPINGEN	23	13	1	9	684-676	27
GROSSWALLS.	23	12	2	9	623-623	26
KRONAU/Ö.	22	10	2	10	616-629	22
WILHELMSH.	23	8	1	14	665-698	17
MINDEN	23	6	1	16	566-681	13
MELSUNG	23	6	0	17	632-708	12
DÜSSELDORF	23	5	0	18	617-715	10
BALINGEN	23	4	2	17	588-688	10
WETZLAR	23	4	1	18	600-417	9
LÜBBECKE	23	4	0	19	649-726	8
HILDESHEIM	19	2	0	17	497-589	4

AF HVERJU
EKKI
KYNLÍF
OG
ZERO
FORLEIKUR?

WWW.ZERO.IS

BT

MULNINGSGS VELIN

15.4"

TOSHIBA

PSAARE-03P00KN5
 TOSHIBA SATELLITE A100-051
 Intel® Core 2 Duo T7200
 15.4" WXGA TrueBrite
 NVIDIA® GeForce™ Go 7300
 - up to 320MB Hypermemory
 2GB DDR Minni (Mest 4GB)
 200GB SATA S.M.A.R.T Hardur diskur
 DVD skrifari Dual Layer
 WiFi LAN Intel 3945ABG
 Kortalesari 5 - 1
 Harman Kardon® hátalarar
 SRS® TruSurround XT™ System og SRS® WOW
 IEEE 1394 - DV Ready
 DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
 Vökvapolið lykklaborð
 HD to go - mobile High Definition viewing
 Rafhlöðuending 2:50 (Mobile Mark™)
 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Nýja stýrikerfið frá Microsoft :
 Windows Vista

NÝTT!

400 GB

FYLGIR
22.999

Flakkari fylgir!
 PX1268E-1G40
 Toshiba 400GB USB2.0
 Afritaðu gögnin þín!

179.999

LÁN™



Core 2 Duo
-Fyrir kraftinn
 200GB harður diskur
-Fyrir gögnin

GeForce 7300
-Fyrir leikna
 2 GB minni
-Fyrir vinnsluna

DV Ready
-Fyrir töruvélna
 Þráðlaust net
-Til þæginda

BT
 6.025,-
 12 mánaða

BT
 3.347,-
 24 mánaða

BT
 7.148,-
 34 mánaða

22" DRAUMASKJÁR

á ..draumaverði

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

S26361-K1155-V170
 22" FSC SCALEVIEW 5MS
 1680 x 1050 upplausn
 16.7 milljón litir
 Birta 300 cd/m2

Skerpa 700:1
 5ms svartími
 DVI og D-Sub (VGA) tengi
 Innbyggðir hátalarar

37.999

LÁN™

BT
 3.915,-
 12 mánaða

BT
 2.176,-
 24 mánaða

22"

22.000kr: VERDLÆKKUN

ALVÖRU LEIKJASKJAKORT

MEDION

6365IS
 MEDION V12 X-LINE 4300
 Intel® Core 2 Duo 4300
 ATI Radeon X1650SE - 256 MB
 - TV-out - D-SUB/DVI-I
 320 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
 1024 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
 Sjónvarpskort og fjarstýring
 DVD Skrifari Dual Layer
 Þráðlaust netkort
 IEEE1394/Firewire - DV Ready
 Windows Vista Premium
 Nero Burning ROM Software
 Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
 Antivirus (90 days)

149.999

SJÓNVARPSTÖLVAN

19"

HORFÐU Á SJÓNVARPIÐ Í TÖLVUNNI

Core 2 Duo
-Fyrir kraftinn
 320GB harður diskur
-Fyrir gögnin

ATI 1650SE
-Fyrir leikna
 1 GB minni
-Fyrir vinnsluna

Sjónvarpskort
-og fjarstýring
 Þráðlaust net
-Til þæginda

BT
 15.011
 12 mánaða

BT
 8.145,-
 24 mánaða

BT
 5.982,-
 34 mánaða

LÁN™



> CHARLIZE THERON

Charlize Theron er fædd og uppalin á bóndabæ rétt fyrir utan Jóhannesborg í Suður-Afríku. Hún lærði ballett í mörg ár og hefur bæði dansað í Svanavatninu og Hnetubrjótnum. Hún flutti ung til New York í leit að atvinnutækifærum og fékk vinnu hjá joffrey-ballettinum þar í borg. Charlize þurfti þó fljótlega að hætta dansi sökum meiðsla í hnéi og móðir hennar sendi hana 18 ára til Los Angeles til að reyna fyrir sér í kvikmyndum. Átta mánuðum síðar var Charlize komin með sitt fyrsta kvikmyndahlutverk. Charlize leikur í myndinni *Wakin' Up in Reno* sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.



dagskrá




VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** ORTI UM FRÉTTIR GÆRDAGSINS

Dauðinn, kvíðinn og (frétta)tíminn

Bóndinn Björn Halldórsson bjó á bænum Úlfstöðum í Loðmundarfirði á 19. öld. Hann skrifaði dagbók stóran hluta ævi sinnar þar sem hann greindi frá því markverðasta sem á daga hans dreif. Við lestur bókana er ekki hjá því komist að sjá þær sem fréttaskrif sem eiga margt sameiginlegt við fréttaflutning okkar tíma. Þau lýsa daglegu amstri, aðsteðjandi vanda og hörmungum, auk þess sem veðri er lýst af nákvæmni á hverjum degi.

Eitt gerir dagbók Björns þó sérstaka. Þegar verulega kreppti að tjáði bóndinn sig í bundnu máli. Dauðinn, kvíðinn og óvissa næsta dags var innatak „fréttanna“. Hann var svartsýnn á framtíðina og hafði kannski ekki ástæðu til annars. Ég skrifa fréttir á hverjum degi eins og Björn. Eftirleidis mun ég fylgja fordæmi bóndans úr Loðmundarfirði og skrifa fréttir í bundnu máli í þeirri von að það veiti mér hugarró á sama hátt og honum.



Dimmur í norðri, svartur í suðri og austri signa sig prestar, nunnur gráta í klaustri Móðurást deyr, feður sverja af sér dætur fólk bölvar á daginn en örvinglað biður um nætur

Gleymdur er Guð vor, andskotinn ærist af gleði litlaus er veröldin, blómin fölna á beði töpuð er mannúðin, hatrið svellur og kraumar vonleysið algjört, gleymdir barnanna draumar

Dáraskap mannkynsins fylgir sú örfyrmda spá að senn muni himninum blæða og við munum sjá að enginn verður til okkar að ofan sendur til að blása lífi í sviðnar og örfoka lendur

Næst verða ortar fréttir að viku liðinni.

EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Jamie Oliver Stöð 2



▶ **20.00** Wakin' Up in Reno Stöð 2 bíó



▶ **20.30** Janice Dickinson Modeling Agency Sirkus



▶ **21.15** Lífsháski Rúv



▶ **21.00** Heroes Skjáreinn

SJÓNVARPIÐ

16.40 Helgarsportíð
17.05 Leiðarljós
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Fyndin og furðuleg dýr (14:26)
18.06 Litla prinsessan (4:30)
18.16 Halli og risaeðlufatan (1:26)
18.30 Ástfangnar stelpur (12:13)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.20 Jörðin (6:6)
(Planet Earth) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem brugðið er upp svipmynd af Jörðinni, náttúru hennar og dýralífi. Í þessum þætti er fjallað um hafdjúpin. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

▶ **21.15** Lífsháski
(Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem ýmsar ógnir leyntast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.00 Tíufréttir
22.25 Barsmiðar
(Beaten) Bresk sjónvarpsmynd frá 2005 um hjón og son þeirra ungan en fjölskyldan lifir lífi sínu í skugga heimilisofbeldis.

23.30 Spaugstofan
23.55 Kastljós
00.35 Dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Wakin' Up in Reno
08.00 Harry Potter and the Chamber of Secrets
10.35 The Guys
12.00 13 Going On 30
14.00 Harry Potter and the Chamber of Secrets
16.35 The Guys
18.00 13 Going On 30
▶ **20.00** Wakin' Up in Reno
Aðalhlutverk. Billy Bob Thornton, Charlize Theron, Patrick Swayze, Natasha Richardson.
22.00 Dirty Deeds
00.00 Gods and Generals
04.00 Dirty Deeds



07.20 Grallararnir
07.40 Tasmania
08.00 Oprah
08.45 Í fínu formi 2005
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Forboðin feður
10.05 Amazing Race (8:14)
10.50 Whose Line Is it Anyway?
11.15 Sisters (6:7) (e)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Sisters
13.55 Wife Swap (11:12) (e)
14.35 The Comeback (7:13)
15.05 Listen Up (16:22)
15.25 Punk d (9:16)
15.50 Tíburasysturnar (13:22)

16.13 Skrímslasplíð (43:49)
16.53 Smá skritnir foreldrar
17.18 Véla-Villi
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður

▶ **19.40** Jamie Oliver - með sínu nefi (21:26) Jamie heimsækir jurtafonuna Jekka og notar jurttimar hennar til að elda gömsæta máltíð.

20.10 Grey's Anatomy (15:22)
20.55 American Idol (17:41)
21.35 American Idol (18:41)
22.20 American Idol (19:41)
23.05 Prison Break (18:22)
Flóttinn úr rammgirtasta fangelsi Bandaríkjanna heldur áfram í þessari annari seríu af spennuþættinum vinsæla Prison Break. Bönnuð börnum.
23.50 Shark (9:22)
Nýir bandarískir spennuþættir sem slegið hafa í gegn vestanhafs.

00.35 They
02.00 Blind Justice (1:13)
02.45 Into the West (1:6)
04.15 Jamie Oliver - með sínu nefi
04.40 Grey's Anatomy (15:22)
05.25 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ.

SIRKUS TV

18.00 Insider (e)
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Fashion Television

Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.
20.00 Entertainment Tonight
Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur. Nýjar fréttir af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppákomur sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfðu öllum aldurshópum.

▶ **20.30** Janice Dickinson Modeling Age
Janice Dickinson er fyrsta ofurmódel heims... að eigin sögn. Eftir að hafa verið dómari í þáttunum America's Next Top Model í nokkur ár fannst Janice kominn tími til að breyta til. Hún ákvað því að opna sína eigin umboðsskrifstofu og til að gera verkefnið enn meira spennandi lætur hún taka allt ferlið upp fyrir sjónvarpið.

21.00 Dirty Dancing
21.50 Tuesday Night Book Club - NÝTT
Í þáttunum Tuesday Night Book Club fáum við að fylgjast með hópi af húsmæðrum sem hittast öll þriðjudagskvöld í saumaklúbbi. Þar ræða þær allt á milli himins og jarðar og upplýsa vandamál sín sem og ánægju hvort sem um er að ræða kynlíf eða fjölskylduvandamál.

22.40 Trading Spouses

23.30 Insider
23.55 Twenty Four - 2 (19:24) (e)
00.40 Entertainment Tonight (e)
01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Melrose Place (e)
15.15 Vörutorg
16.15 Game tívi (e)
16.45 Beverly Hills 90210
17.30 Melrose Place
18.15 Rachael Ray
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Malcolm in the Middle (e)
Bandarísk gamanseria um gáfnaljósið Malcolm og stórfurðulega fjölskyldu hans.

20.00 The O.C. (8:16)
Ryan og Taylor ætla að keyra til Las Vegas og Seth og Summer ákveða að koma með Julie treystir ekki nýja bókaldaranum hjá stefnumótþáttunustinni.

▶ **21.00** Heroes (10:23)
Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk sem öðlast óvenjulega hæfileika.

22.00 C.S.I. (9:24)
Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Bill gamals mafíosa, sem hvarf fyrir mörgum árum, finnst í stöðuvatni. Í bílnum finnast gögn sem tengast nýlegu morði.

22.50 Everybody Loves Raymond
Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskyldufóður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna

23.15 Jay Leno
00.05 Boston Legal (e)
01.05 Psych (e)
01.55 Vörutorg
02.55 Beverly Hills 90210 (e)
03.40 Melrose Place (e)

SKJÁR SPORT

18.00 Sheff. Utd. - Everton (frá 3. mars)

20.00 Ítölsku mörkin
Svipmyndir úr öllum leikjum síðustu umferðar í ítalska boltanum.

21.00 Inter - AC Milan (frá 11. mars)
23.00 Arsenal - Man. City (frá 28. feb)
01.00 Dagskrárlök

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

*Gallup maí 2006

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.10

Grey's Anatomy

Í kvöld þurfa skurðlæknarnir á Seattle Grace að fara á vettvang skelfilegs ferjuslyss þar sem glundroði og skelfing ræður ríkjum. Burke og Christína eiga einnig í vandræðum en þau eru ekki á eitt sátt um hvenær þau eigi að tilkynna trúlofun sína. Þátturinn verður hörkuþennandi og mega sannir Grey's aðdáendur alls ekki láta hann framhjá sér fara enda er hann fyrsti hluti af þremur í þessari spennuþrungnu sögu um ferjuslysið og áhrif þess á starfsfólkið.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ JÖRÐIN Sjónvarpið kl. 20.20

Í kvöld verður fjallað um höfin sem enn eru að mestu ókönnuð. Undan strönd Venesúela sést 30 tonna hvalháfur háma í sig fisk og höfrungavaða ræðst á bráð sína á ógnarhraða. Við Kosta Ríka reyna smokkfiskar að snúa á bergmálsleitarbúnað höfrunga, djúpsjávarkrabbar fljúga um hafið á vængjum og vampírsmokkfiskar fæla burt ræningja með ljósasýningu. Í hafdjúpinu undan strönd Mexíkó éta álar og krabbar stórt hræ á metfima og þriggja metra langir seglfiskar dansa dauðadans.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50	Bæn. Séra Guðný Hallgrímsdóttir.	16.13	Hlaupanótan. Þáttur um tónlist.
07.05	Morgunvaktin. Fréttir og fróðleikur	17.03	Víðsjá.
09.05	Laufskálinn.	18.00	Kvöldfréttir
09.45	Morgunleikfimi	18.24	Auglýsingar
10.13	Stefnumót.	18.25	Spegillinn
11.03	Samfélagið í nærmynd.	18.50	Dánarfregni og auglýsingar
12.00	Fréttayfirlit	19.00	Vitinn
12.03	Hádegisútvarp	19.30	Laufskálinn
12.20	Hádegisfréttir	20.10	Söngvamá. Frá eyjunni grænu.
12.45	Veðurfregni	21.00	Vísindamaður á tali.
12.50	Dánarfregni og auglýsingar	22.15	Lestur Passíusálma.
13.00	Vitt og breitt.	22.20	Úr tónlistarlífinu. Umsjón: Una Margrét Jónsdóttir.
14.03	Útvarpssagan: Snorraþraut 7	00.10	Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
14.30	Miðdegistónar eftir Béla Bartók.		
15.03	Krossgötur		

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

14.35 Evrópumótaröðin (Singapore Masters)

16.55 Spænski boltinn (Osasuna - Valencia)

18.35 FA Cup 2006 (Blackburn - Man. City)

20.15 Ensku bikarmörkin 2007

20.45 Þýski handboltinn

21.15 Spænsku mörkin

22.00 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félöganna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.

22.30 Football and Poker Legends Heimsmótaröðin í póker inniheldur sautján mót sem fram fara víðs vegar um heiminn. Gjarnan eru þar atvinnumenn að störfum en við og við eru haldin óhefðbundnari mót þar sem stórstjörnum úr Hollywood eða íþróttum er boðið að setjast að spila-borðinu.

00.10 Spænski boltinn (Barcelona - Real Madrid)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar.

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

DR 1

6.00 Den lille prinsesse 6.10 Peter Pedal 6.30 Anton - min hemmelige ven 7.00 Postmand Per 7.15 Rubbadubbers 7.30 Kongehuset 8.00 Italienske fristelser 8.30 Når livet bliver for svært 9.30 Attention Mobning 10.00 DR-Derude i Kina 10.30 Herlufsholm 11.00 TV Avisen 11.10 21 Søndag 11.50 Eksperiment Mobning - når de voksne slås 12.50 Aftenshowet 13.20 Vagn hos kiwieme 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 En hårrejsende hare 15.35 Monster allergi 16.00 Trolspejlet 16.30 Den lille brandskole 16.55 Gurli Gris 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ud i det blå 19.00 Windsor Castle 20.00 TV Avisen 20.25 Horizont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.35 OBS 22.40 Poul Martinsen kavalkade 23.25 Hjerteflimmer

NRK1

8.30 Sorgens ansikter 9.00 Siste nytt 9.05 Med hjertet på rette staden 10.00 Siste nytt 10.05 Ut i naturen: Luftkrig 11.00 Siste nytt 11.05 Lonely Planet 12.00 Siste nytt 12.05 Schrödingers katt 12.30 Migrapolis: Best på bottebane 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel 14.00 Siste nytt 14.05 Lyoko 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Totalt genialt! 15.30 Fabrikken 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Sauer 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Puls 18.55 Faktor: Bare Marte 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Forbrytelsen 21.30 Cato Bekkevold 22.00 Kveldsnytt 22.15 Store Studio 22.55 Dalziel og Pascoe 23.45 Dalziel og Pascoe

SVT 1

8.30 Världen 9.30 Ekonomicoaching 9.55 Ramp om matematik 10.25 Mattepatrullen 10.35 Mattepatrullen 11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Sportspegeln 13.30 En flicka kommer till stan 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Vet hut! 16.30 Krokmax 17.00 Charlie och Lola 17.15 Räkna med skägg 17.30 Djurbebisar 17.35 Orkestern och barn som komponerar 17.40 Dr Dogg 17.55 Känsliga bitar 18.00 Lilla sport-spegeln 18.30 Rapport 19.00 Leende guldbruna ögon 20.00 Plus 20.30 Kobra 21.15 Supernatural 21.55 Rapport 22.05 Kulturmysterierna 22.15 Hur man fejkar ett dansband 22.45 Bingo Royale 23.30 Sopranos 0.25 Sändningar från SVT24 5.00 Gomorron Sverige

SÖNGLEIKURINN



FORSALA MIÐA HAFIN!

MASTERCARD KORTHAFAR FÁ SÉRTILBOÐ

Á FYRSTU 10 SÝNINGARNAR*

MASTERCARD MIÐAVERÐ 2.500



ALMENNT MIÐAVERÐ 3.600

* Á eftir frumsýningu

SÖNGLEIKURINN
GRETTIR

eftir Ólaf Hauk Simonarson,
Þórarin Eldjárn og Egil Ólafsson
Leikstjóri Rúnar Freyr Gíslason

BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðasala 568 8000 - www.borgarleikhus.is

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég hlusta nú bara á gufuna gömlu. Ég hef verið á þessum stað í 35 ár og hlustað á gufuna jafn lengi, ég er eiginlega alltaf með hana í gangi.“

Hermann Jónsson úrsmiður við Veltusund.

Tregablandið góðæri fram undan hjá Bjarti

„Já, það stefnir í mikið góðæri hjá okkur í ár,“ segir Snæbjörn Arngrímsson, forleggjari hjá Bjarti, en von er á nýjum bókum eftir tvo helstu gullkálfa útgáfunnar, J.K. Rowling og Dan Brown.

Bækurnar um galdratrákinn Harry Potter hafa notið gríðarlegra vinsælda um allan heim og það er ekkert launungarmál að þær hafa fleytt Bjarti langt, alls selst í tæplega 110 þúsund eintökum hér á landi. Þá hefur Dan Brown ekki síður malað gull fyrir útgáfunna; bækur hans hafa selst í um 52 þúsund eintökum hér á landi, þar af er Da Vinci lykkillinn helmingur. Snæbjörn er því bjartsýnn á að nýjasta bók Browns, The Solom-

on Key – Salómóns lykkillinn – eigi eftir að seljast vel. „Þegar Da Vinci lykkillinn kom fyrst út var bókinn lítt þekkt og fyrir þau jólaöldust 3.500 eintök af innbundnum eintökum, þannig að við seldum hana fyrst og fremst í kilju. Síðan hefur vegur Browns farið vaxandi og við vonumst til þess að innbundna bókinn seljist betur, það er drýgra.“

Snæbjörn játar þó að góðærið verði tregablandið því sjöunda bókin um Harry Potter er jafnframt sú síðasta í flokknum og sú kýr mjólkur því ekki mikið meira. Hann segist þó ekki leita logandi ljósi að staðgengli galdratráksins. „Svona æði grípur aðeins um sig á nokkurra ára

fresti. Þegar ég keypti réttinn að Harry Potter var þetta óþekkt bók. Ég man að ég var á bensinstöð þegar ég rak augun í forgrein síðugrein um Harry Potter í Time. Þá vissi ég að þetta var eitthvað merkilegt. Maður veit annars aldrei hvað verður vinsælt. Maður verður bara að gefa út það sem manni finnst sjálfum skemmtilegt; það er vís leið til glötunar að veðja bara á mögulegar metsölubækur.“ - bs

SNÆBJÖRN ARNGRÍMSSON Segir æði á borð við Harry Potter grípa aðeins um sig á nokkurra ára fresti.



HARRY POTTER Bækurnar um galdratrákinn hafa malað gull fyrir forlagið.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 án 6 gylta 8 þrí 9 knæpa 11 tveir eins 12 kortabók 14 pressuger 16 tveir eins 17 angra 18 for 20 stöðug hreyfing 21 inniloka.

LÖÐRÉTT

1 ungdómur 3 tveir eins 4 hagnaður 5 óhróður 7 mótbáur 10 fiskur 13 temja 15 flokka 16 rúm ábreiða 19 holskrúfa.

LAUSN

16 lak, 16 ró.
nið, 7 úrtölur, 10 all, 13 aga, 15 ræða.
LÖÐRÉTT: 1 æska, 3 tt, 4 arðsem, 5 18 aur, 20 ið, 21 krá.
0ð, 12 artas, 14 ölger, 16 ll, 17 ama, 18 átt, 19 krá, 20 krá, 21 krá.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Íslandsflokkurinn.
- 2 Innan landgræðslugirðingar við Þorlákshöfn.
- 3 Landbúnaðar-, sjávarútvegs-, viðskipta- og iðnaðarráðuneyti.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.hjelp.is

ÁGÚST SVERRIR DANÍELSSON: GRÆÐIR Á ÚTLITINU

Íslenskur tvívari DiCaprio fékk frítt út að borða í Króatíu

Varla hefur það farið fram hjá nokkrum lesanda Fréttablaðsins að hjartaknúsarinn sjálfur Leonardo DiCaprio var á landinu yfir helgina fyrir myndatöku Vanity Fair. Ef í harðbakkann hefði slegið og Leonardo forfallast af einhverjum sökum hefði glanstímaritið ekki þurft að leita langt yfir skammt því Leonardo á sannkallaðan tvívara hér á landi. Sá heitir Ágúst Sverrir Daníelsson, 24 ára nemi í nuddi og verðandi faðir að fyrsta barni sínu ásamt unnustu sinni, Evu Guðrúnu, tannlæknanema í Háskóla Íslands.

Þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum var Ágúst í vinnunni en hann keyrir út þvott til hótela og veitingahúsa. Því skyldi enginn útiloka að félagarnir rækjust á hvor annan. „Ég hafði nú reyndar ekki frétt af þessu, að hann væri að koma,“ svarar Ágúst, aðspurður hvort hann hefði haft veður af komu tvívara síns.

Ágúst segist aðallega hafa heyrt af þessari samlíkingu frá útlendingum sem komi hingað til lands. Hann hefur starfað sem leiðsögumaður í jöklaferðum og nýlega lenti hann í heldur skondinni lífsreynslu. „Það kom hingað rík fjölskylda frá Los Angeles sem ég var að aðstoða. Litla stelpa þeirra var alltaf að taka af mér myndir og undir rest ákvað ég að forvitnast af hverju hún væri að því. Svarið kom mér heldur betur á óvart; hún ætlaði að sýna vinkonum sínum í Bandaríkjunum hversu líkur leiðsögumaðurinn væri Leonardo DiCaprio,“ segir Ágúst og hefur augljóslega gaman af.

Og stundum hefur þetta sína kosti. Þegar þau skötuhjú fóru til Króatíu fyrir tæpum þremur árum kom meintur tvívari að góðum notum. „Við sátum á veitingastað



DICAPRIO Ætti að geta fengið frítt nudd hjá tvívara sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



ÁGÚST SVERRIR Þykir sláandi líkur Leonardo DiCaprio og eru það þá helst erlendir ferðamenn sem ruglast á honum og leikaranum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

nokkur saman og fengum allt frítt enda héldu þjónarnir að þarna væri sjálfur Leonardo mættur,“ segir Ágúst og skellir upp úr. Og eitt sumarið stóðst þrjátíu manna ferðahópur frá Japan ekki mátið og smellti myndum af Ágústi þar sem hann sat í sínum mestu makindum í heita potti Laugardalshallarinnar. Ástæðan: allir héldu þeir að Hollywood-stjarnan sæti þarna og spók að sig meðal borgarbúa.

Ágúst segist sjálfur ekki vera meðvitaður um hversu líkur hann sé Leonardo en bætir því við að móðir vinkonu hans hafi fyrst komið auga á þetta og alltaf kallað hann Leó. Þetta nafn hefur reyndar fylgt honum síðan því útlendingar sem Ágúst leiðbeinir kalla hann öllu jöfnu þessu nafni. „Mér þótti þetta fyrst þínulítið kjánalegt en núna hef ég bara gaman af og tek þátt í gríninu.“

FRÉTTIR AF FÓLKI

Frétt vikublaðsins Sirkuss, sem dreift er með

Fréttablaðinu, um kaup kvikmyndagerðarmannanna Júlíusar Kemp og Ingvars Þórðarsonar á tveimur átján mánaða ljónum, vakti verðskuldaða athygli. Ekki var þá ljóst hvað yrði um ljónin tvö en

samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vinna þeir félagar nú hörðum höndum að því að fá leyfi fyrir að fá rándýrin til landsins. Það gæti þó orðið þrautinni þyngri því samkvæmt frétt Sirkuss þyrfti að flytja inn sérþjálfaðan ljónatjemjara og útbúa umhverfi sem væri líkt þeirra náttúrulega umhverfi. Hefur því

jafnframt verið fleygt fram í meira gríni en alvöru að þarna ætli Kvikmyndafélag Íslands að skáka sjálfu MGM-ljóninu Leo sem óskræði hátt og snjallt í upphafi mynda frá kvikmyndaverinu.

Veitingastaðurinn Við fjörborðið á Stokkseyri hefur ekki farið varhluta af komu stórstjarna til Íslands nýverið. Fréttavefurinn Suðurland.is greinir frá því að þjónar veitingastaðarinn hafi verið búnir að dekkja upp sjö manna borð fyrir hljómsveitina Incubus en hún hafi ekki látið sjá sig. Til að bæta gráu ofan á svart hafði hjartaknúsarinn

Jude Law verið búinn að panta borð þegar hann dvaldist hér á landi en ekki séð sér fært að mæta. Erú gárungarnir í sunnlensku sveitinni farnir að kalla staðinn „Ekkistað“ frága fólksins.

- fgg

Í hóp með Borat og Silvíu Nótt

„Mikil endalaus andskotans ládeyða ríkir á öldum ljósvakans hér á landi. Er virkilega enginn sem leggur í þessar öldur? Fyrir utan gömlu og göðu gufuna er fátt að hlusta á, nema ef til vill Utvarp Sögu.“ Svona hefst síðasta blogg færsla hins geðstirða Georgs Bjarnfredarsonar sem vaknar til lífsins á skjám landsmanna þegar sjónvarpsþátturinn Næturvaktin hefur göngu sína. „Georg er til,“ segir Jón Gnarr, skapari persónunnar, en hann leikur aðalhlutverkið í þáttunum ásamt Pétri Jóhanni Sigfússyni og Jörundi Ragnarssyni. „Ég hef samt aðallega notað bloggíð til að koma mér í karakter, færa mig nær þessum manni sem ég er reyndar kominn með hálf-gert ógeð á,“ bætir Jón við.

Ef marka má bloggsíðuna www.georgbjarnfredarson.blogspot.com er starfsmaðurinn á bensinstöðinni ekkert sérstaklega spennandi náungi. Þegar rennt er niður síðuna má sjá myndir af „fjölskyldumeðlimum“ hans sem flestir líta út fyrir að vera frekar á skjön við samfélagið. Jón útilokar þó ekki að Georg eigi eftir að öðlast sjálfstætt líf á netinu líkt og sjónvarpsmaðurinn Borat eða poppstjarnan Silvíu Nótt. „Þá getur maður auðvitað sagt bara hvað sem er án þess að taka ábyrgð á því sjálfur.“

Jón lagði mikið á sig fyrir hlutverkið, safnaði myndarlegu skeggi og lét raka á sig skalla sem hann



ÓLÍKIR FÉLAGAR Eins og glögg má sjá eru persónur Péturs Jóhanns Sigfússonar og Jón Gnarr mjög ólíkar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

er í óða önn að safna hári yfir. „Já, þessu er sem betur fer lokið,“ segir Jón en tókum lauk aðfaranótt fimmtudags. „Og nú bíð ég bara spenntur eftir að sjá afraksturinn,“ bætir hann við en ekki er ljóst hvenær þátturinn fer í loftið.

- fgg

visir

www.visir.is

FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

MIDASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

VesturPort BORGARLEIKHÚSID

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

FRUMSÝNING 10. MARS
SÝNINGAR 11, 17, 22, 23, 29, 30 OG 31 MARS



THEODÓR JÚLÍUSSON

MAGNÚS ÓLAFSSON

KRISTBJÖRG KJELD

PÉTUR EINARSSON

HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR

ÓMAR RAGNARSSON

SKAPTI ÓLAFSSON

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LYFJA
Lífð heil

Opið 8-24
alla daga

Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Ótímabærar áhyggjur

Gamall skólabróðir minn fær svartsýnisköst öðru hverju. Fyrir helgina klifaði hann á því að konur muni „ráða því hvaða ríkisstjórn verður mynduð“. Bölsýnismaðurinn lét ekki huggast þótt honum væri bent á að komandi kosningar snúist fyrst og fremst um hefðbundið framsal þjóðarinnar á ákvörðunarrétti sínum til handa fjórflokknum sem svo dyggilega hefur staðið vörð um hin karllægu gildi hingað til. Og ekki þarf að hafa áhyggjur af fimmtu herdeildinni sem kallar sig frjálslynda og hefur nýverið sannað karlmennsku sína með því að útskúfa kvensnipt sem varð uppvís að þeirri ónáttúru að sækjast eftir stóðhækkun.

EN SETJUM SVO að allt fari á versta veg: Engu að síður munu Ólafur R. Grímsson, Geir H. Haarde, Steingrímur J. Sigfússon, Guðjón A. Kristjánsson, Jón Sigurðsson og Ingibjörg S. Gísladóttir „ráða því hvaða ríkisstjórn verður mynduð“. Kynjahlutfall þessa hóps endurspeglar með sanngjörnum hætti völd og áhrif íslenskra kvenna í þjóðfélaginu: Ein kona og fimm karlar – og hefði þótt gott fyrir hundrað árum.

HUGSANLEGA kemur einhvern tímann að því að langlundargeð kvenfólksins þrýtur og ekki verði lengur hægt að kaupa frið með dagheimilisplássum eða strætómíðum. En burtséð frá pólitískum völdum eru peningavöld í innmúruðum höndum eins og sjá má af lista Forbes yfir ríkustu einstaklinga veraldar. Af 690 manns á þeim lista eru nú 68 konur, þar af hafa 7 brotist til auðlegðar af eigin rammleik en 61 með þeim aðferðum sem konur eru ætlaðar nú um stundir.

ÞAÐ ER ÞVÍ ÓTÍMABÆRT að óttast að konur séu að hrifsa til sín völdin. Samt er full ástæða til að halda vöku sinni því konur sem virðast ekki kunna að virða eignarrétt á valdi og heimta að því sé úthlutað eftir jafnræðisreglu eru líklegar til að vilja skipta sér af dreifingu annarra lífsgæða, jafnvel peninga svo fátíðarmúsík og fullkomlega ástæðulaust að kvíða fyrir 12. maí næstkomandi.



NÁTTÚRULEG HÆFNI
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Nissan Pathfinder SE

Stundum er staðreyndin einfaldlega sú að það besta er ódýrara. Nissan Pathfinder er jeppi í alhæsta gæðaflokki en þó er hann bestu kaupin í dag. Pathfinder er leiðandi bill á öllum sviðum, með hreint magnaðan staðalbúnað; þar má nefna 17" álfelgur, áttavita í baksýnispeglum, 6 diska geisla-spílara, regnskynjara, útrapsfjarstýringu í stýri, tvöfalda loftkælingu og gardinuloftpúða. Pathfinderinn býður upp á frábæra akstursupplifun, hvort sem er á þjóðvegnum, upp til fjalla eða í borginni.

Tilboð í mars: 32" dekk, stigbretti, dráttarkrókur, vindskaið og Garmin Nuvi 660 leiðsögutæki frítt með.

Nissan Pathfinder SE
Verð 4.950.000 kr.



Nissan Navara

Ertu að leita að hinum fullkomna pallbil? Ekkert er þér ofviða í nýja Navara, sem er einstaklega sterkbyggð, kraftmikill og spennandi í akstri. Navara er smíðaður fyrir stritíð í dagsins önn og býr að auki yfir öllu því úthaldi sem tómsundur þinar krefjast. Navara er fremstur í sínum flokki, enda mest seldi pallbillinn í Evrópu árið 2006.

Nissan Navara
Verð frá 3.060.000 kr.



Nissan Murano

Murano er lúxusjeppi sem vekur athygli hvar sem hann kemur. Murano býður upp á einstaka akstursánægju og fullkomnu þægindi, enda eru engar málamiðlanir gerðar hvað varðar búnað, hönnun og aksturseginnleika. Vélin er kraftmikil 3,5 lítra V6 og skilar 234 hestöflum.

Nissan Murano
Verð 5.490.000 kr.

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 8808

Reyðarfirði 474 1453



Brúnegg á morgnana
Hrein orka, góð næring, gott í maga
Fáðu þér eitt ..eða tvö!



BRÚNEGG
FRJÁLSAR HÆNUR
VISTVÆN EGG